


**DAÐI SNÆR SKÚLASON**

*Býr til einn jeppa úr tveimur*

Bílar Ferðir Tíska Handbolti

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




**HEIMILIÐ**

*Íslenskur arkitektúr í tólf ár*

Sérblað um hönnun og lífsstíl

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

**EDDA GUÐMUNDSDÓTTIR**

*Heldur sína fyrstu einkasýningu*

Steingrímur smíðar rammana fyrir verkin

FÓLK 62




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20. janúar 2007 — 19. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


# Þurfa að úthýsa útlendingum

**Innflytjendur eru orðnir áberandi meðal fátækra á Íslandi. Framkvæmdastjóri Alþjóðahúss gagnrýnir úrræðaleysi og mismunun sem innflytjendur sæta. Tengslanet þeirra sé mun verra en Íslendinga.**

**FÉLAGSMÁL** Útlendingar eru orðnir áberandi meðal fátækra. Starfsmenn sem veita ókeypis máltíðir segja þá sífellt fjölmennari hóp og vitað er til þess að þurft hefur verið að vísa þeim frá Gistiskýlinu í Þingholtsstræti.

Heiðar Guðnason, forstöðumaður Samhjálpar, sem sér um Kaffistofuna á Hverfisgötu sem sér um heitar máltíðir til fátækra án endurgjalds segir að fjölgun innflytjenda sem þangað leita sér hjálpar sé greinileg og standi til að taka saman tölur um fjöldann. Hann segir fordóma gagnvart útlendingum sem búa við fátækt vera jafnvel enn meiri en þegar fátæktin snertir Íslendinga. Heiðar segir að sér þyki sérstaklega erfitt að heyra að útlendingum hafi verið vísað frá Gistiskýlinu í Þingholtsstræti sem ætlað er heimilislausum Reykvíkingum.

„Gistiskýlið hefur að undanförnu verið fullt eins og það er yfirleitt alla daga. Það hefur komið fyrir að við höfum þurft að vísa útlendingum frá enda er Gistiskýlið ætlað Reykvíkingum,“ segir Jónas Jónasson, forstöðumaður Gistiskýlisins, en tekur fram að það hafi sjaldan gerst.

Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahúss, segir mjög slæmt að útlendingum sé vísað frá enda hafi þeir yfirleitt mun takmarkaðra tengslanet en Íslendingar. Hann minnir á að útlendingar séu mjög oft einnig Reykvíkingar og einhver úrræði verði að vera til fyrir það fólk sem ekki hefur öðlast borgaraleg réttindi hér á landi.

„Ég hef heyrt nokkur dæmi um slíkan húsnæðisvanda en veit ekki hversu víðtækt vandamálið er. Það hefur einnig komið upp sú staða að fólk virðist eiga miserfitt með að finna húsnæði eftir því af hvaða þjóðerni það er, en helst er það fólk frá Eystrasaltslöndunum sem á í erfiðleikum með það,“ segir Einar og minnir á að nauðsynlegt sé að samfélagið geri ráð fyrir þessum hópi nýrra og verðandi Íslendinga.

Jórunn Frímannsdóttir, formaður velferðarráðs, segir afar slæmt til þess að vita, ef rétt sé, að fólki hafi verið vísað frá Gistiskýlinu, ekki síst útlendingum þar sem þeir eiga jafnvel í enn færri hús að venda en fátækt fólk sem hefði búið hér um langt skeið.

„Við erum að reyna að flýta opnun húsnæðis fyrir tíu heimilislausar manneskjur, það á eftir að létta á Gistiskýlinu,“ segir Jórunn.

karen@frettabladid.is



**NÚ ER ÞAÐ SVART** Nokkur hræðsla greip um sig þegar rafmagn fór skyndilega af öllu skíðasvæðinu í Bláfjöllum í gærkvöldi. Öll ljós slokknuðu og skíðalyftur stöðvuðust, sumar fullar af skíðamönnum. Björgunarsveitarmenn höfðu lokið við að hjálpa öllum að komast niður úr fjallinu um klukkan hálf níu. Engin slys urðu á mönnum en margir voru nokkuð kaldir enda tíu stiga frost. Snjóbrettakapparnir á myndinni eru frá vinstri: Ágúst Atli Atlason, Kristján Júlíusson og Aron Daníelsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Rafmagn fór af Bláfjöllum:

## RÚV-bíll sleit rafmagnslínu

**ÚTIVIST Rafmagn fór af skíðasvæði Bláfjalla um sjöleytið í gærkvöldi. Björgunarsveitarmenn unnu fram eftir kvöldi við að hjálpa fólki að komast niður úr fjallinu og úr stólalyftum sem höfðu stöðvast.**

**Rafmagnsleysið varð af völdum bíls á vegum tæknideildar Ríkisútvarpsins. Ökumaðurinn sást keyra með mastur á þaki bílsins og slíta rafmagnslínu þannig að slokknaði á öllu í fjallinu.**

**„Ég gat ekki losað mastrið og þurfti því að keyra með það uppi,“ segir Óskar Ingvarsson, tæknimaður hjá RÚV, sem ók bílnum. „Það endaði með því að línan slitnaði.“**

**Sigurjón segir björgunaraðgerðir hafa gengið vel og var síðasti stóllinn tómur um klukkan hálf níu.**

**Skíðasvæðið í Bláfjöllum var opnað í gær þrátt fyrir strekking og lítinn snjó. Stólalyfturnar voru ekki opnaðar fyrr en líða tók á daginn vegna vinds og gengu allt þar til rafmagnið fór af þeim. - sþs**

Steingrímur J. Sigfússon sagði stjórnarandstöðuna sterka á flokkráðsþingi VG í gær:

## Viðrar vel til falls ríkisstjórnar

**STJÓRNMÁL** Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, segir stöðuna vænlega til að fella ríkisstjórnina. Stjórnarandstaðan, sem stillti saman strengi sína í haust um sameiginlegar áherslur í velferðarmálum, sé sterk og samhent. Þetta sagði hann í ræðu sinni á flokksráðsfundi sem hófst í gær.

Steingrímur gerði trúverðugleika að umtalsefni í ræðu sinni. Átti hann þá við trúverðugleika Vinstrihreyfingarinnar, stjórnmálamanna, stjórnmálaflokka og stjórnmála í heild sinni.

„Ég held því fullum fetum fram að við eigum þennan trúverðugleika í augum þjóðarinnar,“ sagði hann. „Það þýðir ekki að allir kjósi okkur, en þetta er dýrmætt og verður ekki af okkur tekið.“

Hann sagði flokkinn þurfa að greina stærstu og mikilvægustu lykilspurningarnar sem þjóðin þarf að svara með atkvæðaseðli, hvort sem þær séu um velferðarmál, umhverfismál, jafnréttismál eða efnahagsmál. „Okkar markmið er að það sé öruggt að atkvæði til vinstri grænna séu skýr skilaboð frá kjósendum í þessum efnum,“ sagði Steingrímur. - sþs

## LAUGARDAGUR

### Myrkir músíkdagar að hefjast



Verk eftir Atla Heimi Sveinsson hljómar á minningartónleikum um flautuleikarann Manuelu Wiesler.

MENNING 50

### Dómur um Foreldra

Kvikmyndin Foreldrar, annar helmingur tvíleiks Ragnars Bragasonar og Vesturports, var frumsýnd í gær.

KVIKMYNDIR 57

### Bogdanhatturinn með



Guðjón Guðmundsson ætlar að láta vel í sér heyra á HM.

FÓLK 62

### Fyrsti leikurinn á HM í dag



Íslenska handboltalandsliðið spilar sinn fyrsta leik á HM í Þýskalandi í dag þegar liðið mætir Áströlum. Alfreð Gíslason ætlar að byrja með sitt sterkasta lið.

ÍÞRÓTTIR 58

## VEÐRIÐ Í DAG




**ÉL NYRÐRA -** Í dag verða norðaustan 3-10 m/s, hvassast á annesjum. Bjart veður syðra en víða éljagangur á norðurhelmingi landsins. Frost 0-8 stig, kaldast inn til landsins.

VEÐUR 4










**SPURNING DAGSINS**



*Sigurður, hvað kallast það þegar heilu þingi er haldið í gíslingu?*

„Þingrán."

Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sagði á Alþingi í gær að stjórnarandstaðan hefði hneppt þingið í gíslingu með málþófi um Ríkisútvarpsfrumvarpið.

Bretar gegn veiðum Íslendinga:

## Alþjóðleg herferð gegn hvalveiðum

**HVALVEIÐAR** Bretar munu hefja alþjóðlega herferð gegn hvalveiðum Íslendinga um næstu mánaðamót. Verndarar herferðarinnar eru Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, og Sir David Attenborough, náttúrufræðingur og sjónvarpsmaður. Þetta kom fram í kvöldfréttum RÚV í gær.

Skýrt var frá því að Bretar hygðust fá í lið með sér þjóðir á borð við Búlgaríu og Tyrkland. Þjóðirnar myndu ganga í Alþjóða hvalveiðiráðið til þess að aðstoða við verndun hvalastofnanna. 72 þjóðir eru í hvalveiðiráðinu. - sþs



**ÞORRINN BLÓTAÐUR AF LEIKSKÓLABÖRNUM** Börnin á leikskólanum Mánagarði tóku þorramatnum með fögnuði. Leikskólastjórinn segir þorramatinn sífellt njóta meiri hylli meðal leikskólabarna, ekki síst hákarlinn, en kvisast hefur út meðal barnanna að maður verði sterkur með eindæmum af honum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Horfur á mildara veðri:

## Frostakafli líður brátt undir lok

**VEÐUR Loks sér fyrir endann á frostakaflanum sem staðið hefur samfellt síðan 5. janúar. Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur segir að eftir helgina, að líkindum síðla á mánudag, séu horfur á nokkuð mildara veðri.**

**„Það verður frostlaust víða um land á þriðjudag með rigningu eða súld vestan til, einkum þó norðvestan til," segir hann. „Þetta ætti að duga til að eitthvað af saltinu á götunum og snjónum skolist burt, en hverfi þó ekki þar sem það eru horfur á að hlýindin stoppi stutt við."**

**Hann segir frostleysið vafalítið mörgum kærkomið.** - sþs



**VETRARRÍKI** Rafmagn fór víða af þegar rafmagnslínur slitnuðu vegna mikillar ísingar. NORDICPHOTOS/AFP

Vetrarhörkur í Bandaríkjunum:

## Búa sig undir annað óveður

**BANDARÍKIN, AP Á meðan Bandaríkjamenn eru enn að hreinsa til eftir kuldakastið sem gengið hefur yfir nokkur ríki í miðjum Bandaríkjunum undanfarna viku er öðru kuldakasti spáð á sömu slóðum. Er nú unnið að því að safna birgðum af sandi og efnum til afísingar.**

**Rekja má að minnsta kosti 70 dauðsföll í níu ríkjum til vetrarveðursins seinustu daga. Í Oklahóma hafa 23 látist, tólf í Texas, tólf í Missouri, átta í Iowa, fjórir í New York, fjórir í Michigan, þrír í Arkansas, tveir í Norður-Karólínu, einn í Maine og einn í Indíana.**

**Tugir þúsunda heimila í nokkrum fylkjum eru enn án rafmagns.** - sdg

# Ærið fé og mikið starf í hættu

**Grunur leikur á að bændur hafi vanrækt bólusetningar og hunsað sóttvarnarlínur búfjárstofna. Sérfræðingur á Keldum segir að kæruleysið geti kostað þjóðina tugmilljónir og áratuga starf. Verður rannskakað.**

**LANDBÚNAÐUR** Rannsókn mun fara fram á hvort bændur hafi vanrækt bólusetningar og hunsað sóttvarnarlínu búfjárstofna á sýktum svæðum. Allt bendir til að svo sé. Dýralæknar sjá um bólusetninguna en bændum er skylt að láta bólusetja ásetningslömb sín í tæka tíð, það er að segja fyrir áramót, og fyrr þar sem garnaveiki hefur verið staðfest síðasta áratug. Ef rétt reynist segir Sigurður Sigurðarson, sérfræðingur á Keldum, að áratuga starfi sé líklega stefnt í hættu. „Það er mjög ógætilegt að flytja sauðfé yfir sóttvarnarlínur. Það er lögbrot og óvirðing við það starf sem unnið hefur verið. Hann segir það hafa verið að færast í vöxt á undanförnum árum að menn hunsi nauðsynlegar reglur, sem hafi dugað til að uppræta riðuveiki og garnaveiki á vissum landsvæðum, þar sem vel hefur verið staðið að öllum vörnum.

> Það virðist augljóst, að fé hafi verið flutt á milli varnarhólfa, það er að segja á milli svæða þar sem riða hefur verið vandamál og til svæða þar sem riða hefur aldrei komið upp.
>
> **SIGURÐUR SIGURÐARSON**
> SÉRFRÆÐINGUR Á KELDUM

Ein mikilvægasta varnaraðgerðin til að ná að útrýma sjúkdómum á borð við garnaveiki er bólsetning. Riða er ólæknandi búfjársjúkdómur og hefur verið reynt að stemma stigu við henni með því að skera niður allt fé sem grunur leikur á að hafi komist í nánd við smit og með banni á búfjárflutningum á milli svæða. Þessum reglum segir Sigurður afar mikilvægt að framfylgja.

Á síðasta ári fannst riða á fjórum bæjum í landinu. Tveir af þeim voru í Flóanum í Árnessýslu í haust Það var í fyrsta skipti sem riðusmit kom þar upp. Veikin fannst síðast á árinu á einum bæ í Vestur-Húnavatnssýslu og öðrum í Skagafirði. Skera þarf niður allt fé á bæjum þar sem þessi sjúkdómur kemur upp og er bændum óleyfilegt að halda fé í tvö ár eftir að sjúkdómurinn kemur upp. Reglugerð bannar einnig verslun með lifandi fé milli bæja á sýktum svæðum í tuttugu ár eftir síðasta riðutilfelli en skipulagt viðnám við sjúkdómnum hófst fyrir um þrjátíu árum. Sú barátta er talin hafa skilað miklum árangri segir Sigurður. Því er ólíðandi að fólk fari að stefna þessu mikla starfi í voða með óvarlegu framferði. „Það virðist augljóst, að fé hafi verið flutt á milli varnarhólfa, það er að segja á milli svæða þar sem riða hefur verið vandamál og til svæða þar sem riða hefur aldrei komið upp. Þetta er glæfralegt," segir Sigurður. Eftirliti með bólusetningu segir hann einnig vera ábótavant og verður málið rannsakað. karen@frettabladid.is



**RIÐA OG GARNAVEIKI** Reynt hefur verið að stemma stigu við þessum skæðu sjúkdómum í búfénaði með áratuga starfi. Því virðist nú stefnt í voða.

## Þurfa að farga öllu fénu



„Þær eru enn lifandi en þeim verður öllum fargað eftir helgi. Tjónið er gífurlegt," segir Garðar Valur Gíslason, þrítugur bóndi í Húnavatnssýslu þar sem hinn skæði búfjársjúkdómur riða hefur komið upp.

Garðar og kona hans Maríanna Eva Ragnarsdóttir höfðu nýlega byggt fjárhús á bænum Stórhóli í Húnavatnssýslu. Stofninn sem þau höfðu komið upp var 550 kindur en auk fjárins hafa þau nokkur hross. Fella verður allt þeirra fé vegna þessa sjúkdóms sem uppgötvaðist rétt fyrir jól. „Það var ekki hægt að fella þær strax vegna jólafría," segir Garðar sem segir tjónið ekki aðeins gífurlega mikið fjárhagslega heldur einnig tilfinningalega.

Riðuveiki eða riða í sauðfé er smitandi sjúkdómur í heila og mænu, kvalafullur og langvinnur. Algengast er að kindur veikist rúmlega eins til fjögurra vetra. Skemmdir sem verða í heilanum leiða til einkenna frá taugakerfi svo sem ótta, öryggisleysis og fælni. Oft sést og finnst hárfínn titringur eða skjálfti og tannagnístur heyrist nær alltaf í riðuveikum kindum.

Garðar og Maríanna fá tjónið að einhverju leyti bætt úr ríkissjóði. Eftir að dýrunum hefur verið lógað taka við mikil og vandasöm þrif á útihúsunum auk þess sem lög banna bændum að halda sauðfé í tvö ár eftir að riða hefur komið upp. Þau eru óviss um hvað tekur við eftir þetta áfall.

„Við vitum ekkert á hverju við eigum að lifa þessi tvö ár en við ætlum að reyna aftur. Mesta vandamálið verður þó að koma sér aftur upp fjárstofni," segir Garðar. karen@frettabladid.is

BÍLL DAGSINS
SUBARU LEGACY WAGON
Nýskr. 12.96 - Sjálfskiptur - Ekinn 172 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

Tekjur af laxveiði tæpar 400 milljónir í fyrra:

## Dýrustu laxarnir á 44 þúsund stykkið

**VEIÐI** Heildartekjur af 16 laxveiðiám í fyrsta og öðrum flokki jukust um 14,6 prósent milli áranna 2005 og 2006, og voru 397,1 milljón króna í fyrra, að því er fram kemur í samantekt Landssambands Veiðifélaga. Verð á veiddan lax árið 2006 var hæst 44.049, en ekki fæst uppgefið í hvaða á það var.

Heildartekjur af ám í fyrsta flokki voru ríflega 340 milljónir króna á síðasta ári, en í fyrsta flokki eru átta ár sem gáfu hver um sig frá 839 til 2.206 laxa að meðaltali yfir 5 ára tímabil. Tekjurnar af ám í öðrum flokki, sem eru átta ár sem gefið hafa frá 155 löxum up í 615 laxa árlega á 5 ára tímabili, voru rúmar 57 milljónir króna á síðasta ári.

> Það er mikil eftirspurn eftir veiði og veiðin hefur verið mjög ásættanleg í ánum.
>
> **ÓÐINN SIGÞÓRSSON**
> FORMAÐUR LANDSSAMBANDS VEIÐIFÉLAGA

„Það er mikil eftirspurn eftir veiði og veiðin hefur verið mjög ásættanleg í ánum. Þetta hefur leitt til þess að verðlag hefur farið hækkandi," segir Óðinn Sigþórsson, formaður landssambandsins.

Verð á hvern veiddan lax var að meðaltali 28.618 krónur í fyrsta flokks ánum á síðasta ári, en 22.657 fyrir hvern lax í annars flokks ánum. - bj

Fyrirspurn um Vinaleiðina:

## Skólanefndir tregar til svars

**MENNTUN** Skólanefndir Mosfellsbæjar, Garðabæjar og Álftaness, hafa verið í rúmlega tvo mánuði að svara fyrirspurn Heimilis og skóla um Vinaleið Þjóðkirkjunnar. „Þetta er örugglega lengri tími en fór í að taka ákvörðun um þessa þjónustu," segir María K. Gylfadóttir, formaður samtakanna.



**MARÍA K. GYLFADÓTTIR**

Að sögn Maríu voru svör frá Garða- og Mosfellsbæ póstlögð í vikunni. Ólafur Proppé, formaður skólanefndar Álftaness, engu svarað síðan í nóvember. Ólafur hefur tjáð Fréttablaðinu að svörin séu í undirbúningi og verði send fyrir mánaðarlok. - kóþ

Fíton/SÍA

# Útsala



## Enn meiri afsláttur!

Stærsta og fjölbreyttasta útsala landsins stendur nú sem hæst. Komdu og sjáðu hvort þú finnur ekki það sem þig hefur alltaf langað í á frábæru verði.

**Opið 10–18 í dag**

| Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10.00–18.30 | 10.00–21.00 | 10.00–19.00 | 10.00–18.00 | 13.00–17.00 |

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

**Nýtt kortatímabil**

Kringlan

## GENGIÐ 19.01.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 69,43 | 69,77 |
| Sterlingspund | 136,91 | 137,57 |
| Evra | 89,96 | 90,46 |
| Dönsk króna | 12,067 | 12,137 |
| Norsk króna | 10,767 | 10,831 |
| Sænsk króna | 9,872 | 9,930 |
| Japanskt jen | 0,5723 | 0,5757 |
| SDR | 103,62 | 104,24 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 123,8134

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Verð á kjöti mun lækka í kjölfar tollabreytinga segir hagfræðingur Bændasamtakanna sem segir forstjóra Haga í áróðursstríði:

# Breytingar á tollum leiða til lækkunar

**VERSLUN** Hagfræðingur Bændasamtaka Íslands segir augljóst að verð á innfluttum kjötvörum muni lækka í kjölfar breytinga á búvörutollum. Hún segir forstjóra Haga augljóslega í áróðursstríði, en hann hefur sagt að tollalækkanir muni ekki leiða til verðlækkunar.

Erna Bjarnadóttir, hagfræðingur bændasamtakanna, segir að margir málsmetandi menn hafi lagt sig fram við að gera lítið úr því sem ríkisstjórnin telur að breytingar á virðisaukaskatti, vörugjöldum og tollum eigi að skila til lækkunar matarverðs.

Á síðasta ári var boðinn út tollfrjáls innflutningur á 312 tonnum á kjöti, og með þeim samningi sem stjórnvöld hafa nú náð við Evrópusambandið bætast 670 tonn við. Þar með þrefaldast tollfrjáls innflutningur á kjöti.



ERNA BJARNADÓTTIR

Aðföng, innflutningsfyrirtæki Haga, fengu um 90 prósent af tollkvóta fyrir alifuglakjöt fyrir tímabilið júlí 2006 til júní 2007, þegar hann var boðinn út. Meðalverð sem greitt var fyrir kvótann var 719 krónur á kílógramm, en hæsta verðið 800 krónur á kílógramm.

Þeir sem ekki fengu kvóta, eða flytja inn meira en sem nemur kvótanum, þurfa að greiða fullan toll. Séu til dæmis fluttar inn danskar kjúklingabringur þarf að greiða af þeim 30% verðtoll, og til viðbótar 900 króna magntoll. Erna segir algengt verð á kjúklingabringum í Danmörku hafa verið rúmar 400 krónur á kílógrammið, komnar hingað til lands. Ofan á það leggist svo 1.020 króna skattur á hvert kílógramm.

Ef tollar lækka um 40% eins og rætt hefur verið um verður tollurinn á þessar sömu kjúklingabringur um 625 krónur á hvert kílógramm, eða um 100 krónum undir því meðalverði sem greitt var fyrir tollkvóta.

Erna segir ljóst af dæmum á borð við þetta að verð hljóti að lækka. Ef Aðföng sjái sér hag í að greiða í það minnsta 719 krónur á hvert kíló á tollkvótum hljóti fyrirtækið að geta hugsað sér að flytja inn ef tollurinn verði 625 krónur. Þegar við það bætist að tollfrjáls innflutningur þrefaldist sé ljóst að innlendum framleiðendum verði veitt mjög öflugt aðhald, sem hljóti að leiða til lægra verðs.

-bj

Ný dönsk orkumálaáætlun:

# Endurnýjanleg orka tvöfölduð

**DANMÖRK, AP** Danska stjórnin kynnti í gær áform um að skera niður notkun jarðefnaeldsneytis um 15 prósent og að tvöfalda notkun endurnýjanlegra orkugjafa fram til ársins 2025.

„Danmörk verður að verða minna háð jarðefnaeldsneyti á borð við olíu, jarðgas og kol, til lengri tíma litið,“ sagði Anders Fogh Rasmussen forsætisráðherra. Hann sagði hina „metnaðarfullu áætlun“ gera ráð fyrir að endurnýjanleg orka svo sem frá vindmyllum, vetni og lífrænu eldsneyti yrði komin í 30 prósent af heildarorkunotkun í landinu að átján árum liðnum. Þetta hlutfall stendur nú í fimmtán prósentum.

- aa



**HARMI SLEGIN** Nágrannar og vinir blaðamannsins Hrants Dink bíða frétta. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Morð í Istanbúl:

# Armeni féll fyrir byssuskoti

**ISTANBÚL, AP Blaðamaðurinn Hrant Dink var skotinn til bana úti á götu í Istanbúl í gær við innganginn að ritstjórnarskrifstofum dagblaðsins þar sem hann starfaði.**

**Hrant Dink var af armenskum ættum og einn helsti málsvari armenska minnihlutans í Tyrklandi. Hann hefur oft verið lögsóttur fyrir að tala opinskátt um fjöldamorð á Armenum, sem Tyrkir frömdu snemma á síðustu öld. Hann hafði einnig oft fengið hótanir frá tyrkneskum þjóðernissinnum.**

- gb

# Nær fimmtíu farast í fárviðri í Evrópu

**Tré rifnuðu upp með rótum í miklu fárviðri í Evrópu sem veðurfræðingar voru búnir að spá fyrir um. Fleiri hafa ekki látist vegna óveðurs í Evrópu síðan árið 1999. Samgöngur í álfunni voru smám saman að komast í samt lag í gær.**

**ÞÝSKALAND, AP** Víða í Evrópu var unnið að því að koma þjónustu í samt lag í gær eftir fárviðrið sem gengið hefur yfir álfuna. Vindstyrkurinn var það mikill að tré rifnuðu upp með rótum og slitu í sundur rafmagnslínur og skemmdu byggingar. Tugir þúsunda voru strandaglópar þegar samgöngur stöðvuðust.

Vitað var um 47 dauðsföll vegna veðurhamsins; fjórtán í Bretlandi, tólf í Þýskalandi, sex í Hollandi, sex í Póllandi, fjögur í Tékklandi, þrjú í Frakklandi og tvö í Belgíu. Er þetta mesta mannfall vegna óveðurs í Evrópu síðan árið 1999 þegar tré rifnuðu upp í fárviðri og mikil snjókoma kom af stað snjóflóðum sem ollu dauða fleiri en 120 manns.

> Veðurfarsfræðingar voru búnir að spá stormi um þetta leyti árs í þessum hluta Evrópu þar sem óvenjuleg hlýindi eru í Norður-Atlantshafi, sem er 0,5 til 1 gráðu heitara en venjulega.

Flestir þeirra sem létust í fárviðrinu nú voru ökumenn en tveir slökkviliðsmenn létust í Þýskalandi, annar þegar tré féll ofan á hann og hinn úr hjartaáfalli. Einnig lést 18 mánaða gamalt ungabarn í Þýskalandi þegar hurð sem hafði rifnað af hjörunum í vindinum datt á það. Þá lést smábarn í Bretlandi þegar veggur úr múrsteinum gaf sig undan vindinum og hrundi yfir barnið.




Veðurfarsfræðingar voru búnir að spá stormi um þetta leyti árs í þessum hluta Evrópu þar sem óvenjuleg hlýindi í Norður-Atlantshafi, sem er 0,5 til 1 gráðu heitara en venjulega, valda því að lægðir safna í sig meiri raka og auka við það orku sína.

Flugsamgöngur gengu víðast hvar eðlilega fyrir sig í gær þó einhverjar seinkanir hefðu verið um morguninn. Lestarsamgöngur gengu sums staðar erfiðlega vegna skemmda og braks á teinum. Nánast allt lestakerfi Þýskalands lamaðist meðan versta veðrið gekk yfir. Var þýskum farþegum ráðlagt í gær að aflýsa öllum ónauðsynlegum ferðum.

Tölvusérfræðingar í Finnlandi gáfu út sérstaka viðvörun vegna óprúttinna einstaklinga sem nýttu sér aðstæður til að dreifa skaðlegum tölvupósti sem sýkti tölvur. Var um að ræða tölvupóst með svokölluðum trójuhesti sem leit út fyrir að vera frétt um óveðrið. Tíu þúsund tölvur höfðu sýkst í gær.

sdg@frettabladid.is



**FRÁ ALÞINGI** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir fylgist með Valdimar L. Friðrikssyni stíga úr pontu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Helgarhlé á RÚV-umræðum:

# Rætt um RÚV í 47 klukkutíma á fimm dögum

**STJÓRNMÁL Hlé var gert á fundum Alþingis klukkan fimm í gær en þá höfðu umræður um frumvarpið um Ríkisútvarpið ohf. staðið síðan fyrir hádegi.**

**Síðan þing kom saman eftir jólahlé hefur 47 klukkustundum verið varið í umræður um frumvarpið. Er þá undanskilinn sá tími sem farið hefur í málið undir liðunum fundarstjórn forseta og störf þingsins. Önnur mál hafa ekki verið rædd í þinginu, nema hvað umræða utan dagskrár var um Byrgismálið í gær.**

**Næsti þingfundur verður á mánudag.**

- bþs

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### 9 teknir ölvaðir

Níu ökumenn voru teknir fyrir ölvunarakstur í umdæmi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu frá fimmtudagsmorgni til föstudagsmorguns. Fimmtán ökumenn voru teknir fyrir of hraðan akstur. Auk þess urðu 32 minniháttar umferðaróhöpp.




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HLÝNAR EFTIR HELGI**

Sjaldan hef ég orðið fyrir eins miklu spurningaflóði um hvenær hlýni eins og verið hefur síðustu daga. Þó veðrið hafi verið mjög fallegt víða síðustu daga og vikur eru margir orðnir dálítið þreyttir á frostinu. Það á auðvitað ekki við um alla en ég held ég geti fullyrt að sumir af hörðustu aðdáendum frosts hafi snúið við því bakinu. Það er ekki síst skítugar götur mettaðar salti, sem hafa áhrif á óskir um hlýindi. Hlýindi eru semsé á leiðinni.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Norðaustan 3-8 m/s og bjart veður. Frost 2-5 stig.

*um hádegi »*



*» á morgun*



3-8 m/s.

*» mánudagur*



5-10 m/s

*um hádegi »*

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7°C | rigning | London | 12°C skúrir | | Alicante | 18°C heiðskírt |
| Þórshöfn | 6°C | skúrir | París | 13°C skúrir | | Mallorca | 18°C heiðskírt |
| Osló | -5°C | rigning | Frankfurt | 12°C skúrir | | Algarve | 19°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 1°C | hálfskýjað | Friedrichshafen | 11°C hálfskýjað | | Krít | 16°C heiðskírt |
| Gautaborg | 7°C | rigning | Berlín | 12°C rigning | | Las Palmas | 21°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# SPRENGI VIKA

**Sama lága** verðið um land allt

**18.-28. janúar**

# 30-70% afsláttur

## af **öllum** hreinlætistækjum

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

KJÖRKASSINN



*Viltu snjóinn burt?*

| | |
|---|---|
| Já | 59,8% |
| Nei | 40,2% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

*Eiga þingmenn að hafa ótakmarkaðan ræðutíma?*

Segðu skoðun þína á vísir.is vísir

Lúðvík Bergvinsson spyr hvernig Framsókn ætli að axla ábyrgð á Byrgismálinu:

# Margir borið mikla ábyrgð

**STJÓRNMÁL** „Hvernig ætlar Framsóknarflokkurinn að axla ábyrgð?“ spurði Lúðvík Bergvinsson Samfylkingunni í umræðum um Byrgismálið á Alþingi í gær.

Lúðvík var málshefjandi í umræðunni og rakti málavöxtu. Sagði hann 2-300 milljónir króna hafa runnið úr ríkissjóði til Byrgisins eftirlitslaust vegna afglapa í félagsmálaráðuneytinu og á því bæri félagsmálaráðherra ábyrgð.

Jón Sigurðsson iðnaðarráðherra var til andsvara í fjarveru Magnúsar Stefánssonar félagsmálaráðherra. Hann dró ekki úr alvarleika málsins og sagði ábyrgð félagsmálaráðherra liggja fyrir. Kvað hann ráðherrann ekki hafa skotið sér undan ábyrgð sinni heldur – þvert á móti – bæri hann einmitt ábyrgð á að málið var upplýst.



LÚÐVÍK BERGVINSSON

Birkir Jón Jónsson Framsóknarflokki sagðist taka hluta ábyrgðarinnar á sig en sagðist hafa treyst þeim sem eiga að hafa eftirlit með framkvæmd fjárlaga. „Hér er einfaldlega um röð mistaka að ræða,“ sagði Birkir.

Steingrímur J. Sigfússon VG sagði það vægt til orða tekið að segja málið vont fyrir Framsóknarflokkinn. „Framsóknarflokknum tekst einhvern veginn að vera undir, yfir og allt um kring í þessu máli.“

Lúðvík Bergvinsson benti svo að endingu á að málið væri dýrt. „Þetta eru dýr afglöp og ýmsir þurfa að bera mikla ábyrgð með því að fremja sambærileg afglöp.“

- bþs

Stækkun álvers í Straumsvík:

# Vill ekki gefa upp niðurstöðu

**STÓRIÐJA Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Alcan sem rekur álverið í Straumsvík, vill ekki greina frá niðurstöðunum úr skoðanakönnun sem fyrirtækið lét Capacent Gallup gera meðal 800 Hafnfirðinga um viðhorf þeirra til fyrirhugaðrar stækkunar álversins í Straumsvík.**

**Hrannar segir að ákveðið hafi verið að segja starfsmönnum álversins frá niðurstöðunum „áður en þeir lesa um þær í blöðum“. Hann segir að það hafi alltaf staðið til að greina frá niðurstöðunum á þennan hátt en segir að greint verði frá niðurstöðunum opinberlega í kjölfarið.**

- ifv



MIÐSKÓGAR 8 Sjávarlóðin umdeilda.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Sjávarlóðin á Álftanesi:

# Kærufresturinn var liðinn

**STJÓRNSÝSLA Kæra sem Henrik Thorarensen, eigandi lóðarinnar Miðskógar 8 á Álftanesi, hugðist leggja fram hjá úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála verður ekki tekin fyrir hjá nefndinni. Ástæðan er sú að kærufrestur var liðinn. Henrik hugðist kæra þá ákvörðun bæjaryfirvalda á Álftanesi að synja honum um byggingarleyfi á Miðskógum 8 sem er sjávarlóð framan við hús Kristjáns Sveinbjörnssonar, forseta bæjarstjórnar Álftaness. Henrik telur Kristján hafa beitt sér með óeðlilegum hætti í málinu en því hafnar Kristján.**

- gar

LÖGREGLUFRÉTTIR

### Á 131 km hraða

Lögreglan á Suðurnesjum stöðvaði ökumann á 131 km hraða á Reykjanesbraut um klukkan hálfeitt aðfaranótt föstudags. Auk þess stöðvaði lögreglan einn ökumann ökumann á 114 km hraða.



URRIÐAFOSS Í ÞJÓRSÁ Neðsta virkjunin af þremur í neðri hluta Þjórsár er ætlaður staður við fossinn. Þeim fyrirætlunum hefur verið mótmælt að undanförnu. Tvær efri virkjanirnar eru Hvammsvirkjun sem er efst og Holtavirkjun.

# Er eignarnám réttlætanlegt?

**Frambjóðendur stjórnarandstöðunnar í Suðurkjördæmi segja eignarnám á landi vegna virkjana við Neðri-Þjórsá óréttlætanlegt. Landbúnaðarráðherra telur að ekki muni reyna á eignarnámsákvæði raforkulaga.**

**VIRKJUNARMÁL** Frambjóðendur stjórnarandstöðuflokkanna í Suðurkjördæmi telja eignarnám ekki réttlætanlegt ef samningar nást ekki við landeigendur í frjálsum samningum vegna virkjana í Neðri-Þjórsá. Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra bendir á að raforkulögin frá 2003 leyfi eignarnám og í því ljósi sé það réttlætanlegt. Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra telur að ekki komi til þess að beita eignarnámsákvæðinu. Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, minnir á að eignarnámsákvæðið byggi á stjórnarskrárákvæðum og treysta verði að slík ákvæði séu virt. Fréttablaðið innti efstu menn á framboðslistum í Suðurkjördæmi eftir því hvort þeir telji réttlætanlegt að beita eignarnámsákvæði raforkulaga frá 2003 ef Landsvirkjun nær ekki samningum við landeigendur í frjálsum samningum.

Landsvirkjun hefur um nokkurra ára skeið unnið að undirbúningi virkjana í Neðri-Þjórsá vegna stækkunar álversins í Straumsvík. Fyrirhugað er að reisa þrjár virkjanir: Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun. Íbúar fjögurra sveitarfélaga eiga landréttindi á því svæði sem snýr að virkjununum: Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Rangárþing ytra, Ásahreppur og Flóahreppur. Mikið af því landi er í einkaeigu.

svavar@frettabladid.is

## RAFORKULÖG 2003 NR. 65

**23. gr. Eignarnám.** Nú nær fyrirtæki ekki samkomulagi við landeiganda eða eiganda orkulinda vegna framkvæmda á grundvelli laga þessara, þar með talið um endurgjald fyrir landnot, vatnsréttindi, jarðhitaréttindi eða aðrar orkulindir, og getur ráðherra þá tekið eignarnámi nauðsynlegt land, landgæði, mannvirki, aðstöðu og önnur réttindi landeiganda að því leyti sem nauðsyn ber til. Ráðherra afhendir viðkomandi fyrirtæki þau verðmæti sem tekin eru eignarnámi. Ráðherra getur heimilað fyrirtækinu að framkvæma eignarnámið og ber það allan kostnað af eignarnáminu.

## HEIMILT SAMKVÆMT LÖGUM

„Raforkulögin eru þannig að þetta er heimilt. Ég veit hins vegar ekki hvernig þetta mál stendur eða hverjar aðstæður eru í einstökum málum, þannig að ég get ekki svarað fyrir einstök mál,“ segir Árni M. Mathiesen, fjármálaráðherra og efsti maður á lista Sjálfstæðisflokksins. „Lögin leyfa eignarnám og því er það í prinsippinu réttlætanlegt, en auðvitað getur það verið misjafnt eftir einstökum tilfellum.“



ÁRNI M. MATHIESEN

## VERÐUR AÐ FARA VARLEGA

„Fara verður afar varlega í að beita eignarnámsákvæðinu. Það á að leita allra leiða til að ná samningum við landeigendur og bændur áður en slík ákvörðun yrði tekin,“ segir Magnús Þór Hafsteinsson, efsti maður á lista Frjálslynda flokksins árið 2003. „Ákvörðun verður að taka að mjög vel athuguðu máli ef menn á annað borð ákveða að fara í þessar framkvæmdir.“



MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON

## EIGNARNÁM ÓRÉTTLÆTANLEGT

„Því fer víðsfjarri að réttlætanlegt sé að beita eignarnámsákvæðinu,“ segir Atli Gíslason, efsti maður á lista Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í Suðurkjördæmi. „Það er grundvallarskilyrði eignarnáms að það sé brýn nauðsyn og að almannaheill sé í húfi. Hvorugt skilyrðið er uppfyllt og ég tel þessar virkjanir hafa óafturkræf umhverfisspjöll í för með sér sem er andstætt alþjóðalögum og skuldbindingum okkar.“



ATLI GÍSLASON

## ÞURFA AÐ SÝNA VIRÐINGU

„Ég tel það skyldu Landsvirkjunar, sem komin er með þetta mál í gegnum umhverfismat, að sýna landeigendum þá virðingu að semja við þá,“ segir Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra. „Ég hef ekki heyrt annað en menn séu tilbúnir að setjast að samningaborði. Ég á því ekki von á því að til þess komi að beita þessu ákvæði, ef af þessum virkjunum verður. Það þarf líka að kynna þessi mál vel, sem hefur verið ábótavant.“



GUÐNI ÁGÚSTSSON

## VIRÐA Á STJÓRNARSKRÁNA

„Eignarnámsákvæðið byggir á stjórnarskrárákvæðum og menn eiga því vernduð réttindi, hagsmuni og eignir því samkvæmt,“ segir Jón Sigurðsson, iðnaðarráðherra. „Við verðum að treysta því að slík ákvæði séu virt og að auki þarf að staðfesta fyrir dómi að um almannahagsmuni sé að ræða. Sé það sannað fá menn að sjálfsögðu fullar bætur fyrir.“



JÓN SIGURÐSSON

## LANDSVIRKJUN Á AÐ SEMJA

„Það er ekki réttlætanlegt að beita eignarnámsákvæðinu. Þar kveður á um brýna hagsmuni þjóðarinnar og í þessu tilfelli tel ég að ekki sé um slíka hagsmuni að ræða,“ segir Björgvin G. Sigurðsson, efsti maður á lista Samfylkingarinnar, „Landsvirkjun ber að ná samningum við landeigendur, eigi þessar framkvæmdir að ganga fram í þessari mynd. Mitt svar er því afdráttarlaust.“



BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON



# götu markaður verðhrun

## á fatnaði og skóm

## Einungis 4 verð í gangi

enn meiri verð-lækkun



nú á allt að seljast

# 500kr

# 1000kr

# 1500kr

# 2000kr

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Bráðabirgðaniðurstöður rannsókna Hafrannsóknastofnunar í Grundarfirði:

# Súrefnisskortur olli fiskdauða

**UMHVERFISMÁL** Starfsmenn Hafrannsóknastofnunar hafa að undanförnu rannsakað fiskdauða í eldiskví hjá Guðmundi Runólfssyni hf. í Grundarfirði 9. janúar. Niðurstöður rannsóknanna benda til þess að ástæða fiskidauðans sé súrefnisskortur. Talið er að mikið magn síldar í firðinum hafi orsakað lágt súrefnisinnihald sjávar og hafi valdið því að þorskurinn í kvínni drapst. Þetta er þekkt fyrirbrigði, til dæmis í norskum fjörðum þar sem vetursetustöðvar norsk-íslensku síldarinnar eru.



**FRÁ GRUNDARFIRÐI** Mikil síldargegnd er talin hafa orsakað fiskdauða í þorskeldi í firðinum. Slíkt er þekkt fyrirbæri.

Rannsóknirnar sýndu að sjórinn í firðinum var heldur kaldari og með lægra seltumagn en sjórinn fyrir utan. Það er talin ástæða þess að síldin leitar inn í fjörðinn, en síld heldur sig gjarnan í köldum sjó yfir veturinn, í svokallaðri vetursetu.

Myndatökur með neðansjávarmyndavél sýna að nokkuð var um dauðan fisk næst kvínni en minna annars staðar í firðinum. Myndatökur sýndu einnig lítilsháttar magn af dauðum þorski en hvergi var um verulegt magn að ræða. Dauð síld sást jafnframt á botninum en í litlum mæli. Því benda myndatökur ekki til þess að um stórfelldan fiskdauða utan kvíar hafi verið að ræða.

Dagana sem rannsóknirnar fóru fram var síld víða í firðinum, einkum á því svæði þar sem súrefni var hvað minnst. Ekki hefur enn náðst magnmæling á síldinni en fyrirhugað er að mæla á rannsóknaskipinu Bjarna Sæmundssyni á næstu dögum. - shá

# Telja gögnum hafa verið leynt viljandi

**Oddviti Samfylkingar í bæjarstjórn Kópavogs sakar meirihlutann um að hafa leynt skýrslu um neikvæð áhrif uppbyggingar í Glaðheimum á umferðarmál. Bæjarstjórinn segir engu hafa verið leynt og að umferðin verði ekki vandamál.**

**STJÓRNSÝSLA** „Ef þessum upplýsingum hefur verið haldið frá okkur þegar málið var afgreitt þá er það brot á stjórnsýslulögum,“ segir Guðríður Arnardóttir, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Kópavogi.

Bæjarstjórn Kópavogs afgreiddi nýtt skipulag fyrir Glaðheimasvæðið 14. nóvember síðastliðinn. Guðríður segir að nokkrum vikum áður, þann 24. október, hafi Kópavogsbæ borist alvarlegar athugasemdir frá bæjaryfirvöldum í Garðabæ sem sögðu að með fyrirhugaðri byggð myndi vegakerfið í nágrenninu springa. Þetta segir Guðríður að hafi ekki verið kynnt bæjarfulltrúum áður en þeir samþykktu skipulag Glaðheima. „Þá voru þessar athugasemdir búnar að liggja einhvers staðar á bæjarskrifstofunum í þrjár vikur,“ segir hún.

Guðríður telur að með því að leyna skýrslu Garðbæinga viljandi hafi meirihlutinn í bæjarstjórn brotið stjórnsýslulög. „Það gæti þýtt að þessi afgreiðsla á skipulaginu frá í nóvember hafi verið ólögmæt. Réttur bæjarfulltrúa til upplýsinga og skylda þeirra til að upplýsa okkur er sterk og afdráttarlaus,“ segir hún.

Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, segist vísa fullyrðingum Guðríðar um að gögnum hafi verið leynt algerlega á bug. „Til hvers ættum við að vera að því?“ spyr bæjarstjórinn og bætir við: „Það mætti halda að hún væri að vinna fyrir Garðabæ en ekki Kópavog þessi manneskja. Hún verður að fara aftur í frumbernskuna og læra að segja satt áður en hún fer að taka þátt í pólitík.“

Gunnar segir athugasemdir fyrst hafa borist frá Garðabæ á meðan Glaðheimasvæðið var enn í skipulagningu. „Þær voru sendar, eins og allar athugasemdir, til skipulagsnefndar, en ekki inn í bæjarráð,“ segir hann.

Að sögn Gunnars sendu Garðbæingar síðar nýja athugasemd í desember til umhverfisráðherra sem þá hafi verið kominn með málið á sitt borð. Um þetta bréf hafi hann ekki vitað, frekar en Guðríður, fyrr en afrit þess var sent frá ráðuneytinu til bæjarins.

Ennfremur segir Gunnar það misskilning hjá Garðbæingum að fyrirhuguð byggð í Glaðheimum muni sprengja vegakerfið.

„Nú er verið að tvöfalda Reykjanesbrautina þannig að við sjáum ekki annað en að umferðarmálin gangi þarna alveg í gegn. Það er eins og við hefðum farið að gagnrýna þá fyrir uppbyggingu á Kauptúnum. Það er komið IKEA þangað suður eftir sem stíflar Reykjanesbrautina frá föstudegi til sunnudagskvölds.“ gar@frettabladid.is



**GLAÐHEIMAR OG HNOÐRAHOLT** Garðbæingar telja að mikil uppbygging á núverandi hesthúsasvæði í Glaðheimum muni leiða til þess að vegakerfið springi. Gunnar I. Birgisson segir það vera misskilning. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



**GUNNAR I. BIRGISSON**



**GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR**







**Flatahraun 1**
220. Hafnarfirði
Opið hús Sunnud.21.jan kl. 14-15:00

**Verð: frá 17,5-?**
Stærð: 58-148fm
Fjöldi herbergja: 2-3-4
Byggingarár: 2006
Bílskúr: bílskýli

Glæsilegar og vel hannaðar 2-3-4 herb.íbúðir í nýju 5hæða fjölbýlishúsi í hjarta Hafnarfjarðar. Tvær lyftur í húsinu. Bílastæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum. Allar íbúðir m/þvottahús innan íbúðar og flestar m/geymslu.Íbúðirnar á 1,2og 3.hæð eru tilbúnar en aðrar íbúðir verða afhentar í mars.07 Íbúðirnar verða afhentar tilbúnar án gólfefna utan baðherb.sem er flísalagt. Allar innréttingar og hurðar eru úr eik. Efsta hæðin eru penthouse íbúðir m/rosalegu útsýni.

RE/MAX LIND
Þórarinn Jónsson hdl. lögg. fasteignasali
Brynjólfur Sölufulltrúi 820 8080 binni@remax.is
Guðbergur Sölufulltrúi 893 6001 beggi@remax.is

HAPPDRÆTTI BÓKATÍÐINDA

Á hverjum degi desembermánaðar voru dregnir út veglegir happdrættisvinningar.

*Bókaúttekt að andvirði 15.000 kr.*

Happdrættisnúmerið þitt finnur þú í Bókatíðindum 2006 á blaðsíðu 249.

Vinninga ber að vitja í næstu bókabúð fyrir 1. maí 2007 gegn framvísun baksíðu Bókatíðindanna.

*Númer sem dregin voru út eru:*

| | |
|---|---|
| 1. des: 090691 | 13. des: 066802 |
| 2. des: 088144 | 14. des: 010799 |
| 3. des: 095685 | 15. des: 025279 |
| 4. des: 106130 | 16. des: 000068 |
| 5. des: 022269 | 17. des: 072121 |
| 6. des: 011721 | 18. des: 030281 |
| 7. des: 056451 | 19. des: 074492 |
| 8. des: 047200 | 20. des: 000794 |
| 9. des: 014990 | 21. des: 001573 |
| 10. des: 027358 | 22. des: 001925 |
| 11. des: 000527 | 23. des: 109542 |
| 12. des: 061088 | 24. des: 046978 |

FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

GULL BYLGJAN 909



Íslenska á vinnustað – já takk

Aðildarfyrirtæki SI eru hvött til að bjóða erlendu starfsfólki kennslu í íslensku. Fyrirtækin geta, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, sótt um styrk til kennslunnar hjá menntamálaráðuneytinu. Umsóknarfrestur rennur út 2. febrúar næstkomandi. Sjá nánar á www.mrn.is

Styrkir til íslenskukennslu fyrir erlent starfsfólk byggjast ásamþykkt ríkisstjórnarinnar frá 10. nóv.sl. Verkefnið er í umsjón menntamálaráðuneytisinsog til þess verður varið 100 millj. kr. á þessu ári.

SI Samtök iðnaðarins

SPRON innlánsreikningar




ARGUS

# Frábær ávöxtun

## innlánsreikninga SPRON 2006

Á meðfylgjandi samanburðartöflu, sem birtist í Morgunblaðinu 18. janúar 2007, má sjá að ávöxtun innlánsreikninga SPRON árið 2006 var hreint út sagt frábær enn eitt árið í samanburði við ávöxtun annarra banka og sparisjóða.

**Kynntu þér innlánsreikninga SPRON** í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is

spron




**REGNHLÍF Í RUSLI** Mikið hvassviðri gekk yfir meginland Evrópu í gær. Þessi regnhlíf hefur greinilega ekki gert mikið gagn í veðurofsanum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forseti Venesúela vill koma á byltingarlögum í landinu:

# Chavez sækir sér aukin völd

**VENESÚELA, AP** Þjóðþing Venesúela samþykkti einróma í fyrradag lagafrumvarp sem veitir forseta landsins, Hugo Chavez, vald til að stjórna með tilskipunum í eitt og hálft ár. Síðari atkvæðagreiðsla fer fram í næstu viku. Er þetta lykilskref í framrásinni í átt að sósíalisma sem hinn vinstrisinnaði leiðtogi hefur talað um.

Chavez segist sækjast eftir þessum völdum til að koma á „byltingarlögum“ sem þýði pólitískar, efnahagslegar og félagslegar umbætur ásamt bættara þjóðaröryggi og vörnum. Meðal fyrirætlana Chavez er að þjóðnýta orku- og fjarskiptafyrirtæki landsins.

Þingið er einungis skipað stuðningsmönnum Chavez eftir að andstöðuflokkarnir sniðgengu kosningarnar árið 2005 að sögn vegna gruns um að ekki yrði staðið heiðarlega að þeim.

Stjórnmálamaður úr stjórnarandstöðunni, Gerardo Blyde, gagnrýndi nýju lögin harðlega. „Það sem er að koma í ljós er að völdin eru orðin að einu valdi í Venesúela – Hugo Chaves.“

Chavez hefur skipað nefnd sem ætlað er að leggja til breytingar á stjórnarskrá landsins. Vill hann afnema takmarkanir á valdatíma forseta sem myndi gera honum kleift að bjóða sig fram til forseta á ný árið 2012. Chavez hefur lýst yfir að þjóðin muni kjósa um stjórnarskrárbreytingarnar í þjóðaratkvæðagreiðslu sem fari líklega fram í lok þessa árs. - sdg



**HUGO CHAVES FORSETI VENESÚELA** Var kjörinn forseti Venesúela árið 1999 og endurkjörinn í fyrra til ársins 2012. MYND/AP

Gæsluvarðhald staðfest:

# DNA sýni tekið vegna gruns

**LÖGREGLUMÁL Hæstiréttur staðfesti í gær gæsluvarðhaldsúrskurð, sem nær til 26. janúar, yfir 26 ára gömlum manni sem áreitti nokkrar barnungar stúlkur í Vogahverfinu á mánudag.**

**DNA-sýni voru tekin úr manninum og fimm ára stúlku sem honum tókst að tæla inn í kofa á leiksvæði.**

**Í næstu viku munu sérfræðingar spyrja stúlkurnar út í hvað maðurinn gerði. Ef vitnisburður fimm ára stúlkunnar þykir gefa tilefni til verða DNA-sýnin send í rannsókn til Noregs. Rannsóknin á DNA-sýnunum tekur þrjá mánuði.** - ifv


FRAMKVÆMDASVIÐ

Tilboð óskast



# Fríkirkjuvegur 11 er til sölu.

Framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar óskar eftir kauptilboðum í fasteignina Fríkirkjuvegur 11, 101 Reykjavík. Fasteignin er tvær hæðir, kjallari og ris, samtals að gólffleti 1.049 m². Húsið er byggt árið 1908 úr timbri, bárujárnsklætt að utan. Húsið telst til friðunar í B-flokki. Húsinu hefur verið vel við haldið og endurbætur hafa verið gerðar á því í tímans rás. Húsið hefur hýst Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkurborgar um árabil. Lóðin sem fylgir húsinu verður um 903 m² að stærð.

Hver bjóðandi getur aðeins skilað inn einu tilboði, og áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum. Við val á kaupanda verður auk tilboðsverðs tekið tillit til framtíðarnotkunar og sögu hússins.

Nánari upplýsingar og gögn um eignina eru á heimasíðu Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/fs/auglysingar og á skrifstofu Framkvæmdasviðs, Skúlatúni 2. Húseignin verður til sýnis í samráði við Framkvæmdasvið, Skúlatúni 2, Reykjavík, síma 4118000.

Tilboð skulu berast Framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar, Skúlatúni 2, Reykjavík, **fyrir kl. 15:00 föstudaginn 2. febrúar 2007**.
Farið verður með tilboð sem trúnaðarmál.

KAKTUS FRA 0107-04

Nánari upplýsingar í síma 411 8000 og á www.reykjavik.is/fs




**MIKIÐ ÁLAG** Um sextíu þúsund manns leituðu á slysa- og bráðamóttökuna í Fossvogi á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vaxandi álag á slysadeild

**Þeim sem leita á slysa- og bráðamóttökuna í Fossvogi hefur fjölgað um 10,5 prósent síðustu þrjú árin.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Álagið á slysa- og bráðamóttöku er afar mikið. Ástæðan er einkum sú að mikil fjölgun hefur orðið á síðustu fjórum árum á notendum móttökunnar sem og því að skortur er á hjúkrunarfræðingum. Þetta segir Þórir Njálsson, sérfræðingur slysa- og bráðamóttökunnar í Fossvogi.

Af slysa- og bráðamóttöku fengust þær upplýsingar að á síðustu fjórum árum hefur þeim sem þangað leita á ári hverju fjölgað um tíu og hálft prósent. Þórir segir fjölgunina mikið til vegna þess að þjónustan sé misnotuð af þeim sem vilja þjónustu hraðar en hún myndi ganga fyrir sig á heilsugælustöð. „Það er töluvert um það að hingað komi fólk með léttvæga áverka. Þetta fólk hefur oft ekki haft fyrir því að leita ráða hjá heimilislækni áður en það kemur hingað því þar þarf að panta tíma. Því þykir þægilegt að koma hingað eftir vinnu á,“ segir Þórir. Hann segir tafir myndast í auknum mæli vegna þessa sem og því að ekki er hægt að rýma sjúkrarúm á slysa- og bráðamóttökunni vegna þess að sjúkrarúm skortir á legudeildum spítalans.

„Það er ekki hægt að halda öllum rúmum opnum á spítalanum sjálfum því það skortir fleiri hjúkrunarfræðinga til að sinna sjúklingum á legudeildum. Þetta bitnar svo á bráðamóttökunni að því leyti að oft myndast margra klukkustunda biðraðir því við náum ekki að útskrifa sjúklinga frá okkur vegna rúmaskorts,“ segir Þórir. Hann segir að verið sé að vinna að úrbótum en kerfið sé þungt í vöfum.

Oddný Gunnarsdóttir, deildarstjóri skrifstofu kennslu, vísinda og þróunar Landspítalans, segir hægt að sjá slíka fjölgun allstaðar í hinum vestræna heimi. Fólk vilji frá skjóta þjónustu en að einhverju leyti megi rekja aukninguna til skorts á heimilislæknum.

Ragna Gústafsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri slysa- og bráðadeildar, segir að verið sé að vinna að endurskipulagningu og stækkun til að koma til móts við aukna notkun fólks á spítalanum. „Á milli árana 2004 til 2006 fjölgaði sjúklingum um fjögur prósent. Álagið er gríðarlegt vegna skorts á rúmum á legudeild en verið er að vinna að endurbótum,“ segir Ragna. karen@frettabladid.is

## Um 60 þúsund á bráðamóttöku í Fossvogi í fyrra

Árið 2003 leituðu 53.686 einstaklingar á slysa- og bráðamóttökuna í Fossvogi en árið 2006 voru þeir orðnir 59.321 talsins. Aukningin er því um rúmlega 5.600 einstaklingum en til samanburðar má nefna að það er svipaður fjöldi og býr á Akranesi, stærsta sveitarfélagi Vesturlands.


7%

Virðisaukaskattur á veitingahúsum á að lækka úr 24,5% í 7% þann 1. mars 2007.

**Einar Ben** verður aftur og enn einusinni á undan sinni samtíð og mun lækka virðisaukaskattinn í 7% þann 19. janúar 2007

**Það er ekki allt í fiski, en mjög mikið.**

*Þorratilboð:*

Saltfisk brandade mille feu með madeiragljáa. • Kremuð humarsúpa með hvítlauksristuðum humri.
Smálúða með basilhjúp, kartöflumauki og piparrótarsmjörsósu. • Skyr panna cotta með kirsuberjaís.

Verð með 24,5% virðisaukaskatti kr 3.990 • Verð með 7% virðisaukaskatti kr 3.430



ÍSLENSKA SIA.IS ICE 35838 01/07

íbs

VIÐ STYÐJUM HANDBOLTALANDSLIÐIÐ

# í blíðu og stríðu

## LÁTUM HENDUR STANDA FRAM ÚR ERMUM OG STYÐJUM STRÁKANA OKKAR Í BLÍÐU OG STRÍÐU.

**Sýndu íslenska landsliðinu stuðning og skráðu þig á www.ibliduogstridu.is þar sem þú getur:**

Sent landsliðsstrákunum hvatningarskeyti, séð video-pistla frá Audda og Huga (hinir strákarnir),
lesið blogg frá landsliðsstrákunum, spjallað um allt sem tengist landsliðinu,
lesið greinar um mótið og viðtöl við leikmennina og séð sígild landsliðsmyndbrot.

**VERTU STUÐNINGSMAÐUR Í BLÍÐU OG STRÍÐU!**




VERTU VIRKUR STUÐNINGSMAÐUR STRÁKANNA OKKAR
Í ÍSLENSKA LANDSLIÐINU Í HANDKNATTLEIK

SAMAN
Í BLÍÐU OG STRÍÐU:

ICELANDAIR

# Miklar aðfinnslur við sölu ÍAV

**Aðalmeðferð í máli JB byggingafélags ehf. og Trésmiðju Snorra Hjaltasonar á hendur íslenska ríkinu vegna einkavæðingar Íslenskra aðalverktaka (ÍAV) fór fram í Héraðsdómi Reykjavíkur á fimmtudag. Þórður Snær Júlíusson rekur hér helstu aðfinnsluatriði stefnenda og svör stefndu.**

Stefnendur í málinu segja að eigendur Eignarhaldsfélagsins AV (EAV), stjórnendur ÍAV, hafi haft miklu víðtækari upplýsingar um rekstur félagsins en aðrir bjóðendur. Vilja þeir því meina að forstjórinn Stefán Friðfinnsson hafi verið í óeðlilegri stöðu til að stjórna upplýsingaflæði um félagið.

Fyrir dómi kom fram í máli þeirra sem sátu í einkavæðingarnefnd á þessum tíma að þeir hafi litið svo á að þar sem ÍAV væri skráð félag í Kauphöllinni væru allar nauðsynlegar upplýsingar um félagið aðgengilegar á markaði. Því hafi nefndin ekki séð neitt sérstakt tilefni til að fylgjast nánar með.

## Höfðu sundurliðanir

Jón Sveinsson var stjórnarformaður ÍAV og sat í einkavæðingarnefnd þegar salan fór fram. Hann sagði fyrir dómi að eftir að tilboð stjórnendanna varð ljóst hafi verið ákveðið að allar tilkynningar um félagið til Kauphallarinnar myndu fara í gegnum stjórn þess, ekki stjórnendur. Þegar lögmaður stefnenda spurði hann um hversu oft stjórnin hittist og hvort hún skipti sér af daglegum rekstri ÍAV sagði hann að stjórnin hittist að jafnaði einu sinni í mánuði og að hún skipti sér ekki af daglega rekstrinum.

Þá voru ýmis vitni spurð fyrir dómi hvort að ÍAV gerði rekstraráætlanir í upphafi árs. Staðfestu þau að það væri venja. Upplýsingar um slíka rekstraráætlun komu hins vegar hvergi fram í kynningargögnum. Stjórnendur félagsins hefðu þó aðgengi að þeim.

Benóný Torfi Eggertsson, endurskoðandi ÍAV, sagði auk þess að stjórnendur félagsins hefðu vitneskju um sundurliðun þróunarverkefna ÍAV, en í kynningargögnum hinna bjóðendanna voru þau tekin saman í eina tölu án sundurliðunar. Sagði hann þá því líklega hafa verið í betri aðstöðu til að verðmeta þau verkefni.

## Vanhæfi og hagsmunatengsl

Stefnendur vilja meina að Jón Sveinsson hafi verið vanhæfur til að koma að söluferlinu vegna stöðu sinnar beggja vegna borðsins. Þar að auki hafi Jón haft mikilla viðskiptahagsmuna að gæta þar sem lögfræðistofa hans sinnti ýmsum störfum fyrir fyrirtækið. Jón neitaði þessu staðfastlega fyrir dómi. Hann sagði að eftir að stjórnendurnir buðu í félagið hafi komið upp umræða um það hver ætti að sinna kynningu á félaginu. Niðurstaðan hefði verið að best væri að hann gerði það vegna mikillar þekkingar á efninu. Hann hafi lýst sig vanhæfan á fundum einkavæðingarnefndar en ákveðið að taka þátt í kynningarferlinu í ljósi aðstæðna.

Auk þess eru gerðar verulegar athugasemdir við hegðun Landsbankans og starfmanns hans í útboðinu, Sigurðar Atla Jónssonar. Bankinn var umsjónaraðili útboðsins allt þar til að útboðsfrestur rann út. Þá sagði hann sig frá verkinu eftir að í ljós hafi komið að fyrirtækjasvið bankans stæði að fjármögnun tilboðs EAV og að Jarðboranir hf. hefðu einnig boðið í hlutinn. Sigurður Atli sat þá í stjórn Atorku, sem átti ráðandi hlut í Jarðborunum. Bankinn sagði sig hins vegar frá málinu fyrr en eftir að Jarðboranir höfðu sótt kynningarfund sem Sigurður Atli sá meðal annarra um.



SÆVAR ÞÓR SIGURGEIRSSON, JÓN SVEINSSON OG STURLA SIGURJÓNSSON bíða eftir að bera vitni fyrir dómi. Þeir komu allir að störfum einkavæðingarnefndar þegar hlutur ríkisins í ÍAV var seldur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Duldar eignir

Jón Sveinsson hélt því staðfastlega fram fyrir dómi að kynningarfundirnir hefðu verið staðlaðir og að allir sem þá sóttu hafi fengið sömu meðferð. Elvar Ólafsson, sem var í hópnum sem vann að tilboðsgerðinni fyrir stefnendur, sagði hins vegar aðra sögu, fyrirvarar hefðu verið settir við nánast hvern einasta þátt rekstursins og fremur dökk mynd dregin upp af félaginu í heild.

Elvar sagði að hans áhugi hafi verið mestur á Blikastaðalandinu í Mosfellsbæ og hafi hann spurt sérstaklega um stöðu þess máls á kynningarfundinum. Þar hafi honum verið sagt að það væri allt saman efiðleikum bundið. Jón Sveinsson hafi sagt að landið væri erfitt til uppbyggingar af ýmsum ástæðum. Jón neitaði því algjörlega að hafa látið þessi orð falla og sagði að öllum hefði átt að vera ljóst að duldar eignir væru í félaginu.

Við málsmeðferðina kom í ljós að átta aðilar hafi sótt þessa kynningarfundi en einungis tveir þeirra boðið í hlutinn. Vilja stefnendur meina að það staðfesti að ekki hafi verið dregin upp mjög aðlaðandi mynd af rekstrinum á fundunum. EAV og Joco ehf, sem var í eigu Jóns Ólafssonar sem sat í stjórn ÍAV, sáu ekki ástæðu til að biðja um kynningarfundi. Stefnendur telja að slíkt staðfesti að þeir hafi haft allar upplýsingar um félagið og meira til vegna stöðu sinnar.

## Matsgerðin hroðvirknisleg

Þar sem Landsbankinn hafði sagt sig frá málinu þurfti að fá nýjan aðila til að meta tilboðið. Þann 16. apríl var Verðbréfastofa Íslands fengin til verksins með þeim skilaboðum að „pressa“ væri á að ljúka málinu sem fyrst. Verðbréfastofan skilaði matsgerð sinni viku síðar en þá höfðu tveir virkir daga auk páskahelgarinnar liðið frá því að hún tók verkefnið að sér. Stefnendurnir segja matsgerð Verðbréfastofunnar hafa verið afar hroðvirknislega unna.

Í ljósi allra þessara þátta vilja þeir meina að útboðið hafi ekki átt að vera gilt og krefjast því skaðabóta á hendur ríkisins vegna framkvæmdar þess.

thordur@frettabladid.is





## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 9.919 **+1,23%** **Fjöldi viðskipta:** 534 **Velta:** 5.693 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| Alfesca | +2,25% | Icelandic Group | -0,68% |
| Eimskipafélagið | +2,19% | 365 | -0,66% |
| FL Group | +2,11% | Marel | -0,66% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 4,52 -0,66% ... Actavis 70,80 +0,28% ... Alfesca 5,01 +2,25% ... Atlantic Petroleum 552,00 +0,00% ... Atorka 6,85 -0,44% ... Bakkavör 64,20 +0,47% ... Eimskipafélagið 32,70 +2,19% ... FL Group 29,10 +2,11% ... Glitnir 24,80 +0,41% ... Kaupþing 930,00 +2,09% ... Landsbankinn 29,00 +1,40% ... Marel 75,50 -0,66% ... Mosaic Fashions 14,35 +0,70% ... Straumur-Burðarás 18,00 +0,00% ... Össur 113,00 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Eimskip hagnaðist eftir skatta

Hf. Eimskipafélag Íslands skilaði 79 milljóna dala hagnaði eftir skatta á síðasta ári. Þetta svarar til rúmlega 5,5 milljarða króna. Hagnaður fyrirtækisins á síðasta fjórðungi liðins árs nam rúmlega 148.000 bandaríkjadölum, eða tæpum 10,6 milljónum króna, sem er í takt við væntingar. Félagið ætlar að gera upp í evrum frá og með 1. nóvember á þessu ári.

Rekstrarhagnaður fyrir skatta og gjöld á árinu nam 64 milljónum dala eða tæpum 4,5 milljörðum íslenskra króna. Tap félagsins fyrir skatta nam hins vegar 77 milljónum dala, jafnvirði 5,4 milljarða króna. Félagið skilaði 10 milljarða króna hagnaði á fjórða ársfjórðungi eftir sölu eigna.

Heildareignir Hf. Eimskipafélagsins námu í lok síðasta árs 1.842 milljónum dala, eða 128,7 milljörðum íslenskra króna en eigið fé félagsins nam 682 milljónum dala, sem svarar til rúmlega 47,6 milljarða íslenskra króna.

Í tilkynningu frá Hf. Eimskipafélagi er haft eftir Magnúsi Þorsteinssyni, stjórnarformanni félagsins, að afkoma Hf. Eimskipafélags Íslands hafi verið ásættanleg. Það hafi einkennst af miklum ytri vexti og muni félagið leggja áherslu á áframhaldandi uppbyggingu á flutningastarfsemi Eimskips, Air Atlanta Iceland og tengdra félaga á árinu. - jab/óká



**YFIRMENN EIMSKIPS** Baldur Guðnason forstjóri og Magnús Þorsteinsson, stjórnarformaður Hf. Eimskipafélags Íslands.

# Alfesca vill kaupa rækjuvinnslu

Alfesca á í viðræðum um kaup á franska fyrirtækinu Adrimex, sem er leiðandi í vinnslu rækjuafurða í Frakklandi. Alfesca sendi frá sér tilkynningu í gær þar sem orðrómur þessa efnis er staðfestur. Þar kemur einnig fram að viðræðurnar séu vel á veg komnar. Velta Adrimex árið 2006 var 56,4 milljónir evra, sem nemur um 5,1 milljarði króna.

Fyrirtækjakaupin eru í takt við stefnu Alfesca um að draga úr áhrifum árstíðasveiflna á rekstur félagsins og styrkja kjarnastarfsemi þess. Í Morgunkorni Glitnis segir að gera megi ráð fyrir talsverðum samlegðaráhrifum með kaupunum. Félagið geti samnýtt bæði vöruþróun og innkaup, ásamt því að yfirfæra margvíslega þekkingu á milli dótturfélags síns, Lyons Seafood, og Adrimex. - hhs



# Fjármálayfirvöld æfa sig saman

## Fjármálayfirvöld á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum kanna eigin viðbrögð.

Á þessu ári taka fjármálaeftirlit, fjármálaráðuneyti og seðlabankar á Norðurlöndunum og í Eystrasaltslöndunum þátt í sameiginlegri viðlagaæfingu fjármálayfirvalda. Tilgangurinn er sagður vera að kanna viðbragðshæfni yfirvalda í ríkjunum við hugsanlegum áföllum hjá fjármálafyrirtækjum með starfsemi yfir landamæri.

Í tilkynningu Fjármálaeftirlitsins kemur fram að megináhersla verði lögð á samhæfingu í ákvörðunatöku á milli stofnana og ríkja. „Viðlagaæfingin er tilkomin vegna eindregins vilja þeirra aðila sem að henni standa til að kanna samstarfs- og samhæfingarferla stofnananna. Tekið skal fram að ekkert sérstakt tilefni eða atburðir tengdir ákveðnum fjármálastofnunum eða fjármálamörkuðum landanna liggja til grundvallar viðlagaæfingunni,“ segir í tilkynningunni og áréttað að ekki beri að túlka tímasetningu og viðfangsefni hennar sem vísbendingu um breytt mat yfirvalda á fjármálastöðugleika í löndunum.

„Sambærilegar viðlagaæfingar hafa verið haldnar hér á landi, bæði árin 2004 og 2006, í samstarfi FME og Seðlabanka. Þessi samnorræna viðlagaæfing er hins vegar nýlunda og er skýrt dæmi um það hvernig alþjóðlegt starf vegur sífellt þyngra í starfsemi FME,“ segir Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins. - óká


**JÓNAS FR. JÓNSSON** Forstjóri Fjármálaeftirlitsins segir að ekki beri að túlka sameiginlega viðlagaæfingu fjármálayfirvalda á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum sem vísbendingu um breyttar aðstæður.







Hann er kominn. Nýr Mitsubishi Pajero. Ný hönnun, glæsilegt útlit, aflmeiri og hljóðlátari vél. Dómarnir eru allir á einn veg. Stór og stæðilegur en á sama tíma ótrúlega lipur og þægilegur. Hörkutól og eðalvagn í senn.

Komdu og kíktu á öflugasta og glæsilegasta Pajero sem hefur verið smíðaður. Þú kemst ekki hjá því að hrífast með.

Frumsýning um helgina hjá HEKLU, Laugavegi, og hjá söluumboðum okkar á Selfossi og í Reykjanesbæ.

**Opið í dag kl. 10–16 og á sunnudag kl. 12–16.**




Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 172–174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hverjir eiga að annast meðferð þeirra sem veikastir eru af fíknsjúkdómum?

## Fíkn – synd eða sjúkdómur

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Fréttir síðustu vikna af fjármálaóreiðu í Byrginu og meintri kynferðislegri misnotkun á skjólstæðingum þar hafa vakið margar spurningar. Umræðan hefur ekki bara snúist um meðferð á almannafé og eftirlit, eða öllu heldur eftirlitsleysi, með því hvernig því er varið. Hún hefur einnig, og verðskuldað, snúist um það hverjir fást við meðferð og umönnun þeirra sjúklinga sem verst eru haldnir af áfengis- og vímuefnafíkn. Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, segist ósáttur við þá ráðstöfun að fíklum sé varpað milli „ofsatrúarhópa" og bent hefur verið á að hlutur Samhjálpar sem tengist Hvítasunnusöfnuðinum sé stór þegar kemur að fjárframlögum Reykjavíkurborgar vegna meðferðar og aðhlynningar þess hóps sem verst er staddur.

Um áratuga skeið hefur ríkt samkomulag um að fíkn sé sjúkdómur þótt skoðanir séu að einhverju leyti skiptar um það hvort hann sé af andlegum eða líkamlegum toga, eða að hversu stórum hluta hann er andlegur og að hversu stórum hluta líkamlegur. Flestir eru einnig sammála um að sjúkdóm beri að meðhöndla sem sjúkdóm og af fagfólki.

*Lykilatriði er þó að horfa til framtíðar. Hvernig er meðferð og umönnun veikustu fíklanna best komið og hverjir eiga að sinna þessari meðferð?*

Enginn hópur samfélagsins á eins undir högg að sækja og veikustu fíklarnir. Þetta fólk hefur ekkert af því sem telst til grundvallarþátta í lífinu. Það á iðulega ekkert heimili og oft hafa verið höggvin veruleg skörð í það tengslanet sem flestir aðrir hafa í kringum sig. Enginn hópur samfélagsins er því viðkvæmari fyrir því að lenda í höndunum á fólki sem misnotar sér aðstöðu þess. Eftirlit með starfsemi þeirra sem stunda meðferð og aðhlynningu þessa hóps er því lykilatriði til viðbótar við það að tryggt sé að farið sé með fé úr almannasjóðum á löglegan hátt.

Þeir sem bera ábyrgð á því að fé var látið renna óheft til Byrgisins í áraraðir þótt vitað væri að ekki væri allt með felldu í bókhaldinu þurfa að axla pólitíska ábyrgð. Sú staða sem upp er komin er stóráfall fyrir félagsmálaráðuneytið og einnig Reykjavíkurborg, sem eru þeir aðilar sem mest fé hefur runnið frá til Byrgisins.

Lykilatriði er þó að horfa til framtíðar. Hvernig er meðferð og umönnun veikustu fíklanna best komið og hverjir eiga að sinna þessari meðferð? Er heppilegt að svo stór hluti þeirra meðferðar- og dvalarplássa sem í boði er sé í höndum trúarhópa eða er þessari meðferð og umönnun betur komið undir verndarvæng heilbrigðiskerfisins?

Þessum spurningum og fleiri verður að svara um leið og svo er búið um hnúta að ekki sé hægt að misfara með það fé sem verja á til þess hóps sem verst er staddur í samfélaginu. Misnotkun á almannafé er refsiverð og þeir sem hana stunda verða að sæta ábyrgð. Misnotkun á fólki er glæpsamlegt athæfi sem aldrei á að viðgangast.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlisvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Morgunverður frá kl. 9:00 - 11:00

mánudaga - laugardaga
verslun opnar kl. 10:00



195,-

IKEA Restaurant & Café

IKEA

Þú átt allt gott skilið!

©Inter IKEA Systems B.V. 2007

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Rýr útkoma

Eins vel og starf stjórnarskrárnefndar fór af stað fyrir tveimur árum eru það óneitanlega vonbrigði að út úr því tveggja ára starfi skuli ekki koma meira í bili en tillaga að breytingu á einu stjórnarskrárákvæði eins og Jón Kristjánsson, formaður nefndarinnar, hefur upplýst. Að samstaða skuli hafa náðst um þá breytingu er að vísu góðra gjalda vert - með breytingunni verður mögulegt að vísa tillögu að stjórnarskrárbreytingu til þjóðaratkvæðisgreiðslu án þess að því fylgi þingrof og kosningar. Þannig verður þjóðin í raun stjórnarskrárgjafinn. Jóhann Hauksson, „Morgunhani" á Útvarpi Sögu, lét þá athugasemd fylgja upplestri á frétt um þetta efni í gærmorgun, að skattborgararnir ættu að geta vænzt þess að kjörnir fulltrúar þeirra skiluðu af sér áþreifanlegri árangri af starfi sínu í þeirra þágu.



### Synjunarvaldsdeila í vegi

Ljóst er að ágreiningurinn um 26. grein stjórnarskrárinnar – ákvæðið um synjunarvald forseta – stóð í vegi fyrir því að nefndin næði saman um það verkefni sem henni hafði verið falið, að leggja fram frumvarp að heildarendurskoðun á stjórnarskrá lýðveldisins tímanlega fyrir lok þessa kjörtímabils Alþingis. Þessi ágreiningur reyndist óbrúanlegur. Er það vonandi að betur takist til er ný stjórnarskrárnefnd hefur verið skipuð eftir kosningar í vor.



### Velkomin fönn

Að lokum vill skrifari lýsa ánægju sinni með snjóinn. Hann lýsir upp skammdegið og gerir veturinn skemmtilegri.

audunn@frettabladid.is

# Lengi skal manninn reyna



ELLERT B. SCHRAM

**Í DAG** | Persónueftirlit

Bankarnir eru að koma sér upp öryggiskerfi, undir heitinu: ert þú örugglega þú? Þetta kerfi á að tryggja að sá sem hefur peningaviðskipti í gegnum bankana sé raunverulega sá sem viðkomandi segist vera. Ekki ætla ég að fara að amast við þessum viðbúnaði í viðskiptaheiminum, enda er nauðsynlegt, þar sem annars staðar, að maður viti nokkurn veginn við hvern maður er að tala. Hvaða mann hann hafi að geyma.

En þá minnist ég sögu sem ég las í bókinni Skemmtilegt fólk sem út kom um jólin. Þar er meðal annars sagt frá Agli Jónassyni, sem var þekktur hagyrðingur og humoristi á Húsavík en er nú látinn. Egill lá á spítala og læknirinn er á stofugangi og segir við Egil: ég er ekki ánægður með þig.

Það eru fáir ánægðir með mig, segir Egill.

Það gengur blóð niður af þér. Hvaðan kemur það? spyr læknirinn.

Og þá svarar Egill að bragði: Það hef ég ekki hugmynd um, eg er algerlega ókunnugur mínum innra manni.

Skyldi einhver hafa húmor til að svara með þessum hætti, þegar bankarnir biðja um persónuskírteini og myndir og vegabréf til að fá upplýst hver maðurinn sé. Eða skyldu þeir vita eitthvað ögn meira, sjálfir kúnnarnir, um sinn innri mann heldur en Egill á spítalanum?

Sjálfur hef ég staðið mig að því að hafa allt annan innri mann en ég taldi mig hafa. Eða vildi sýna. Maður stendur frammi fyrir óþægilegu verkefni, sem þarf að vinna, en víkur sér undan því. Maður stendur frammi fyrir freistingu, sem er forboðin, en stenst hana ekki. Þú veist að freistingin leiðir þig í ógöngur en þú fellur fyrir henni samt. Veist innra með þér að það er rangt sem þú hyggst gera en gerir það samt. Maður ruglast í ríminu, lætur reiði eða beiskju eða hatur ná tökum á sér og breytir út úr sér einhverri andstyggð. Þú vissir að það var rangt, en gerðir það samt. Maður hrökklast undan því að hafa skoðun, standa við gefið loforð, standa augliti til auglitis við sinn eigin manndóm en líta svo undan og bregðast skyldu sinni. Því miður, þú talar og hegðar þér oftar

*Bankinn ætlar að spyrja í gegnum öryggiskerfið sitt: Er hann örugglega sá sem hann er? Jú, jú myndin er í samræmi við útlitið. Kennitalan er rétt. Röddin er traustvekjandi, fasið er slétt og fellt, hann býður af sér góðan þokka.*

en ekki gegn betri vitund. Ert sjálfum þér ósamkvæmur og í stuttu máli sagt ertu að haga þér þvert gegn þeim karakter og manneskju, sem þú hélst þú værir. Þú horfist í augu við samvisku þína og afneitar henni. Eða svíkur hana.

Ég stend fyrir framan spegilinn á morgnana, grár og grettinn, með stýrurnar í augunum og krumpurnar í vöngunum og spyr: er þetta virkilega ég? og mig hryllir við þessum karli. Flippaði út í gærkvöldi, hreytti ónotum í kunningjana og man ekki einu sinni eftir því af hverju ég var svona æstur. Var þetta ég? Er ég þá svona eftir allt saman, bláókunnugur sjálfum mér? Ég sé þarna mann í speglinum, sem ég kannast við. En ekki þann sem innan í honum er.

Hvað eru margir búnir að leggja lag sitt við aðra einstaklinga, í viðskiptum, í samneyti, í hjónabandi eða almennum félagsskap, og komast svo að raun um að þessi persóna, sem þú hefur haft samskipti við, hefur allt annan mann að geyma en þú hafðir ímyndað þér? Eða var það kannski þú sjálfur sem varst með vitlausa dómgreind? Varst það þú sjálfur sem lagðir rangt mat á aðra manneskju og hefur hana svo fyrir rangri sök?

Bankinn ætlar að spyrja í gegnum öryggiskerfið sitt: Er hann örugglega sá sem hann er? Jú, jú myndin er í samræmi við útlitið. Kennitalan er rétt. Röddin er traustvekjandi, fasið er slétt og fellt, hann býður af sér góðan þokka. Það er ekkert athugavert við þennan viðskiptavin. Og sjálf setjum við radarinn í gang og komumst að þeirri niðurstöðu að viðhlæjandi okkar og viðmælandi sé í lagi og það er ekki fyrr en seinna, við nánari kynni, að þú uppgötvar brestina og lestina í fari hans. Oft er flagð undir fögru skinni...

Æ, ég veit það ekki. Ég veit bara það eitt að lífið er fullt af mótsögnum og skírteini segja minnst um mannkosti. Þegar Egill sagðist vera bláókunnugur sínum innra manni var það auðvitað húmorinn sem réði ferðinni. En er þetta ekki skemmtilega sönn heimspeki? Maður getur aldrei verið viss hvort þú sért þú eða ég sé ég.

Segir ekki í málshættinum: lengi skal manninn reyna.

## MEST LESNU GREINARNAR Á VÍSI

**1 Guðmundur í Byrginu ætlar að kæra nauðgun**
Guðmundur í Byrginu sagðist ætla að kæra stúlku fyrir nauðgun sem sjálf hafði kært hann fyrir að misnota sig kynferðislega.

**2 Óráðsía í fjármálum Byrgisins**
Skýrsla Ríkisendurskoðunar um fjármál og bókhald Byrgisins var gerð opinber. Þar kom fram að fjármunir sem runnið höfðu til stjórnenda og starfsmanna Byrgisins voru langt umfram það sem fram kom í bókhaldi.

**3 40.000 dollara nótt Britneyar**
Britney Spears lét sjá sig með nýja kærastanum aðra helgina í röð. Parið var statt í Las Vegas og eyddi nóttinni í sérsvítu The Palm-hótelsins þar sem nóttin kostar 40.000 dollara.

**4 Drakk sig í hel af vatni**
Þriggja barna bandarísk móðir drakk yfir sig af vatni og dó. Konan var þátttakandi í vatnsdrykkjukeppni útvarpsstöðvar einnar í Kaliforníu þar sem Nintendo-leikjatölva var í verðlaun.

**5 Fimm ára stúlku ef til vill nauðgað**
Maður var handtekinn í Reykjavík á þriðjudag eftir að hafa áreitt fjórar ungar stúlkur kynferðislega. Eldri stúlkurnar þrjár reyndi hann að tæla upp í bíl sinn en yngstu stúlkuna, sem er aðeins fimm ára, áreitti hann á óvöktuðum leikvelli. Grunur leikur á nauðgun.

**6 Önnur kæra lögð fram gegn Guðmundi**
Þrítug kona lagði fram kæru gegn Guðmundi Jónssyni, forstöðumanni Byrgisins, fyrir kynferðislega misbeitingu. Þetta er annar skjólstæðingur Byrgisins sem leggur fram slíka kæru.

**7 Kolsvört skýrsla um Byrgið**
Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kom fram að fjármálaumsýslu og bókhaldi Byrgisins var verulega ábótavant. Að mati Ríkisendurskoðunar er ekki rétt að ríkissjóður haldi áfram að veita fjármunum til Byrgisins.

**8 Vopnaður maður yfirbugaður á Dalvík**
Sérsveitarmenn náðu að yfirbuga vopnaðan mann á Dalvík. Hættuástand skapaðist í bænum og voru íbúar í nálægum húsum varaðir við að fara út.

**9 Risakanínur bjarga Norður-Kóreu?**
Þýskur eldri borgari sem ól kanínuna sína þannig að hún náði 10,5 kílóa þyngd fékk atvinnutilboð frá Asíu. Hann á að rækta risakanínur sem duga í matinn fyrir átta manns og þannig bjarga Norður-Kóreu frá hungursneyð.

**10 Allt á fullu hjá Victoriu**
Victoria Beckham skrapp til Bandaríkjanna. Þar skoðaði hún væntanlega skóla fyrir syni sína, fór á Golden Globe-hátíðina með Tom Cruise og Katie Holmes og átti mikilvægan fund með J-Lo.

*Þetta voru mest lesnu greinarnar á visir.is vikuna 12. til 19. janúar.*




**682** kr/kg. áður 909 kr/kg.
Borgarnes saltkjöt blandað




**2.064** kr/kg. áður 2.949 kr/kg.
KEA hangiframpartur soðinn

**2.232** kr/kg. áður 3.189 kr/kg.
KEA hangilæri soðið




**310** kr/kg. áður 619 kr/kg.
Goða lambasvið




**199** kr/ds.
Skinney síld 800 ml.




**1.741** kr/kg. áður 2.679 kr/kg.
Matfugl kjúklingabringur




**2 fyrir 1**
Chicago Town pizza




**49** kr/kg. áður 99 kr/kg.
Pripps léttöl 0.5 ltr. í dós

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 20. janúar til 21. janúar eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

**nettó**
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi

# Matarást á laugardögum



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



GALLERÍ KJÖT

Í NAUTI ERUM VIÐ BESTIR

GRENSÁSVEGI 48 • SÍMI 553 1600


MAÐUR VIKUNNAR

# Sígandi lukka í verki

**GUÐBJÖRG GLÓÐ LOGADÓTTIR**
FRAMKVÆMDASTJÓRI OG STOFNANDI FYLGIFISKA

Mjög glaðlynd og út úr hófi skipulögð eru orð sem höfð hafa verið um Guðbjörgu Glóð Logadóttur sem valin hefur verið maður vikunnar að þessu sinni. Hún tók á miðvikudaginn við hvatningarviðurkenningu Félags kvenna í atvinnurekstri og hefur enda vakið athygli fyrir dugnað og elju við að koma á stofn sérverslun með sjávarfang undir merki Fylgifiska. Þar er hún framkvæmdastjóri, stofnandi og einn eigenda. Guðbjörg Glóð leggur með þessu sitt lóð á vogarskálarnar í því að halda uppi merkjum fiskiþjóðarinnar, en segja má að hún hafi innleitt nýja siði og viðhorf í umgengni við fiskmeti.

Verslunin Fylgifiskar er hugmynd sem kunnugir segja að Guðbjörg Glóð hafi gengið með í maganum árum saman og óhætt að segja að slegið hafi í gegn. Fyrirtækið stofnaði Guðbjörg Glóð með samstarfsmanni sínum Sveini Kjartanssyni matreiðslumeistara sumarið 2002 eftir að hafa sótt námskeið í tengslum við verkefnið Auður í krafti kvenna. Framan af var rekin ein verslun við Suðurlandsbraut í Reykjavík, en hefur nú opnað minna útibú á Skólavörðustíg. Þá er reksturinn í örum vexti því brátt stendur til að opna sérstakan sjávarréttabar í Flugsstöð Leifs Eiríkssonar. Skipulagsgáfa hefur án efa komið sér vel í uppbyggingu rekstursins, auk þess sem hún er sögð útsjónarsöm þegar kemur að peningum, fyrir utan að vera vinnuþjarkur. Ekki veitti víst af í upphafi rekstrarins og var þá jafnvel notast við potta og pönnur að heima. Annar viðmælandi sem sótt hefur Fylgifiska frá upphafi segir að þar hafi mátt sjá sígandi lukku í verki, þar sem hróður verslunarinnar hafi að miklu leyti borist út mann frá manni. Þannig hafi á fyrstu dögum rekstrarins á stundum verið tómlegt um að litast á Suðurlandsbrautinni, en nú heyri til undantekninga ef þar er ekki stappfullt af fólki, ýmist að fá sér í gogginn eða kaupa veisluföng.




Guðbjörg er fædd í Keflavík 17. janúar 1972, dóttir hjónanna Loga Þormóðssonar og Bjargeyjar Einarsdóttur. Þau hjónin stofnuðu svo fjölskyldufyrirtækið Tros þegar Guðbjörg var aðeins fimm ára gömul og ráku í 20 ár. Þau voru brautryðjendur í útflutningi á ferskum fiski og lögðu væntanlega grunninn að áhugasviði dótturinnar með umræðum á áhuga á fiski. Þá var Logi einnig líka einn af stofnendum Fiskmarkaðarins á Suðurnesjum. „Svo áhugasöm var Guðbjörg Glóð um sjávarafurðir að ömmu hennar stóð hreint ekki á sama þegar barnið var farið að kroppa í hrá fiskflökin, enda sushi með öllu óþekkt hugtak í þá daga,“ sagði Margrét Kristmannsdóttir, formaður FKA í ræðu sinni áður en hún afhenti henni hvatningarviðurkenninguna um daginn.

Guðbjörg fór árið 1992 til Bandaríkjanna þar sem hún vann í fiskbúð í Boston og tók að velta fyrir sér í alvöru sölu- og markaðsmálum. Þegar heim var komið skellti hún sér svo í nám í sjávarútvegsfræði í Háskólanum á Akureyri og útskrifaðist þaðan sem sjávarútvegsfræðingur.

„Sennilega hefur engan órað fyrir því, fyrir aðeins fimm árum, hversu mikilli byltingu þetta litla fyrirtæki átti eftir að valda, bæði í matarmenningu landans og rekstri annarra fiskverslana,“ sagði Margrét Kristmannsdóttir einnig svo áfram sé vitnað í ræðu hennar. „Með ótrúlegum dugnaði, ástríðu og hugmyndaauðgi, hefur hún á undraskömmum tíma byggt upp framsækið og flott fyrirtæki. Fyrirtæki sem margir voru búnir að bíða eftir árum saman.“

# Hefjum merkið á loft

**UMRÆÐAN**
Prófkjör Framsóknarflokksins



GUÐNI ÁGÚSTSSON

Framsóknarflokkurinn getur borið höfuðið hátt eftir störf sín í ríkisstjórn undanfarin 12 ár. Þegar við settumst í ríkisstjórn voru hér 12-14.000 manns án atvinnu, fjöldi manna var að missa heimili sín. Margir leituðu til annarra landa eftir atvinnu. Nú er þannig um að litast í þjóðfélaginu að hér er bjartsýni og uppgangur á öllum sviðum, allir hafa atvinnu og við höfum þurft að kalla til 12.-14.000 erlenda verkamenn að taka þátt í því mikla uppbyggingarstarfi sem hér fer fram. Þjóðin veit að ríkisstjórnin hefur unnið gott starf í hennar þágu. Ný skoðanakönnun Capacent sýnir að 33% landsmanna segjast sannfærðir um að lífskjör þeirra muni batna á þessu ári frá því sem verið hefur.

*Framsóknarflokkurinn á sér gríðarlega merka sögu, sem er nátengd framfarasókn íslensku þjóðarinnar á öllum sviðum í 90 ár.*

Sá árangur sem náðst hefur í þessu ríkisstjórnarsamstarfi í atvinnumálum og efnahagsmálum er engin tilviljun. Hann á sér meðal annars skýringu í grundvallaráherslum Framsóknarflokksins. Framsóknarflokkurinn á sér gríðarlega merka sögu, sem er nátengd framfarasókn íslensku þjóðarinnar á öllum sviðum í 90 ár. Við stofnun flokksins var íslenska þjóðin ein sú fátækasta í álfunni, nú er hún ein hin efnaðasta og lífskjör hér eru öðrum þjóðum öfundarefni.

Í sögu sinni hefur Framsóknarflokkurinn átt þátt í framgangi allra stærstu hagsmunamála íslensku þjóðarnnar. Það er staðreynd, sem ekki fer hátt í umræðunni í samtímanum, að Framsóknarflokkurinn hefur ávallt verið í fremstu röð í baráttu fyrir umhverfis- og náttúruvernd í íslenskum stjórnmálum, allt frá dögum Eysteins Jónssonar. Ást og virðing fyrir landinu og náttúru þess er og verið meginstoð í stefnu Framsóknarflokksins, undir okkar stjórn er nú unnið að stofnun stærsta þjóðgarðs í Evrópu á Vatnajökulssvæðinu og undir okkar stjórn er nú leitað sáttar um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum.

Íslenskt samfélag á að vera gott samfélag. Við eigum mörg verk óunnin. Við eigum að leggja af mörkum til heilbrigðismála og menntamála. Áfangi á þeirri leið er sá samningur sem nýlega var gerður og kveður á um að 27 milljörðum króna verði varið í leiðréttingar og kjarabætur til aldraðra á næstu árum. Sá samningur er lýsandi fyrir áherslur framsóknarmanna. Við viljum standa þannig að verki að stækka kökuna með öflugu atvinnulífi og tryggja síðan að afraksturinn skili sér til allra landsmanna, ekki síst þeirra sem búa við lökust kjörin.

Í dag, laugardag, göngum við til prófkjörs framsóknarmenn í Suðurkjördæmi. Þátttaka er heimil öllum þeim sem skráðir eru í flokksfélögin í kjördæminu. Nýir félagar geta gengið til liðs við flokkinn á kjörstað. Ég hvet alla framsóknarmenn í kjördæminu til þátttöku í prófkjörinu. Ég býð mig þar fram til forystu og sækist eftir endurnýjuðu umboði í 1. sæti framboðslistans. Ég heiti á framsóknarmenn að taka höndum saman um að hefja merki flokksins hátt á loft í þeirri baráttu sem framundan er vegna alþingiskosninganna 12. maí í vor.

*Höfundur er landbúnaðarráðherra.*

# Útsala

## Enn meiri verðlækkun

**Aðeins 5 verð:**

**500**
**1.000**
**1.500**
**2.000**
**2.500**

NEXT

**Kringlunni sími 551 3200**



Úr Kjötborði Nóatúns
þú sparar 600 kr. kg.
GRÍSAHNAKKASNEÐAR
ÚRBEINAÐAR ÚR KJÖTBORÐI
998 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
þú sparar 500 kr. kg.
LAMBAFRAMHRYGGJASN.
ÚR KJÖTBORÐI
1.298 kr. kg
30% afsláttur
GOÐA FOLALDAKJÖT
REYKT EÐA SALTAÐ
475 kr. kg
Grænigarður Lífrænt og hollt
25% afsláttur
HODGSON MILL
LÍFRÆNT SPAGETTÍ
Grænigarður Lífrænt og hollt
20% afsláttur
EREWHON MORGUNKORN
LÍFRÆNN HAFRAGRAUTUR
Grænigarður Lífrænt og hollt
MR. KRISPERS FLÖGUR 279 kr. pk.
ENRICO'S SALSASÓSA 299 kr. stk.
BKI CLASSIC
500 g.
399 kr. pk.
Ora Þorrasíld
ORA ÞORRASÍLD
469 kr. pk.
ÖMMU FLATKÖKUR
69 kr. stk.
Harðfiskur frá Vestfiski
STEIN BÍTUR
ÝSA
20% afsláttur

# Þorramatur í Nóatúni!

NÓATÚN
*Bestir í kjöti*



## Veldu þinn eigin Þorramat!




VESTFISKUR – HÁKARL
Í BITUM
**469** kr. stk.



GOÐA SVIÐASULTA – NÝ
Í SNEIÐUM
**1.498** kr. kg.



NÓATÚNS SALTKJÖT
BLANDAÐ
**799** kr. kg

## Ómissandi meðlæti með Þorramatnum!



RÓFUR **149** kr. kg

GULRÆTUR
ÍSLENSKAR **249** kr. kg

LAUKUR **69** kr. kg

NÓATÚNS KARTÖFLUR
2 kg. - 3 teg. **239** kr. pk.

*Verði ykkur að góðu!*

# Mammon ropar á öxl þjóðarinnar

Kæra Dagbók



Þráinn Bertelsson skrifar



*Í Dagbók* **Þráins Bertelssonar** *er öfundast út í hvað strákarnir í stjórn KSÍ hafa það huggulegt; rætt um græn og kristileg mannabörn, Maya-indíána á Júkatanskaga, ofbeldi sem listform og heilsufar hagkerfisins. Loks er fjallað um „gala“ og „gleði“ og „golfrönsku“ og góðum blaðamanni þökkuð samfylgdin.*

Janúar 12 FÖSTUDAGUR





**Óhuggulega huggulegt!**

Ég sé í fréttum að stjórnarmenn Knattspyrnusambands Íslands eru staddir í Lundúnum „og halda stjórnarfund á Upton Park þar sem Eggert Magnússon, formaður KSÍ, er stjórnarformaður West Ham.“

Voðalega er þetta huggulegt hjá strákunum.

Svo segir líka í fréttinni: „Sjö manns ákveða laun formannsins og eru þau trúnaðarmál.“

Voðalega er þetta líka huggulegt.

Alveg gæti ég hugsað mér að verða formaður í einhverju huggulegu félagi upp á hugguleg laun í huggulegum trúnaði og helst líka huggulega dagpeninga og einhver hugguleg fríðindi – stjórnarfundi í London og svo færum við strákarnir á völlinn á eftir og reyndum að hafa það huggulegt.

Janúar 13 LAUGARDAGUR

**Græn og kristileg mynd**

Sólveig dreif mig í bíó að sjá „Mannsbörn“ í Háskólabíói. Það var skrýtin mynd. Framtíðarhryllingur um yfirvofandi helvíti á jörð.



Ég skildi ekki bofs í söguþræðinum en þó hafði ég á tilfinningunni að boðskapur myndarinnar ætti að vera bæði jákvæður, grænn og kristilegur.

Janúar 15 MÁNUDAGUR

**Ofbeldi sem listform**

Ég þyrfti að fara oftar í bíó. Núna var það Krummi sem dró mig upp úr hægindastólnum og fór með mig að sjá „Apocalypto“ eftir Mel Gibson.

„Apocalypto“ þýðir eftir því sem ég kemst næst „ég opinbera“ eða „ég afhjúpa“. Myndin gerist upp úr 1500 meðal Maya-indíána á Júkatanskaga í Mexíkó en tungumál þeirra var víst talað í myndinni og lét betur í eyrum en ameríska.



Heilmikið hefur verið skrifað um sannfræði og sagnfræði þessarar myndar og ég ætla ekki að blanda mér í þær umræður, enda held ég að samfélag Mayanna í myndinni sé ekki aðalatriði, heldur eigi það aðeins að standa sem tákn fyrir samfélag á fallanda fæti.

Mér fannst þetta mögnuð mynd. Hún veltir upp mörgum spurningum um eðli mannsins – og illsku og grimmd. Það var erfitt að horfa á hana því að eftir fyrstu tíu mínúturnar hefjast ofbeldisverkin og þeim linnir ekki fyrr en í blálokin.

Ofbeldið í Apocalypto er blóðugt og ljótt andstætt hinu draumkennda og fagra ofbeldi sem helst líkist unaðslegum listdansi í flestum Hollywood-myndum. Ég veit ekki hvort hægt er að ætlast til þess að kvikmyndir hafi eitthvert forvarnargildi en hitt veit ég að ofbeldisdýrkun er hægt að breiða út með því að nota þá töfra sem kvikmyndagerðin ræður yfir og gera ofbeldið draumkennt og „listrænt“ heillandi.

Kannski finnst manni líka ógeðslegra að sjá menn murka lífið úr hver öðrum með bareflum og sljóum tinnuhnífum en með fyrirhafnarlausum hátæknivopnabúnaði.

Janúar 16 ÞRIÐJUDAGUR

**Heilsufar hagkerfis**

Það er alltaf gaman að hlusta á fólk sem hefur yndi af að ræða um heilsufar sitt og annarra með löngum og ítarlegum sjúkdómslýsingum. Þó finnst mér ekki eins skondið að hlusta á einhvern meðbróður lýsa langvinnri baráttu sinni við gyllinæð eða blettaskalla og að hlusta á þessar sífelldu heilsufarsfréttir af hagkerfinu sem fjölmiðlar virðast sannfærðir um að almenningur hafi daglega þörf fyrir.

Heilsufarslýsingarnar eru dásamlega fjálglegar. Hver spekúlantinn á fætur öðrum étur upp frasa eins og „Það er hiti í hagkerfinu“.



Þessari merkingarleysu geta menn tönnlast á dag eftir dag, viku eftir viku og ár eftir ár án þess að þeim detti í hug að hugsa ofurlítið skýrar og spyrja:

Ef hagkerfið er með hita, hvað er hann mikill og hver er eðlilegur líkamshiti hagkerfisins? Og í hvaða líkamsop hagkerfisins er mælinum stungið?

Núna þjáist hagkerfið af verðbólgu og sótthita. Það er þensla í hagkerfinu. Það þýðir sennilega að guðinn Mammon sé lasinn; hafi étið yfir sig og sé vís til að kasta upp eða skeyta skapi sínu á einhverjum út af þessari vanlíðan.

Æðstu prestarnir í Seðlabankanum fremja innyflaspár sínar mánaðarlega og skipa aðstoðarprestum í venjulegum bönkum að hækka vextina (tíundina) til að blíðka reiðan guðinn og rífa í flýti þakið ofan af nokkrum fátæklingum og fórna þeim á verðtryggingaraltarinu.

Þessar innantökur hagkerfisins sem stafa af offylli lagast ekki fyrr en þjóðin leggur frá sér sín eigin börn og tekur Mammon upp, leggur snáðann á öxl sér og lætur hann ropa.

Janúar 17 MIÐVIKUDAGUR

**Galadansleikur eða gleði?**

Svo að maður haldi áfram með Mammon þá sé ég í fréttum að „formaður fjárfesta gerði alvarlegar athugasemdir við veisluhöld fjármálastofnana hér á landi í fréttum og sagði að þar skorti allt meðalhóf. Þetta gerði hann í tilefni þess að Glitnir hélt galadansleik á laugardagskvöld sem 600 stærstu viðskiptavinum og lykilstarfsmönnum var boðið til.“

Ég hegg eftir orðinu „galadansleikur“. Síðan hvenær er „gala“ komið inn í íslenskt mál sem hefur enga þörf fyrir þetta franska tökuorð – þótt Englendingum þyki það fínt.

„Gala“ er komið úr gamalli golfrönsku „galer“ sem þýðir að kætast, gleðjast. Galadansleikur heitir því á íslensku einfaldlega „gleði“ samanber áramótagleði, og allrasíst merkir „gala“ að mannskapurinn eigi að vera í samkvæmisklæðnaði.

Það er mikið snobb þegar „gala“ er komið í stað „gleði“ hjá Íslendingum.

Janúar 18 FIMMTUDAGUR

**Art Buchwald kvaddur**

„Það er enginn vandi að deyja á þessum spítala. Það sem er erfitt hérna er að finna bílastæði,“ sagði Art Buchwald í sínu síðasta blaðaviðtali. Og nú er hann dáinn, 81 árs að aldri. Dó reyndar heima hjá sér í gær en ekki á sjúkrahúsinu – ótruflaður af bílastæðavanda.

Af engum blaðamanni hef ég jafnmikið lært og þessum þunglynda grínista sem ég uppgötvaði árið 1965 þar sem hann brosti til mín af baksíðu Evrópuútgáfunnar af New York Herald Tribune.



Af honum lærði ég að skrifa það sem venjulegt fólk hugsar en er of skynsamt til að segja upphátt til að styggja ekki þá sem hafa völdin og peningana.

Af honum lærði ég að treysta ekki yfirvöldum eða kjörnum fulltrúum til að segja mér satt og leita sjálfur að sannleikanum.

Af honum lærði ég að góður blaðamaður er ávallt í stjórnarandstöðu. Það þarf að vaka yfir þeim sem hafa völdin – af hinum stafar minni hætta.

„Ég trúi ekki á neinn af þessum guðum sem verið er að troða ofan í kokið á fólki og ég þoli ekki þessar skipulögðu trúarhreyfingar sem eru sífellt að segja mér hvað guð vill,“ sagði Art Buchwald. Hann sagði líka: „Ég mun sakna þess að komast ekki á fleiri óperur eftir Verdi, en ég mun ekki sakna hræsninnar í ráðherrum né lyganna í stjórnmálaskúmum – og einskis íþróttafélags.“




Safnaðu þekkingu
- sæktu þér aukinn styrk

FÉLAGS- OG HEILBRIGÐISSVIÐ

Lífsgæði í búsetu
haldið 1. mars.

Siðfræði heilbrigðisþjónustu:
Fagmennska, siðareglur og rannsóknir
hefst 19. feb.

Níu lyklar mannauðsstjórnunar
-mannauðsstjórnun hjá hinu opinbera
hefst 6. mars

Geðraskanir aldraðra,
meðferð og umönnun
hefst 17. apríl

Námskeið um brjóstakrabbamein
haldið 25. apríl

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 endurmenntun.is

550 5600

Hringdu ef blaðið berst ekki



FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið

# TOPP MERKI Á ÚTSÖLU – ALLT AÐ 65% AFSLÁTTUR




**AFSLÁTTUR 30.000**
42” PLASMA SJÓNVARP
VERÐ ÁÐUR kr. 199.990
TILBOÐ kr. 169.990
PHILIPS 15%

**AFSLÁTTUR 30.000**
32” LCD SJÓNVARP
VERÐ ÁÐUR kr. 159.990
TILBOÐ kr. 129.990
JVC 19%

**AFSLÁTTUR 40.000**
32” LCD SJÓNVARP
VERÐ ÁÐUR kr. 139.990
TILBOÐ kr. 99.990
GRUNDIG 28%

**AFSLÁTTUR 40.000**
32” LCD SJÓNVARP
VERÐ ÁÐUR kr. 149.990
TILBOÐ kr. 109.990
AKAI 27%

**AFSLÁTTUR 70.000**
32” LCD SJÓNVARP
VERÐ ÁÐUR kr. 269.990
TILBOÐ kr. 199.990
GRUNDIG 26%

**AFSLÁTTUR 20.000**
42” PLASMA SJÓNVARP
VERÐ ÁÐUR kr. 169.990
TILBOÐ kr. 149.990
THOMSON 12%

TAKMARKAÐ MAGN ▸ FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR!

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2007

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

HUNDRUÐ GIRNILEGRA TILBOÐA Á HEIMASÍÐUNNI WWW.SM.IS

## UMMÆLI VIKUNNAR

*„Ég lenti í því í gær í stað þess að vera heima í rólegheitunum og svæfa son minn að þá var ég sendur hingað niður í þing til að svæfa hálfa þjóðina.“*

Valdimar L. Friðriksson þingmaður utan flokka.

*„Ég tel að þessum fundarhöldum í þinginu sé vel stjórnað og við eigum að nýta tíma okkar til þinghalds í að ræða þetta merka frumvarp.“*

Arnbjörg Sveinsdóttir Sjálfstæðisflokki.

# stjórnmál

stjornmal@frettabladid.is nánar á visir.is

## Þó fátt sé rætt er ýmislegt skrifað

Að undanskilinni þrjátíu mínútna umræðum utan dagskrár um Byrgið í gær hefur Ríkisútvarpið verið eina mál þingsins síðan það kom saman eftir jólahlé á mánudag. Umræðurnar hafa staðið í fleiri tugi klukkustunda þessa einu viku og þó margt hafi verið sagt hefur fátt nýtt verið sagt. Um það deila reyndar menn enda er það ein af alvarlegustu ásökunum sem borin er á þingmann að hann hafi ekkert nýtt fram að færa. Önnur alvarleg ásökun er þegar menn eru sagðir hafa uppi málþóf. Á slíkt má enginn heyra minnst.

Þó margt hafi verið sagt um fátt er ekki þar með sagt að fátt annað hafi verið gert. Síðustu daga hafa fjölmörg ný þingskjöl – eins og það heitir – verið lögð fram. Eru þau í formi frumvarpa, ályktana, fyrirspurna og svara.

Til dæmis hefur Guðrún Ögmundsdóttir lag fram fyrirspurn til forsætisráðherra um einstaklinga í kynáráttuvanda (transgender). Spyr hún meðal annars um þau skilyrði sem fólk þarf að uppfylla til að geta óskað eftir aðgerð til leiðréttingar á kyni, hvaða stuðningsúrræði séu til fyrir þá sem láta breyta kyni sínu og hvenær einstaklingar með nýtt kyn geta fengið nýtt nafn og kennitölu. Embættismenn forsætisráðuneytisins hafa tíu daga til að svara þessu.





Þá hefur fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar um veltu vínbúða í Mjódd og Garðheimum verið svarað en hann óskaði eftir upplýsingunum til að geta borið saman veltuna eftir að vínbúðin var flutt milli húsa í Breiðholtinu. Gagnrýndi hann flutninginn á sínum tíma, ekki síst fyrir þær sakir að eigendur Garðheima tengjast Halldóri Ásgrímssyni fjölskylduböndum.

Samkvæmt svarinu hefur velta búðarinnar aukist eftir flutning, en rétt er að geta þess – þó ekki sé það gert í svarinu – að heildarvelta ÁTVR jókst mjög milli ára.

## PÓLITÍKIN Í DAG

Prófkjör framsóknarmanna í Suðurkjördæmi fer fram í dag. Atkvæði verða talin á morgun og niðurstöður kunngerðar síðdegis eða annað kvöld.

Kjördæmisþing framsóknarmanna í Norðvesturkjördæmi verður haldið í Hrútafirði. Tillaga kjörnefndar að framboðslista verður borin upp til samþykktar auk þess sem ýmis mál eru á dagskrá.

Flokksráðsfundur vinstri grænna heldur áfram á Grand hóteli.

Samfylkingin efnir til ráðstefnu um jafnaðarstefnuna í höfuðstöðvum sínum við Hallveigarstíg. Stendur hún frá hálf tvö til sex. Tilefnið er tíu ára afmæli Grósku.

## VIKA Í PÓLITÍK

BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON

# Er það svo hátt?



Ja, hvar skal byrja?

Það kom ekki á óvart að Kristinn H. Gunnarsson væri á leið úr Framsóknarflokknum enda hefur það legið í loftinu síðan eftir prófkjörið í nóvember. Af Kristni má skilja að hann sé í raun mesti framsóknarmaðurinn; í það minnsta kveðst hann tala fyrir þeim sjónarmiðum sem fram á síðustu ár hafa verið ofan á í flokknum. Kristinn ætlar að tala áfram fyrir þeim sömu sjónarmiðum og má því segja – sé mat Kristins rétt — að hin raunverulega framsóknarstefna hverfi með honum úr flokknum. En sjálfsagt eru aðrir flokksmenn ekki sammála þessu.

Margrét Sverrisdóttir lýsti yfir framboði í embætti varaformanns í Frjálslynda flokknum í vikunni. Það kom ekki á óvart – ekki frekar en viðbrögð Guðjóns Arnar og Magnúsar Þórs við framboðinu. Þeir kæra sig ekki um hana. Það má segja þeim til hróss að þeir tala hreint út.

Ég held að það hljóti að vera farið að sjá á bjöllu þingforseta, svo oft hefur hún verið lamin síðustu daga. Þingmönnum hefur reynst afar örðugt að halda ræðum sínum innan leyfilegra tímamarka enda legið mikið á hjarta. Í umræðum um störf þingsins hefur oftsinnis verið vitnað til samkomulags um tilhögun þingstarfa sem á að hafa orðið til í þinghúsinu að næturlagi í desember en er túlkað með ólíkum hætti. Menn hljóta að draga þann lærdóm af orðaskaki síðustu daga að skjalfesta alla samninga í viðurvist votta og þinglýsa þeim hjá sýslumanni.

Og vegna ESA arms RÚV-málsins og Byrgisskýrslunnar frá 2002 er hér stungið upp á því að skjöl, gögn, plögg, skýrslur, minnisblöð, bréf og hvað það kann að heita séu opinberuð um leið og blekið er þornað. Ekki bara vegna þess að telja megi eðlilegt að allt sé upp á borðum heldur ekki síður vegna þess að það kemur alltaf í bakið á mönnum að upplýsa ekki um verk sín. Þeir þurfa að súpa af því seyðið síðar.

Ofnotaðasta klisja vikunnar er; hið háa Alþingi. Þetta segja þingmenn í tíma og ótíma en hér er spurt hversu hátt það í raun er. Virðing landsmanna gagnvart löggjafarvaldinu hefur örugglega ekki aukist síðustu daga – þvert á móti má ætla að hún hafi minnkað. Og þar með er þingið kannski ekkert svo ofboðslega hátt. Jafnvel frekar lágt.

Framsóknarmenn í Suðurkjördæmi velja sér foringja í dag en úrslit verða ekki kunngjörð fyrr en síðdegis á morgun. Viðbúið er að Guðni og Hjálmar eigi erfitt með svefn í nótt enda gæti niðurstaðan orðið til þess að starfslok blasi við öðrum þeirra.

E.s.: Ef myndin prentast vel má sjá móta fyrir hauskúpum á slaufunni.



**HLYNUR HALLSSON** „Maður getur ekki komið hér inn í sínum venjulegu fötum og klippingin mín til tuttugu ára þykir stórmál.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Vinnubrögð á Alþingi eru eins og langhlaup í sírópi

**Klæðaburður og klipping Hlyns Hallssonar, myndlistarmanns og varaþingmanns VG, hefur vakið eftirtekt. Hauskúpubindi eru enda sjaldséð í þingsal. Hlynur hefur alla tíð látið sig stjórnmál varða en gagnrýnir hvernig hlutirnir ganga fyrir sig á Alþingi.**

„Ég var alinn upp á mjög pólitísku heimili, mamma er mjög pólitískt þenkjandi og pabbi flokksbundinn framsóknarmaður. Ég held samt að það sé langt síðan hann hætti að kjósa flokkinn. Hann er mjög vinstri sinnaður og var til dæmis alla tíð á móti hernum.“

Það var því talað um stjórnmál á æskuheimili Hlyns á Akureyri og hann var aðeins átján ára þegar hann fór fyrst í framboð. Það var fyrir Alþýðubandalagið í þingkosningunum 1987. „Ég hafði mjög gaman af kosningabaráttunni en fór svo í Myndlista- og handíðaskólann í Reykjavík og síðar til Þýskalands þar sem ég var í átta ár. Við það datt ég svolítið úr sambandi.“

Þegar Hlynur og fjölskylda fluttust aftur heim höfðu orðið breytingar á pólitíska sviðinu; Samfylkingin og vinstri grænt framboð voru orðin til. „Ég var hlynntur sameiningu vinstri manna og þurfti að hugsa mig um með hvorum flokknum ég vildi starfa. Spurningin var hvort ég ætti að verða einn af þeim vinstri sinnuðustu í Samfylkingunni eða líta á mig sem einn af þeim frjálslyndustu í VG. Það varð ofan á og eftir á að hyggja var ákvörðunin augljós.“

Beðinn um að skilgreina sjálfan sig sem stjórnmálamann segist Hlynur vera mjög róttækur vinstri maður og mikill umhverfisverndarsinni, og að auki frjálslyndur. „Annars hef ég aldrei litið á mig sem stjórnmálamann. Ég lít á mig sem myndlistarmann.“ Það má heita undirstrikun þeirrar yfirlýsingar að Hlynur hélt í gær til Berlínar þar sem sýning á verkum hans verður opnuð í dag. Hann kemur svo aftur heim á mánudag og tekur upp þráðinn í pólitíkinni þar sem frá var horfið.

Fá dæmi eru um að listamenn, ekki síst myndlistarmenn, gegni þingmennsku. Má það heita furðulegt í ljósi þess að listamenn eru jafnan áhugasamir um umhverfi sitt og uppfullir af skoðunum. Hlynur tekur undir þetta og kveðst hafa fengið misjöfn viðbrögð frá vinum sínum þegar hann fór í framboð fyrir fjórum árum. „Sumir skildu ekkert hvað ég var að pæla en öðrum fannst þetta frábært og bentu á að þetta passaði mér vel þar sem ég væri konseptlistamaður. Bæði myndlistin og stjórnmálin snúast jú um að fá hugmyndir og koma þeim í framkvæmd.“

Hlynur telur að listamönnum geti fundist stjórnmálin erfið enda umhverfið á Alþingi stíft og formlegt. „Maður getur ekki komið hér inn í sínum venjulegu fötum og klippingin mín til tuttugu ára þykir stórmál. Ætli listamenn vilji ekki heldur berjast í grasrótinni eða á öðrum vettvangi og ég virði það enda nauðsynlegt líka. Ég vildi hins vegar stíga skrefið til fulls enda fannst mér kominn tími til að einhver okkar færi alla leið.“

Í vikunni sem er að líða hefur Hlynur tekið virkan þátt í umræðum um fundarstjórn forseta og störf þingsins og viljað fá upplýsingar um framvindu mála. Hann segir þær óskir sínar snúast um að fá að vita hvort haldið verði áfram fram á nætur, hvort utandagskrárumræður komist á dagskrá og hvort hann fái að spyrja ráðherra þeirra spurninga sem hann vilji spyrja. „Auðvitað verða að vera leikreglur. Ég er ekki algjör anarkisti – þó það sé freistandi,“ segir hann og hlær.

Þá vakti athygli þegar hann, seint á fimmtudagskvöld, óskaði upplýsinga um hvort fundað yrði inn í nóttina og gat þess um leið að hann væri búinn að missa af síðasta strætó.

Hlynur situr nú á þingi í fjórða sinn og er því flestum hnútum kunnugur. Hann segir hlutina ganga hægt fyrir sig. „Það er oft sagt að stjórnmál séu langhlaup en mér finnast vinnubrögðin hér á Alþingi vera eins og langhlaup í sírópi. Það er svo sem eðlilegt að varaþingmaður í stjórnarandstöðu hafi ekki rosalega mikil áhrif og ég hefði vissulega viljað koma mörgum málum áfram en ég treysti því að VG komist í stjórn á næsta kjörtímabili.“

Það sér fyrir endann á þingstörfum Hlyns – í bili að minnsta kosti – hann verður í átjánda sæti á lista í kosningunum í vor og gefur sig því allan að myndlistinni næstu ár. „Ég verð áfram áhugasamur um stjórnmál og mun áfram blogga um þau. Ég færi mig bara í grasrótina aftur.“


**Milljónamæringarnir á Sólarkaffi Ísfirðingafélagsins**

á Broadway föstudaginn 26. janúar 2007.
Forsala aðgöngumiða 20. janúar kl. 14.00-16.00.
Skemmtikraftar: Bardukha og Brynhildur Guðjónsdóttir leikkona.





ÍSFIRÐINGAFÉLAGIÐ STOFNAÐ 1945

# Verðhrun!

# á húsgögnum

## Fyrstur kemur fyrstur fær

## Allt að 90% afsláttur af húsgögnum

| | | | |
|---|---|---|---|
| Svefnsófi | 14.995 kr. | ~~29.990~~ kr. | 50% |
| Svefnsófi með púðum | 17.495 kr. | ~~34.990~~ kr. | 50% |
| Stóll með snúningi | 22.495 kr. | ~~56.000~~ kr. | 60% |
| Relax sófasett 3+1+1 | 144.950 kr. | ~~289.900~~ kr. | 50% |
| Relax sófi 3ja sæta | 84.950 kr. | ~~169.900~~ kr. | 50% |
| Relax sófi 2ja sæta | 82.450 kr. | ~~164.900~~ kr. | 50% |
| Relax stóll | 42.450 kr. | ~~84.900~~ kr. | 50% |
| Rúm 90x200 | 25.740 kr. | ~~42.900~~ kr. | 40% |
| Rúm 120x200 | 32.940 kr. | ~~54.900~~ kr. | 40% |
| Rúm 150x200 | 40.140 kr. | ~~66.900~~ kr. | 40% |
| Hornsófasett | 86.400 kr. | ~~144.000~~ kr. | 40% |
| kommóða | 13.600 kr. | ~~40.000~~ kr. | 66% |
| Meubar borðstofuborð | 19.996 kr. | ~~49.990~~ kr. | 60% |
| Sea borðstofuborð | 27.960 kr. | ~~69.990~~ kr. | 60% |
| Skinnklæddur skenkur | 10.999 kr. | ~~109.990~~ kr. | 90% |






**Húsgögn eru einungis fáanleg í Smáralind og á Akureyri.**

Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



Tilboð í viku 3 2007
-og nú koma
ERAN/Landlist
12"
760/800g pitsa
599 KR.
með 2 l Pepsi max
XXL risapitsa
FRESCHETTA
XXL
800g
PIZZA SPECIALE
2 lítrar
PEPSI MAX
Bónus býður betur!
Midi 108 stk./Maxi 88 stk.
Maxi + 80 stk./Junior 74 stk.
1698 KR.
KASSINN
Meira magn!
5-15% lægra verð!
Helgartilboð!
Pampers
72 bossaþurrkur fylgja með hverjum kassa um helgina!
2x =JUMBO
Pampers Baby-Dry
2x =80
2x =104 JUMBO
2x40=80
2x52=104
6x2 lítrar
12 lítrar
Pepsi Max 6x2l
699 KR.
12 lítra kipputilboð
EKKERT BRUDL
Mariachi
450g
198 KR.
CHEESE FLAVORED
Tortilla Chips
Mariachi risi


helgartilboðin!
Bajon skinka
30% afsláttur við kassann
BAJONSKINKA kílóverð nú:
1189 KR.
MERKT VERÐ 1698KR.
Soðin og klár skinka kílóverð nú:
1259 KR.
Merkt verð 1798KR.
30% afsláttur við kassann
840g hnallþóra
Súkkulaðiterta 840g
599 KR.
HNALLÞÓRA
Rúsínurnar eftir HÁKARLINN!
250g
RÚSÍNUR
49 KR.
250g
EGILS PILLI
48 KR.
500 ML
Vestfirskur hákarl
379 KR.
100g
Ferskur og safaríkur ananas 2 kíló!
199 KR.
SJÁÐU VERÐIÐ!
FORELDUÐ SVÍNARIF Spareribs
839 kg KR.
MERKT VERÐ 1198KR.
FORELDUÐ SPARERIBS
30% afsláttur við kassann
PORK ROAST kílóverð nú:
1049 KR.
MERKT VERÐ 1498KR.
Pork Roast helgarsteik frá ALI
3 í kassa!
49 KR.
Íslenskir laxabitar kílóverð nú:
798 KR.
Merkt verð 998KR.
Beinhreinsaðir íslenskir laxabitar frá Norðanfiski
www.bonus.is
BÓNUS

TARZAN-LEIKARINN JOHNNY WEISSMULLER LÉST ÞENNAN DAG 1984

*„Ég hef ekkert á móti lendaskýlunni en þessi sífelldi megrunarkúr er að ganga af mér dauðum.“*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 20. JANÚAR 1841

## Jörundur hundadagakonungur andast



Á þessum degi árið 1841 lést Jørgen Jørgensen, eða Jörundur hundadagakonungur eins og hann var kallaður á Íslandi. Jørgen fæddist í Kaupmannahöfn árið 1780 og var sonur konunglegs úrsmiðs. Fimmtán ára gamall var hann sendur í nám í siglingafræðum á breskum kaupskipum og fimm árum síðar, þegar hann var fullnuma í fræðunum, gekk hann í breska flotann og sigldi síðar með kaupskipum til Ástralíu.

Árið 1806 sneri Jørgen aftur til London og ári síðar til Kaupmannahafnar en þangað hafði hann ekki komið síðan á unglingsaldri. Sama ár sögðu Danir Bretum stríð á hendur og var Jørgen skikkaður til að gegna herþjónustu á dönsku herskipi. Hann gerðist hins vegar liðhlaupi og lét Bretum skipið í té og var fyrir vikið dæmdur föðurlandssvikari og réttdræpur sneri hann aftur heim.

Þótt hann væri í farbanni sigldi Jørgen til Íslands átta mánuðum síðar á kaupskipi en ferðin reyndist erindisleysa. Sumarið 1809 sneri hann hins vegar aftur, gerði byltingu og ríkti sem konungur yfir Íslandi á hundadögum. Tveimur mánuðum síðar var valdatíma hans lokið, Jørgen var fluttur aftur til Englands þar sem hann var fangelsaður fyrir að rjúfa farbann.

Í fangelsi kynntist hann fjárhættuspili og varð forfallinn spilafíkill. Árið 1810 var hann látinn laus í Reading og helgaði sig ritstörfum þar til ári seinna þegar hann fór til London og datt í ólifnað. Jørgen sólundaði ófáum tækifærum til að komast aftur til metorða og var ítrekað varpað aftur í fangelsi þar til hann var fluttur með fangaskipi til Ástralíu, Tasmaníu nánar tiltekið, árið 1825. Hann lést slyppur og snauður árið 1841, ári á eftir eiginkonu sinni, en sagt er að hann eigi niðja í Ástralíu.

### MERKISATBURÐIR

- **1841** Kína eftirlætur Bretum Hong Kong.
- **1921** Tyrkland er stofnað á rústum Ottoman-veldisins.
- **1942** Nasistaforingjar halda Wannsee-ráðstefnuna í Berlín og leggja á ráðin um „lokalausnina“.
- **1956** Buddy Holly hljóðritar „Blue Days Black Night“ í Nashville.
- **1957** Kjör íþróttamanns ársins fer fram í fyrsta sinn hjá Samtökum íþróttafréttamanna. Vilhjálmur Einarsson frjálsíþróttamaður hlaut titilinn.
- **1974** Snjódýpt á Hornbjargsvita mælist 218 sentímetrar, sem var met.
- **1991** Skíðaskálinn í Hveradölum brennur. Hann var svo byggður upp aftur ári síðar.

### AFMÆLI



**Baldur Jónsson** íslenskuprófessor er 77 ára.



**Jón J. Hjartarson** leikari er 65 ára.



**Pjetur St. Arason** kennari er 40 ára.

### FÆDDUST ÞENNAN DAG



**George Burns** grínisti 1896.



**Federico Fellini** kvikmyndaleikstjóri 1920.



**David Lynch** kvikmyndaleikstjóri 1946.

**ÞÓRHALLUR SIGURÐSSON, LADDI:** SEXTUGUR Í DAG

## Skemmtileg áskorun

Skemmtikrafturinn vinsæli Þórhallur Sigurðsson, Laddi, er sextugur í dag. „Ég verð að sýna í leikhúsinu alla helgina þannig að þetta verður rólegur dagur hjá mér. Svo verður vinum og vandamönnum boðið í smáveislu á mánudeginum. Þeir sem vinna allar helgar eiga bara frí á mánudögum,“ segir Laddi í léttum dúr.

Hann hefur verið upptekinn að undanförnu við sýningar í Borgarleikhúsinu á leikritunum Ó fagra veröld, Viltu finna milljón og Ronju ræningjadóttur, auk þess sem hann er að æfa fyrir nýtt verk. Verður því lítill tími fyrir veisluhöld í dag.

Laddi segist ekki hafa viljað halda afmælisstórveislu, svipaða þeirri sem vinur hans Hemmi Gunn hélt fyrir nokkru. Frekar vilji hann hafa rólegheitin í fyrirrúmi þar sem gestirnir geti gætt sér á smáréttahlaðborði í afslöppuðu umhverfi. „Þetta verður bara rólegt og engin stórhátíð. Það getur vel verið að ég syngi eitt eða tvö lög í tilefni dagsins og aldrei að vita nema Halli bróðir taki lagið líka,“ segir hann.

Laddi lætur engan bilbug á sér finna þótt hann sé kominn á sjötugsaldurinn. „Þetta er skemmtileg áskorun að takast á við næstu tíu árin og svo þarnæstu tíu árin. Þetta er bara fínt og ég hef aldrei verið sprækari,“ segir hann og játar að hann ætli að skemmta fólki þar til hann dettur niður dauður. „Ég hugsa að ég skemmti í jarðarförinni á einn eða annan hátt,“ segir hann og hlær.

Eina afmælisgjöfin sem Laddi óskar sér er að vera hress og kátur og með heilsuna í lagi. Þegar hann lítur yfir farinn veg segist hann vera mjög sáttur og bætir því við að hann hafi ekki sett sér markmið fyrir framtíðina. „Ég ætla bara að halda ótrauður áfram eins og ég hef gert.“

Í tilefni af sextugsafmælinu gaf Laddi nýverið út safnplötuna Hver er sinnar kæfu smiður, sem hefur að geyma 47 lög með hinum ýmsu persónum hans í gegnum tíðina. Að auki er hann að undirbúa sýninguna Laddi 6-Tugur í Borgarleikhúsinu sem verður frumsýnd 17. febrúar þar sem allar persónurnar koma við sögu. „Við erum að klára handritið núna um helgina og það verður byrjað að æfa í næstu viku. Þarna verða allir karakterarnir. Þetta vera örugglega hundrað manns,“ segir afmælisbarnið og hlær.

freyr@frettabladid.is



**LADDI** Þórhallur Sigurðsson ætlar að taka því rólega í dag en heldur afmælisveislu á mánudaginn.

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Ari Huynh**
veitingamaður,

sem andaðist 15. janúar sl. verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 24. janúar nk. og hefst athöfnin kl. 13.

**Margrét Huynh**
**Anna Aradóttir**
**Torfi Arason** — **Borghildur F. Kristjánsdóttir**
**Bogi Arason** — **Eyrún Jónsdóttir**
**Stefán Arason**
**Hákon Arason**
**og barnabörn.**

---



*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Haraldur Leó Hálfdánarson**
Hábæ 33, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Árbæjarkirkju mánudaginn 22. janúar kl. 13.00.

**Ragnhildur Oddný Guðbjörnsdóttir**
**Jónína Haraldsdóttir**
**Stefanía Halldóra Haraldsdóttir**
**Sigurður Már Haraldsson**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Eiginmaður minn, faðir okkar og afi,*

**Björn Jóhannsson**
frá Skriðufelli í Gnúpverjahreppi,

andaðist á Heilbrigðistofnun Suðurlands á Selfossi mánudaginn 15. janúar síðastliðinn. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Kristín Guðmundsdóttir**
**Þórdís Björnsdóttir** — **Þórarinn Garðarsson**
**Bergur Þór Björnsson**
**Rúnar Geir Björnsson**
**Jóhann Björnsson** — **Unnur Ósk Sigurðardóttir**
**Guðmundur Björnsson** — **Inga Helma Guðfinnsdóttir**
**Hjalti Björnsson** — **Helga Jóhannsdóttir**
**Björn Hrannar Björnsson** — **Magnea Guðmundsdóttir**
**og barnabörn.**

---



*Elsku eiginmaður minn, faðir okkar, afi og bróðir,*

**Lárus Arnar Pétursson**
tannlæknir, Heiðarbraut 61, Akranesi,

lést þriðjudaginn 16. janúar. Útför hans fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 26. janúar kl. 14. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

**Svanhildur Thorstensen**
**Pétur Atli Lárusson**
**Lilja Björk Lárusdóttir**
**Hulda Klara Lárusdóttir**
**Lára Björk**
**Sólrún Pétursdóttir.**

---



*Faðir minn,*

**Guðmundur Magnússon, (Balli),**

er látinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Gunnar Guðmundsson og barnabörn.**

---



**15 ára**

**Freyja María Cabrera**

Til hamingju með 15 ára afmælisdaginn og ferminguna.

Bestu óskir

**þinn pabbi**

---



**70 ára**

**María Gunnþórsdóttir**

Selnesi 32 Breiðdalsvík,

er sjötug í dag, laugardaginn 20. janúar. Af því tilefni verður opið hús að Fögrubrekku 13 í Kópavogi, þar sem tekið verður á móti gestum frá kl. 15.00.

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

# OG NÚ ER FJÖR rýmum fyrir nýjum vörum

## Spring Air Never Turn

Dýna botn og lappir
Queen kr. 109.900,-
King kr. 139.900,-



## Sængurver

15-30% afsláttur





## Hægindastólar

25-30% afsláttur



## Gaflar og náttborð

15-50% afsláttur

## Svefnsófar

15-30% afsláttur



## Gravity Zero

Stillanleg rúm á ótrúlegu tilboði





## Tempur Premium

Örfá eintök af þessu frábæra stillanlega rúmi á kr. 360.000,-



## Crown heilsurúm

160x200 með botni og löppum á aðeins kr. 84.900,-

# Lítið útlitsgölluð rúm

## á ótrúlegum afslætti - takmarkað magn

Betra BAK

*Faxafeni 5*
*Reykjavík*
*Sími 588 8477*
*www.betrabak.is*

*Vörubær*
*Tryggvabraut 24*
*Akureyri*
*Sími 462 1410*

*Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16*


NOKKUR
VERÐDÆMI
ÚTSALA
50% afsláttur
1.195
2.390
Vnr. 65743163
Brauðrist
KASSEL brauðrist, 800w, hvít.
30% afsláttur
4.193
5.990
Vnr. 65743042
Handryksuga
BOSCH handryksuga.
www.byko.is
verslaðu á netinu
30-70% afsláttur
af ÖLLUM ljósum
67% afsláttur
990
2.990
Vnr. 41348356
Matar- og kaffistell
Matar- og kaffistell, brúnt, 20 stk, 4 manna.
45% afsláttur
1.645
2.990
Vnr. 41114088
Kaffikanna
SVP kaffikanna,
króm, 1 ltr.
Allt að
70% afsláttur
af ÖLLUM leikföngum
í BYKO Breidd

# LAGER HREINSUN

## allt á að seljast!

BYKO

GÆÐI Á LÆGRA VERÐI



**THEODÓR JÚLÍUSSON** Gaf frá sér bakarísrekstur á Dalvík og réði sig til Leikfélags Akureyrar árið 1978. „Ég mætti á minn fyrsta samlestur hinn 21. ágúst sem er afmælisdagurinn minn sem gerir þetta eftirminnilegt. Ég hef svo starfað sem leikari síðan,“ segir Theodór, sem fylltist óróa þegar hann fann á sér að baksturinn hentaði honum ekki sem ævistarf. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Bakarasveinninn vildi leika

**Theodór Júlíusson** hefur komið víða við á löngum leikferli. Áður en leiklistin heltók hann var hann bakari á Siglufirði. ***Þórarinn Þórarinsson*** ræðir við Theodór um bakstur, ást á elliheimili, gítargutl og síldarævinýri.

Theodór er lærður bakari og þótt leiklistin hafi verið honum hugleikin síðan í æsku gerði hann ráð fyrir því að baksturinn yrði ævistarf hans. „Ég kláraði sveinsprófið 19 ára gamall. Þá gifti ég mig líka og eignaðist mitt fyrsta barn skömmu síðar. Við fórum svo þrjú til Noregs eftir sveinsprófið og þar fór ég í konditorinám í eitt og hálft ár. Meiningin var auðvitað að leggja þetta fyrir sig,“ segir Theodór.

Frá Noregi lá leið Theodórs til Reykjavíkur en eftir stutta viðdvöl fór hann til Ísafjarðar þar sem Gamla bakaríið bráðvantaði bakara. „Ég var á Ísafirði í tvö ár og þar hellti ég mér strax út í leiklistina. Ég starfaði með Litla leikklúbbnum á Ísafirði með mjög góðu fólki. Þarna kom gott fólk til að leikstýra og maður fylltist miklum áhuga.“

### Ólæknandi leiklistarbaktería

Leiklistarbakterían hafði þó grasserað í Theodóri miklu lengur. „Þetta hefur alltaf fylgt mér. Faðir minn var í leiklist og ég stundaði áhugaleik á Siglufirði af miklu kappi, tók virkan þátt í félagsstarfi í skólanum og var prímusmótorinn í leikfélaginu á Siglufirði.“ Theodór segir unglingsárin einnig hafa snúist mikið um tónlist og hann stofnaði hljómsveit með félögum sínum sem leystist ekki upp fyrr en hann fór til Noregs.

Eftir Ísafjarðarárin sneri Theodór aftur á heimaslóðir og tók við rekstri bakarís á Siglufirði. „Ég rak bakaríið í tvö til þrjú ár en þá var komin einhver ólund í mig og ég var farinn að finna á mér að þetta myndi ekki verða ævistarf mitt.“ Theodór hætti rekstrinum og gerðist æskulýðs- og íþróttafulltrúi Siglufjarðar. „Ég fór samt aftur á fullt í leiklistinni, varð formaður leikfélagsins og sótti nokkur námskeið bæði hér heima og erlendis.“

### Aftur í baksturinn

Theodór segir að það hafi komið niður á pyngjuni þegar hann hætti eigin rekstri og gerðist launamaður. „Það varð allt erfiðara enda heimilið stórt og dæturnar orðnar þrjár.“ Theodór þáði því tilboð um starf í bakaríi á Dalvík með möguleika á að gerast meðeigandi. „Við hjónin slógum til og fluttum til Dalvíkur. Þar byrjar sama sagan og ég kemst strax í samband við fólk í leikfélaginu á Dalvík og held áfram að leika þar.“

Á Dalvík komst Theodór í kynni við fólk hjá Leikfélagi Akureyrar sem hafði þá var orðið atvinnuleikhús. Hann var síðan ráðinn þangað árið 1978.

### Stokkið út í nám

„Það truflaði mig svolítið að hafa ekki einhvers konar leikaramenntun þó ég hafi verið duglegur að sækja námskeið og sótti um í skólanum Drama Studio í London, komst inn og fór út árið 1986. Þetta var raunverulega framhaldsnám og ég útskrifaðist þaðan eftir árs nám. Þetta var óskaplega skemmtilegt og ég naut þess líka að hafa töluvert mikla sviðsreynslu umfram aðra nemendur enda hafði ég þá þegar unnið með mörgum góðum leikstjórum en það er á við margra ára nám.“

### Sest að í Borgarleikhúsinu

Haustið 1988 fór Theodór suður til þess að leika gestahlutverk hjá Leikfélagi Reykjavíkur í söngleiknum Heimsmeistarakeppninni í maraþondansi eftir Horace McCoy. „Ég fékk leyfi til að fara suður og þetta hafði þau áhrif á mig að ég fór að hugsa mér til hreyfings,“ segir Theodór, sem fékk lausráðningu við Borgarleikhúsið í kjölfarið. „Þetta var um það leyti sem Borgarleikhúsið opnaði og konan mín fékk vinnu í miðasölunni og varð fljótlega gerð að miðasölustjóra. Eftir þetta var í sjálfu sér ekki aftur snúið og við tókum ákvörðun um að flytja alfarið suður. Ég fékk svo fastráðningu við Borgarleikhúsið 1991 og hef verið hér síðan.“

> **„Þetta er bara verkefni sem þarf að leysa og í sameiningu tókst okkur að gera persónuna eins og hún átti að vera: Ógnvekjandi glæpamaður!**

### Síldarævintýrið

Sú taug sem tengir Theodór við Siglufjörð er römm og æskustöðvarnar eru honum ofarlega í huga. „Ég er fæddur þarna og uppalinn og konan mín líka. Við sóttum alltaf mjög mikið á Siglufjörð, til dæmis eftir að við fluttum til Akureyrar. Við eyðum yfirleitt sumarfríunum þarna enda eigum við mikið af ættingjum á Siglufirði og ég stundaði sjómennsku þaðan á sumrin. Árið 1991 var sú hugmynd viðruð við mig að reynt yrði að gera eitthvað um verslunarmannahelgi í tengslum við Síldarminjasafnið. ”

Theodór sá fyrir sér að þetta gæti orðið gaman, sló til og tók að sér skipulagningu fyrsta Síldarævintýrisins. „Þetta heppnaðist vel. Við vorum heppin með veður og það komu ótrúlega margir miðað við hversu fyrirvarinn var stuttur. Það var því ákveðið að halda þessu áfram og endurtaka leikinn að ári. Þá varð alger sprenging. Það var eiginlega alveg skelfilegt. Það kom svo mikið af fólki.“

Allt fór þetta þó vel og Theodór var í fremstu víglínu Síldarævintýrisins á næstu árum. „Það er mjög gefandi og gaman að fá að taka þátt í einhverju sem lukkast jafn vel en eftir sex ár var ég eiginlega búinn að fá nóg. Þetta er slítandi til lengdar og þar sem ég hafði nóg að gera í leikhúsinu á veturna þótti mér tími til kominn að fá aftur almennilegt sumarfrí. Ég ákvað því að hætta en sem betur fer tók gott fólk við þessu og þetta hefur haldið áfram allar götur síðan.“

### Stormarnir sækja í sig veðrið

Theodór og félagar hans sem byrjuðu að spila popptónlist í hljómsveitinni Stormar á Siglufirði 1963 komu aftur saman eftir að Síldarævintýrið varð að veruleikaog hafa síðan komið fram af og til á Siglufirði. „Það má segja að þetta sé tómstundagaman fyrir okkur.“

Theodór segist „gutla svolítið á gítar“ með sveitinni en hann hafi fyrst og fremst verið söngvari sveitarinnar og gegni því hlutverki enn. „Við byggjum alfarið á þeirri tónlist sem við spiluðum í gamla daga, Kinks, Rolling Stones og svo framvegis.“

Stormarnir hafa haft hægt um sig síðustu tvö ár eða svo en eru að sækja í sig veðrið. „Þessa dagana erum við að taka okkur saman í andlitinu og erum komnir í startholurnar. Við höfum bara haft svo mikið að gera að það var ágætt að taka smá pásu.“

### Ást á elliheimili

Theodór er að æfa fyrir söngleik sem til stendur að setja á fjalirnar í Borgarleikhúsinu í febrúar. „Þetta er samstarfsverkefni Borgarleikhússins og Vesturports. Vinnuheitið á söngleiknum er Ást og hann gerist á elliheimili. Þeir sömdu þetta Gísli Örn Garðarsson og Víkingur Kristjánsson. Ég er að vinna þarna með mjög skemmtilegu fólki eins og Kristbjörgu Kjeld, Ómari Ragnarssyni, Magnúsi Ólafssyni, Pétri Einarssyni, Hönnu Maríu Karlsdóttur og Charlotte Böving. Það verður mjög spennandi að sjá hvernig þetta kemur út og líf á elliheimili er spennandi viðfangsefni að taka fyrir.“

Sköpunargleðin og krafturinn í Vesturportshópnum hefur vakið mikla athygli á undanförnum árum og Theodór segir samstarfið vera mjög skemmtilegt. „Ég kynntist flestum þessum krökkum sem eru í Vesturporti þegar þau byrjuðu hér í Borgarleikhúsinu. Gísli Örn, Nína og Björn léku öll í Púntila og Matta þar sem ég fór með burðarrulluna. Ég þekki þessa krakka vel og hef fylgst stoltur með sigrum þeirra sem eru alveg ótrúlegir og þau hafa sýnt fram á að leiklist er er útflutningsvara. Það er mjög gaman að vera kominn í vinnu með Gísla Örn sem leikstjóra.“

### Vondir menn og góðir

Theodór skýtur reglulega upp kollinum í íslenskum kvikmyndum og hann fer ekki leynt með að kvikmyndaleikurinn á afskaplega vel við hann. „Þetta er allt annað form og allt öðruvísi vinna en mér finnst þetta mjög skemmtilegt. Ég er þakklátur fyrir að hafa fengið tækifæri til að leika í talsvert mörgum bíómyndum og fást við ólík hlutverk. Það litar starfið að fá að fara í eina og eina bíómynd. Ég hef verið mjög heppinn að fá að vinna með leikstjórum eins og Friðriki Þór, Ragnari Bragasyni, að ég tali nú ekki um Baltasar Kormák sem er stórkostlega skapandi listamaður sem sannur heiður er að fá að vinna með.“

Baltasar leikstýrði Theodór í Mýrinni þar sem sá síðarnefndi fór á kostum sem illmennið og fautinn Elliði en í sameiningu tókst leikaranum og leikstjóranum að laða fram villidýrið í dagfarsprúða norðanmanninum. „Þessi rulla hefur vakið mikla athygli en ég hugsaði aldrei um hversu svakalegur hann er. Þetta er bara verkefni sem þarf að leysa og í sameiningu tókst okkur að gera persónuna eins og hún átti að vera: Ógnvekjandi glæpamaður! Það er bara þannig með þessa blessuðu leiklist að það þýðir ekkert að vera að velta sér upp úr rullunum. Maður skilar bara persónunum eins og þeim er lýst og þær koma fyrir í handritinu hvort sem um er að ræða vonda eða góða menn.“

## Theodór í hnotskurn

Fæddur á Siglufirði 1949
Sveinspróf í bakaraiðn 19 ára
Fastráðinn leikari hjá LA 1978
Kosinn varaformaður LA 1979 og sat í stjórn félagins sem formaður eða varaformaður um árabil.
Fastráðinn leikari hjá LR 1989 og hefur leikið um 50 hlutverk hjá félaginu
Gjaldkeri Félags íslenskra leikara 1991-2002
Kosinn í stjórn Leikfélags Reykjavíkur árið 2002







# allt



## ALLT HITT

[ BÍLAR FERÐIR TÍSKA ]

**Subaru** hefur fengið nýja íslenska heimasíðu www.subaru.is. Þar er hægt að nálgast myndir og upplýsingar um Legacy, Impreza, Outback, Forester og B9 Tribeca.

**Ferðaáætlun FÍ** komur út í lok mánaðarins, en verið er að leggja lokahönd á hana. Ferðafélagið stefnir að því að opna nýja og endurbætta heimasíðu samfara útgáfunni.

**Volvo XC90** árgerð 2008 er kominn í Brimborg. Bíllinn kostar 6.590.000 kr. Það sem er sérstakt við bílinn er að hann er búinn sérstöku kerfi sem breytir ósoni í hreint súrefni.



**Hótel** Örk heldur upp á 20 ára afmæli sitt í janúar og febrúar. Haldið er upp á áfangann með því að hverfa aftur til verðlagsins 1986 og kostar gisting, morgunverðarhlaðborð, þriggja rétta kvöldverður og dansleikur 5.540 kr.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 20. janúar, 20. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.43 | 13.39 | 16.35 |
| Akureyri | 10.46 | 13.23 | 16.02 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími 550 5000
Auglýsingasími Allt 550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Daði Snær Skúlason er að leggja lokahönd á Toyotu Hilux sem hann bjó til úr tveimur jeppum af árgerð 1990 og 1991 eftir að sá fyrrnefndi valt í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fínasta Toyota-blanda

***Toyota Hilux-jeppinn af árgerð 1990 hafði verið lengi í fjölskyldunni þegar Daði fékk hann í 18 ára afmælisgjöf.***

„Grindin var í köku eftir veltu í haust svo ég byrjaði á að finna annan jeppa til að fá nýja grind og varahluti," segir hinn átján ára Daði Snær Skúlason, sem vinnur að því að smíða einn jeppa úr tveimur hræjum. Eftir langa leit fannst hvítur handmálaður Toyota Hilux árgerð 1991 sem hafði séð fífil sinn fegri. „Ég byrjaði á að rífa allt innan úr bílunum og færa yfir það sem ég vildi halda."

Gamli undirvagninn var notaður en þurfti á ýmsum varahlutum að halda. Nú er Daði að leggja lokahönd á nýju útgáfuna og hefur fengið dygga aðstoð frá pabba sínum sem er rafvirki, en líka frá kærustunni sem var með í veltunni. „Kærastan mín gaf mér bók um bílaviðgerðir sem er mjög skemmtileg, en maður lærir samt mest á að prófa sig áfram í bílskúrnum," segir Daði brosandi.

Hann er mikið í bílastússi með vinum sínum sem margir hafa gaman af því að gera upp bíla og gera við, en segist þó ekki ætla að leggja bifvélavirkjun fyrir sig. „Ég hef mjög gaman af því að stússast í vélum og slíku svo ég býst við að fara í verkfræðina eftir menntaskólann," segir Daði.

*rh@frettabladid.is*




**Nýr sjúkraþjálfari**

Sandra Dögg Árnadóttir sjúkraþjálfari B.Sc. hefur hafið störf hjá okkur.

HREYFI GREINING
SJÚKRAÞJÁLFUN OG LÍKAMSRÆKT
Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is







**Dekkin** geta orðið sleip ef of mikil tjara safnast fyrir á þeim.
Best er að hreinsa þau með tjöruhreinsi með reglulegu millibili.

Allt á einum stað
SUMARDEKK
HEILSÁRSDEKK
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAGEYMAÞJÓNUSTA
BREMSUKLOSSAR
PÚSTÞJÓNUSTA
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

Alternatorar – Startarar
Í Fólksbíla, Vinnuvélar, Vörubíla, Rútur, Jarðýtur, Dráttarvélar o.fl.
Á lager og hraðpantanir, einnig viðgerðir.

Einnig:
• Truma Gasmiðstöðvar
• Bakkmyndavélar, hefðbundnar
• Bakkmyndavélar, á spegil
• Spennubreytar 12v/220. 150-3000 w
• Árekstrarvarar
YFIR 40 ÁRA REYNSLA OG ÞEKKING.
Valeo & truma umboðið
BÍLARAF
Auðbrekku 20,
Sími 564 0400

HEILDARLAUSNIR Í DRIFSKÖFTUM

Landsins mesta úrval af hjöruliðum og drifskaftsvörum
Jafnvægisstillingar
FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



Sober Riders er mótorhjólaklúbbur þeirra sem lifa eftir 12 spora kerfi og eru meðlimir í AA, NA eða CA. Hundurinn Fidel sleppur við það inntökuskilyrði.

# Verndarenglar á hjólum

***Sober Riders er mótorhjólaklúbbur þeirra sem lifa eftir 12 spora kerfinu.***

Árið 2005 ákváðu nokkrir félagar sem studdu hvern annan í baráttunni við áfengið að stofna mótorhjólaklúbb. Inntökuskilyrði er að vera meðlimur í AA, CA eða NA og lifa eftir 12 spora kerfi. Markmið klúbbsins eru að hittast og hjóla, spjalla og standa við bakið á hver öðrum.

Magnús Kristjánsson er forseti Sober Riders, en svo nefnist klúbburinn, og einn af stofnendunum. „Þegar við vorum búnir að ákveða að stofna klúbbinn fórum við að leita að erlendum fyrirmyndum. Við vorum ekki lengi að finna hana í Sober Riders, sem eru bandarísk vélhjólasamtök fyrir alkóhólista og aðra sem eru í 12 spora kerfinu,“ segir Magnús. „Við vorum fjórir í upphafi en fjöldinn hefur stöðugt vaxið og nú erum við rúmlega tuttugu.“

Sober Riders er mjög virkur félagsskapur og hittast meðlimirnir einu sinni í viku. „Við bæði hittumst til að funda um málefni klúbbsins og bara til að spjalla um lífið og tilveruna,“ segir Magnús. „Við hjólum auðvitað heilmikið, förum saman í ferðir eða gerum það sem okkur dettur í hug.“

Það er algengara að tengja óhóflegt líferni og glæpi við mótorhjólamenninguna en baráttu við alkóhólisma. „Við reynum að vera góðar fyrirmyndir. Erum í raun andstæður þessarar stereótýpu, sem er frekar röng,“ segir Magnús. Þetta endurspeglast ef til vill best í því viðurnefni sem Sober Riders hafa. Þeir kalla sig Kerúba, vængjaða verndarengla sem minnst er á í gamla testamentinu og opinberunarbókinni, þar sem þeir verja tré lífsins við austurinngang Eden.

Eitt helsta umræðuefni á fundum Sober Riders þessa dagana er hvernig þeir geti lagt sitt á vogarskálarnar til að sporna við alkóhólisma og fíkniefnaneyslu. „Okkur langar að taka þátt í forvörnum og erum boðnir og búnir að aðstoða þá sem vinna að slíku,“ segir Magnús. „Þannig vonumst við til að geta gert öðrum gagn.“

*tryggvi@frettabladid.is*

## Sektir vegna litaðrar olíu hækka

HÆKKUN ÚR 30 Í 200 ÞÚSUND

Þeir sem dæla litaðri olíu á bíla sem ætlaðir eru til almenns aksturs hugsa sig væntanlega tvisvar um í framtíðinni áður en þeir stelast til að fylla bílinn. Alþingi hefur samþykkt að hækka sektir verulega.

Áður voru viðurlögin um 30.000 krónur en hafa nú verið hækkuð í 200.000 til 1.250.000 eftir stærð bíla.



Það getur verið dýrt spaug að dæla litaðri olíu á ökutæki sem hefur ekkert með hana að gera.



Ekki verður þörf á alþjóðlegu ökuskírteini ef keyrt er í Evrópusambandslöndum.

## Ný ökuskírteini

EVRÓPUÞINGIÐ HEFUR SAMÞYKKT NÝJA REGLUGERÐ UM ÚTGÁFU SAMEVRÓPSKS ÖKUSKÍRTEINIS.

Í Evrópu eru yfir 100 mismunandi tegundir ökuskírteina í umferð. Hvert land hefur sínar reglur og sín skírteini sem mörg hver eru komin til ára sinna og eru jafnvel gefin út af ríkjum sem ekki eru til í dag. Þetta vill Evrópusambandið laga með útgáfu samevrópsks ökuskírteinis sem taka á gildi 2013 í öllum aðildarlöndum.

Ísland mun taka þátt í þessari breytingu en hún hefur meðal annars í för með sér samræmingu gildistíma. Hann styttist í 10 til 15 ár en það er breyting sem margir, til dæmis Þjóðverjar, sem hingað til hafa fengið skírteini ævilangt, áttu erfitt með að sætta sig við. Einnig mun leyfilegur aldur til að keyra vörubíl hækka upp í 21 ár og 24 ár ef keyra skal rútu.

Skírteinið mun einfalda allt ökueftirlit og gera falsanir erfiðari. Sömuleiðis er því ætlað að hindra að þeir sem misst hafi ökuréttindi geti farið til nágrannalandanna og endurnýjað þau þar.

Árið 2032 eiga öll eldri skírteini að hafa fallið úr gildi og einungis nýja gerðin verður tekin gild.

*- tg*

Höfum til afhendingar strax

Nýjir 2007

CHALLENGER GENESIS 38.
Lengd 6,7 metrar.
2,3 L. 130 Hestöfl. Svefnpláss fyrir 4.
L-laga eldhús. Hjónarúm afturí.
Verð 5.750.000 kr.
CHALLENGER MAGEO 109.
Lengd 7,04 metrar.
2,3 L. 130 Hestöfl. Svefnpláss fyrir 3.
Tvö einföld rúm afturí.
Verð 6.450.000 kr.
CHALLENGER MAGEO 108.
Lengd 6,58 metrar.
3,0 L. 160 hestöfl. Svefnpláss fyrir 3.
L-laga eldhús. Hjónarúm afturí.
Verð 6.600.000 kr
Bílexport ehf.
www.bilexport.dk • boas@bilexport.dk
Upplýsingar gefur Bóas sími 0049-175-271-1783

# Fullkominn sprautunarklefi

*Fyrirtækið Glitur býður upp á tjónamat á bílum, sprautun og réttingar.*

„Hjá okkur geta ökutækjaeigendur mætt með bíla og klárað dæmið," útskýrir Guðjón Sigurðsson, einn starfsmanna Gliturs bílaréttinga- og sprautunarfyrirtækis.

„Bifreiðaeigendur geta þannig byrjað á því að láta meta viðgerðarkostnað vegna skemmda á ökutækjum," heldur hann áfram. „Farið er eftir svokölluðu CABAS-tjónamatskerfi. Ökutækjaeigendur losna því við að fara með ökutækin á skoðunarstöð tryggingafélaganna til að láta meta tjónið. Áætlað mat er sent til tryggingafélags viðkomandi aðila, en Glitur á í samstarfi við þau öll. Þegar skýrsla, tjónanúmer og leyfi berast síðan frá tryggingafélaginu, þá er pöntun varahluta hafin."



Guðjón Sigurðsson segir starfsmenn Gliturs leggja metnað sinn í að bjóða eigendum tjónabíla upp á fulla þjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Að sögn Guðjóns útvegar Glitur bifreiðaeigendum ökutæki á meðan viðgerð stendur, þeim að kostnaðarlausu, að því tilskildu að samþykkt fáist frá tryggingafélaginu. Óháð því hversu langan tíma tekur að gera við skemmdina. Hann segir þó algengt að viðgerðir á minniháttar skemmdum taki á bilinu tvo til fimm daga. Stærri tjón séu hins vegar mæld í vikum.

„Fullkominn sprautunarklefi er notaður eftir réttingu, sem hefur gott loftflæði til að mæta kröfum vatnslakksins," bendir Guðjón á. „Samkvæmt lögum má ekki nota annars konar lökk. Sérstakt vatnsefni er þá notað til að þynna efnið í stað þynnis og fyrir vikið hlýst minni mengun af efninu. Lakkið er þó á engan hátt verri en þynnislökkin sem notuð voru áður fyrr. Auk sem þetta er vistvænn möguleiki."

Hægt er að fá frekari upplýsingar um Glitur og þjónustu þess á vefsíðunni www.glitur.is og með því að hafa samband í síma 588-3111.

*roald@frettabladid.is*



FYRIR Toppurinn á Toyota Corolla-bíl sem hefur orðið fyrir tjóni.



EFTIR Hér sést ofan á Toyota Corolla-bifreiðina eftir meðferð hjá starfsmönnum Gliturs.



Sýning verður á nýjum Mitsubishi Pajero hjá söluumboðum Heklu í dag milli 10 og 16 og á morgun milli 12 og 16.

# Nýr Pajero á markað

*Um helgina frumsýnir Hekla nýjan Mitsubishi Pajero.*

Mitsubishi fullyrðir að 2008 árgerð Pajero sé mun betri en forverar hans hvað varðar afl, tæknibúnað, öryggi og aksturseiginleika.

Auðséð er að nýja árgerðin er íburðarmeiri en forverarnir og meðal annars er hægt að fá 800W Rockford-hljóðkerfi og bakkmyndavél í bílinn að ógleymdum DVD-spilara og innbyggðu leiðsögukerfi.

Þess má geta að nú stendur yfir Dakar-rallið sem Pajero hefur haft mikla yfirburði í síðustu ár. 2006 landaði Pajero 11. sigri sínum í mótinu og er þetta er ritað leiðir liðið keppnina.

## Accord innkallaður

81.000 HONDA ACCORD-BÍLAR VERÐA INNKALLAÐIR Í BANDARÍKJUNUM. GALLANN ER EKKI AÐ FINNA Í BÍLUM Á ÍSLANDI.



Loftpúðakerfi í Honda Accord framleiddum í Bandaríkjunum getur reynst ökumönnum hættulegt.

Honda í Bandaríkjunum hefur sent frá sér yfirlýsingu þess efnis að 81.000 Honda Accord-bílar verði innkallaðir vegna galla í loftpúðakerfi. Nemi sem skynjar stöðu ökumannsins er vitlaust staðsettur. Staðsetningin er þó ekki aðalvandamálið. Skynjaranum er hætt við að bila og við árekstur blæs loftpúðinn út á fullum þrýstingi og getur það verið hættulegt ökumönnum.

Vandamálið er eingöngu í árgerðum 2004 og 2005 framleiddum í Bandaríkjunum. Þeir sem hafa keypt bíla sína hérlendis þurfa því ekki að hafa áhyggjur.

*-tg*




IVECO

Nýr Daily

Með öll gen ATVINNUBÍLSINS
Lipur, mjúkur og hljóðlátur
með einstakt vinnuumhverfi

*Staðalbúnaður:*

- ***ASR Spólvörn***
- ***ABS Hemlakerfi***
- ***ESP Stöðuleikastýring***
- ***Nýr EURO 4 mótor***
- ***Tímastillt olíumiðstöð***
- ***Stórir rafdrifnir upphitaðir speglar***

***Í boði eru fimm vélastærðir***
***Frá 106 hö. til 176 hö.***

***Heildarþyngd frá 2,9 til 6,5 tonn***

*Aukabúnaður:*
***5 Þrepa Rafskipting***
***Loftpúðafjöðrun og driflæsing***

VÉLAVER hf.

Krókhálsi 16
Sími 588 2600
www.velaver.is

## Hvað er ... DSG-skipting?

Til eru óteljandi gerðir af gírkössum. Í grunninn eru tegundirnar tvær: beinskiptir og sjálfskiptir kassar. Til eru óteljandi útfærslur af kössunum tveimur og er ein þeirra DSG.

DSG (Direct Shift Gearbox) er sjálfskipting sem inniheldur tvær kúplingar. Önnur þeirra sér um fyrsta, þriðja og fimmta gír auk bakkgírs en hin sér um annan og fjórða gír auk sjötta gírs, sé hann til staðar. Kostir tvöföldu kúplingarinnar eru að tíminn sem það tekur sjálfskiptingu að skipta um gír styttist til muna. Í stað þess að losa tenginguna við gírkassann, skipta um gír og mynda tengslin aftur er einfaldlega skipt á milli kúplinga.

Tölva sér um að meta hvort sé verið að hraða bílnum eða hægja á honum, út frá stöðu bensíngjafarinnar. Þannig getur hún verið tilbúin með rétta gírinn. Sé verið að gefa í úr kyrrstöðu er skipt frá fyrri kúplingunni, sem sér um fyrsta gírinn, yfir í hina sem sér um annan gírinn. Á meðan gefið er inn í öðrum gír skiptir fyrri kúplingin yfir í þriðja gír og er tilbúin þar. Sé hægt á bílnum í öðrum gír skiptir hún aftur niður í fyrsta gír.

Skiptitíminn á DSG-skiptingu er 8 ms. Það er mun hraðar en mannshöndin ræður við. Til samanburðar tekur það SMT-skiptingu (Sequential manual transmission) í Ferrari Enzo 140 ms að skipta og sambærilegar skiptingar í formúlubílum 40 ms.

DSG er ekki fyrsti tvöfaldi gírkassinn, langt í frá. Gírkassi með tvöfaldri kúplingu var fundinn upp rétt fyrir síðari heimsstyrjöldina en vegna þess að tölvugetuna vantaði til að stjórna honum var hann aldrei framleiddur. Það er að segja ekki fyrr en á níunda áratugnum. Skiptingin var þó ekki nýtt að ráði fyrr en Volkswagen byrjaði að nýta hana í bíla sína og dótturfyrirtækja á síðustu árum.

Í dag er hægt að fá gírkassa með tvöfaldri kúplingu í ýmsum bílum, meðal annars í 1001 hestafla Bugatti Veyron. Á öllu viðráðanlegra verði eru Volkswagen-bílar, Audi, SEAT og Skoda Octavia.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



# Borgar sig ekki að spóla

***Bílar fastir í snjó eru algeng sjón um þessar mundir. Ruðningar liggja á vegum þrátt fyrir ötult starf snjómoksturstækja og áður en maður veit af kemst bíllinn hvorki aftur á bak né áfram.***



Félag íslenskra bifreiðaeigenda, FÍB, býður félagsmönnum sínum upp á aðstoð og vegaþjónustu allan sólarhringinn allan ársins hring.

Góð ráð í snjónum geta verið dýr þegar maður situr fastur í stæði seint að kvöldi. Sumardekk hafa ekkert að gera út á vegina í þessari færð og það borgar sig almennt að setja vetrardekkin undir í nóvember.

Vetrardekkin gera lítið gagn ef þau eru gömul og slitin og sömu sögu er að segja um heilsársdekk. Hvort sem bifreiðaeigendur velja negld dekk, grófmunstruð vetrardekk án nagla eða heilsársdekk er aðalreglan að dekkin séu heil svo þau geri gagn í snjónum. Fyrir notendur heilsársdekkja er þetta sérstaklega mikilvægt þar sem dekkin eru í notkun eins og nafnið segir til allt árið og slitna eðlilega meira en dekk sem fara undir bílinn aðeins að vetri.

Á veturna ættu allir að hafa góða hanska og hlý föt, sköfu, lítinn kúst, kaðal, sköflu, poka með salti eða sandi og varúðarmerki í bílnum. Ekki er verra að vera með hleðslutæki í bílnum fyrir GSM-síma.



Gott er að hafa hlý föt, sköfu, lítinn kúst, sköflu, sand eða salt í bílnum um vetur til að geta losnað úr ógöngum.

Þrátt fyrir að vera á vel útbúnum bíl og ágætis dekkjum er algjör óþarfi að keyra í gegnum ruðninga og snjóþyngri svæði ef það er ekki bráðnauðsynlegt. Ef maður situr fastur í stæði er ágætt að byrja að moka frá dekkjunum og síðan strá sandi eða salti bak við þau. Gott er að fá einhvern til að ýta bílnum þegar búið er að undirbúa og síðan gefa rólega í og alls ekki spóla heldur reyna aftur samtaka þeim sem ýtir og snúa stýrinu til að ná bílnum upp.

Ef bíllinn festist meðan hann er á ferð losnar hann ekki þrátt fyrir að maður gefi meira í. Bíllinn spólar aðeins dýpra og festir sig enn betur eða fer niður á svell þar sem dekkin snúast á sama stað. Í slíku tilfelli dugar líka salt eða sandur, ásamt því að beygja fram og til baka rólega meðan reynt er að ná bílnum upp. Annaðhvort með því að einhver ýti eða að einhver annar bíll reyni að draga bílinn upp úr óförunum. Einnig er hægt að reyna að losa bílinn með því að leggja motturnar undir dekkin ef mikil hálka er undir.

Ef engin ráð eða hjálp leikmanna duga borgar sig að vera meðlimur í Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, FÍB, sem býður upp á aðstoð og vegaþjónustu allan sólarhringinn allan ársins hring hvort sem er vegna snjós eða bilunar. Þetta tilboð gildir fyrir félagsmenn á höfuðborgarsvæðinu og næsta nágrenni, á Akureyri eða í Borgarnesi og næsta nágrenni og á Selfossi. Nánari upplýsingar um fást á www.fib.is.

Neyðarsími FÍB er: 5 112 112

*-rh*

TUCSON SPORT

Hvað gerir góðan sportjeppa markvissan? Er hann með sjálfvirkt aldrif, stöðugleikastýringu, spólvörn, rafstýrða læsingu, mikið rými og framúrskarandi aksturseiginleika? Eða er það kannski hönnunin, öryggið eða **gæðin** sem ræður úrslitum? Eða staðalbúnaðurinn, loftkæling, leðurstýri og þannig? Vissulega, en þó vantar enn herslumuninn. Markviss sportjeppi hefur nefnilega allt þetta og getur að auki gert einmitt það sem þig langar til. Hefurðu prófað íshokkí?

**Veldu markvisst.**
**Vertu á nýjum Tucson Sport**

NÝR MARKVISS HYUNDAI
TUCSON SPORT
VERÐ KR. 2.790.000

HYUNDAI hefur gæðin




BÍLL Á MYND: TUCSON SPORT

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444 Selfoss 575 1460 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524

Með bílinn handa þér



**Kuldagalla** kemur sér vel að hafa í bílnum. Það er aldrei að vita hvenær springur eða bilar í köldu veðri.



Göngugarpar við vitann á Chaledoniaskaga.

# Gönguhrólfum fjölgar

*Úrval-Útsýn býður upp á fjölda spennandi utanlandsferða fyrir göngufólk, svokallaðar Göngu-Hrólfsferðir.*

Göngu-Hrólfsferðirnar byrjuðu fyrir um tíu árum síðan og voru fyrstu ferðirnar til Mallorca. „Steinunn Harðardóttir og Magnús Jónsson fararstjórar áttu hugmyndina að þessum ferðum og skipulögðu þær í samvinnu við Úrval-Útsýn,“ segir Silja Rún Gunnlaugsdóttir sem hefur yfirumsjón með ferðunum nú.

Síðustu ár hefur göngustöðum fjölgað og alltaf er verið að bjóða upp á nýjar og spennandi ferðir. „Nú er til dæmis hægt að fara til Mallorca, Tyrklands, Toscana, í Pýreneafjöll og til fleiri staða. Í sumar verðum við með mikið af nýjungum og má þar nefna kajak- og gönguferð í Tyrklandi fyrir þá sem eru farnir að vilja aðeins erfiðari ferðir en þessar venjulegu gönguferðir og göngu og jógaferð á Mallorca í september,“ segir Silja.



Silja Rún hefur yfirumsjón með Göngu-Hrólfsferðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ferðirnar eru yfirleitt vikulangar og alltaf er íslenskur fararstjóri með í för. „Oft er gist á einum til tveimur stöðum í hverri ferð og gengið svolítið þaðan. Á Mallorca eru tveir gististaðir en þar er farið í klaustur og strandbæ og í Toscana er þetta svipað nema þar er gist í skálum. Oftast er gist á hótelum og Toscana er því eini staðurinn þar sem er gist í skálum. Við erum svo líka með sælkeraferð til Toscana og í henni er gist á hóteli.“

Í hverjum hóp eru venjulega fimmtán til tuttugu og fimm manns að sögn Silju. „Mér finnst áhuginn hafa aukist með hverju árinu. Mikið hefur verið um að sama fólkið fari aftur og aftur í nýjar ferðir en mér finnst það vera að breytast aðeins og koma meira af yngra fólki inn en hefur verið. Einstaklingar eru duglegir að skrá sig en fólk skráir sig líka í hópum. Við höfum svo stundum búið til sérferðir fyrir hópa sem vilja fara í lokaðar ferðir. Við förum upp í tuttugu og fimm manns með sérstaka hópa en í opnu ferðunum reynum við að vera ekki með fleiri en tuttugu í hóp.“

Best er að hafa samband við Úrval-Útsýn til þess að fá frekari upplýsingar og skrá sig. „Í pakkanum er allt, flug og gisting og svoleiðis og svo getur verið mjög skemmtilegt að framlengja dvölina eins og margir gera á Mallorca og Krít og þessum stöðum þar sem Úrval-Útsýn er með sumarhótelin. Þá fer fólk kannski í gönguferð í viku og er svo aðra viku á ströndinni þannig að það setur þetta svolítið saman að hreyfa sig og slaka á,“ segir Silja. *emilia@frettabladid.is*



Ánægðir göngugarpar.



Á Smyglarastígnum á Mallorca.





allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga

**Lærið ítölsku á Ítalíu – Málaskóli og Ítalíuferð 30.06.-14.07.**

Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar býður nú einstakt tækifæri fyrir þá sem hafa áhuga á að læra ítölsku og kynnast Ítalíu og ítalskri menningu betur. Ferð sem sameinar tungumálanámskeið og frí í bland við skemmtilegar og fróðlegar skoðunarferðir á áhugaverðum stöðum á Ítalíu með fólki sem hefur sameiginlegan áhuga á ítalskri tungu og menningu.
Ferðin er farin í samstarfi við Jóhönnu Guðrúnu Gunnarsdóttur ítölskukennara, sem jafnframt verður fararstjóri.
**Ferðin hentar bæði byrjendum og þeim sem eru lengra komnir.**
Tungumálanámskeiðið fer fram í tungumálaskólanum Scuola d'Italiano a Roma sem rekinn er af Roberto Tartaglioni. Roberto er unnendum ítalskrar tungu vel kunnur þar sem hann hefur haldið hér hraðnámskeið í ítölsku, í samvinnu við Háskóla Íslands sl.15 ár.
Allir nemendur taka stöðupróf á fyrsta kennsludegi.

Flogið er til um Milano til Rómar þann 30.06. og fyrstu vikuna er búið á vel staðsettu hóteli í Róm og kennslustundir sóttar alla daga auk þess sem farið verður í stuttar skoðunarferðir.
Seinni vikuna verður farið í ferð um Ítalíu, dvalið í Flórens og við Gardavatnið og komið m.a. við í Verona og Feneyjum.

**Verð á mann: 187.700,-**
Innifalið í verði er flug, flugvallaskattar, gisting í tveggjamanna herbergi, morgunverður, skólagjöld, kennslugögn, allur akstur, skoðunarferðir og íslenzk fararstjórn.

Leitið nánari upplýsinga.

FERÐASKRIFSTOFA GUÐMUNDAR JÓNASSONAR EHF.
Borgartúni 34, sími 511 1515
netfang: outgoing@gjtravel.is
heimasíða: www.gjtravel.is

**Stuðningsmenn** landsliðsins hafa stofnað samtök og gefið út tíu boðorð. Þar er því meðal annars heitið að yfirgefa ekki skútuna ef miður gengur.



ÁFRAM ÍSLAND!
Horfðu á strákana okkar á breiðtjaldi og upplifðu alvöru stemningu á HM
Classik Rock
Ármúla 5 108 Reykjavík
Classic.is
568-3590

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

Fjölskyldutilboð
2.990,-
2 burrito, 2 barna quesadillas, nachos, ostasósa og gos.



Culiacan
MEXICAN GRILL
Faxafeni 9 og Hlíðasmára 15

# Ómögulegt að horfa á leiki heima

***Séra Pálmi Matthíasson segir marga af liðsmönnum landsliðsins andlega þenkjandi.***



Pálmi segist hafa kynnst mörgum af sínum bestu vinum gegnum störf sín fyrir handknattleikshreyfinguna. Hann hvetur alla sem hafa tök á til þess að taka sér svipuð störf fyrir hendur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Margir halda að Pálmi sé einhvers konar sáluhjálpari íslenska handknattleikslandsliðsins. Hann segir að svo sé ekki. „Ég hef farið á mörg mót með landsliðinu vegna þess að ég var í stjórn HSÍ og í landsliðsnefnd. Ég hef verið fararstjóri og sem slíkur bara einn af hópnum. Eðlilega hjálpast þá allir að og ef þú kannt eitthvað þá nýtirðu það,“ segir Pálmi og bætir við að margir af strákunum séu andlega þenkjandi og oft spinnist fjörlegar umræður út frá skoðunum þeirra.

Pálmi mun ekki fara til Þýskalands á heimsmeistaramótið. Þess í stað mun hann sitja heima og fylgjast með í sjónvarpinu, rétt eins og meginþorri þjóðarinnar. Er það ekkert erfitt fyrir mann sem hefur verið svo tengdur landsliðinu gegnum tíðina að sitja heima á meðan á stórmóti stendur? „Nei, það er ekkert erfitt. Það er ómögulegt,“ segir Pálmi og hlær. „Að vera ekki með hópnum og geta ekki lagt sitt af mörkum er vægast sagt mjög erfitt.“

Þrátt fyrir brennandi áhuga missir Pálmi sig ekki í hrópum, gremju eða fagnaðarlátum fyrir framan sjónvarpið. „Ég er mjög rólegur þótt konan mín hafi aðra sögu að segja,“ segir Pálmi og glottir. „Þegar ég bjó á Akureyri dundaði ég mér við að smíða. Eitt árið féll KA um deild og konan mín segir alltaf að gatið á smíðaborðinu sé eftir hamarinn sem fékk að fljúga við þetta tilefni. Ég man nú ekki eftir að þetta hafi gerst svona,“ segir Pálmi og hlær.

Pálmi sá landsliðið spila á móti Tékkum og hitti strákana á æfingu áður en þeir héldu til Þýskalands. „Mér sýndist andinn vera mjög góður og ég held að landsliðið sé í góðum höndum hjá Alfreð. Ég hef komið að liðinu með mörgum þjálfurum og hefur hver sinn takt. Allir voru þeir ágætir og það hefur verið gaman að kynnast ólíkum aðferðum þeirra,“ segir Pálmi.

Einn af þessum þjálfurum var Bogdan. Skyldi hann hafa verið andlega þenkjandi? „Sjálfsagt hefur hann hugsað eitthvað um þau málefni,“ segir Pálmi. „En orðin sem hann lét stundum falla bentu ekkert sérstaklega í þá átt,“ bætir hann við og hlær.

*tryggvi@frettabladid.is*

# Má ekki skammast of mikið út í dómarana

***Helga Magnúsdóttir hefur lifað og hrærst í handboltanum í áratugi. Hún hefur elt strákana okkar á stóra leiki síðustu sex ár og að sjálfsögðu er hún á HM, en gaf sér tíma í símaspjall daginn áður en hún lagði í hann.***



Helga hlakkar til að fylgjast með HM og hefur tröllatrú á íslenska liðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

„Það er svona ýmislegt sem tínist til áður en lagt er af stað. Huga að fatnaði, halda nokkra fundi, bjóða börnunum í mat, borga virðisaukann, vökva blómin og hitt og þetta. Það er bara hluti af prógramminu,“ segir Helga glaðlega þegar hún er innt eftir því hvað hún sé að sýsla.

Hún kveðst hafa verið viðriðin handbolta frá því hún var tólf ára. „Ég spilaði í tuttugu ár með meistaraflokki, þar til ég var 33 ára. Átti mitt fyrsta barn 1981 og hætti að spila 1983. Það var bara af því að öxlin gaf sig,“ segir hún skellihlæjandi. „Ekki af því að ég væri svo léleg. Það var bara öxlin.“

Helga segir áhugann ekkert dala. „Börnin spila og auðvitað fylgist ég með þeim og handboltanum yfirleitt, eftir því sem ég mögulega get. Svo er ég í mótanefnd hjá Evrópusambandinu og því fylgja mikil ferðalög. Nefndin sér um öll mótamál, bæði landsliðsmót og Evrópumót og það er ótrúlega margt sem kemur inn á borð hennar, svo sem reglur um mótahald, félagaskipti leikmanna og kærumál. Þegar við höfum útdeilt keppnum til einhvers lands þurfum við líka að gera úttekt á viðkomandi stöðum.“

Nú er Helga hins vegar á leið í frí. „Við hjónin höfum farið á margar keppnir síðan 1999. Byrjuðum á að fara tvö saman en svo hefur smá bæst við og nú erum við tuttugu,“ segir Helga sem hefur skipulagt ferðina á HM, keypt miða og pantað hótel. „Ég hef verið með litla ferðaskrifstofu hérna heima,“ segir hún hlæjandi.

Helga og eiginmaðurinn ætla að vera úti til 5. febrúar. „Við höfum sterka trú á því að strákarnir okkar fari alla leið. Þetta er afskaplega heilsteypt lið með sterka einstaklinga. Ég veit að þeir geta gert vel og hlakka mikið til að fylgjast með þeim.“

En hvernig líður Helgu á leikjum? „Ég er alltaf stillt á leikjum. Er orðin svo þroskuð!“ segir hún sposk. Dregur svo í land. „Nei, annars. Ég get alveg látið eins og bavíani og stundum er mér ekki við bjargandi. Þá er ég svo stressuð að ég get hvorki brosað né grátið.“

Hún segir ferðahópinn vel merktan. Í landsliðspeysum með trefla í fánalitunum og með íslenska fánann í hendi. Það vanti ekkert upp á það.

En hefur hópurinn æft hróp?

„Nei, reyndar ekki. Við gerum það kannski í flugvélinni á leiðinni út. Annars kunnum við þetta. Við höfum farið svo oft. Ég verð reyndar að passa mig svolítið af því að ég starfa í þessu Evrópusambandi. Er báðum megin við borðið og fólkið sem stendur á bak við hin liðin er allt kollegar mínir. Ég má heldur ekki skammast of mikið út í dómarana.“

Að lokum er Helga látin spá um gengi okkar liðs. „Ef við vinnum Úkraínu lendum við í fyrsta sæti í riðlinum og þá er spurning hvort Frakkarnir komist áfram. Úkraínumenn eru miklu erfiðari fyrir okkur sálfræðilega en Frakkarnir. Ég er með ákveðnar hugmyndir um úrslit og geri kröfu um einhvern verðlaunapening í vasa okkar manna.“

*gun@frettabladid.is*


Grænmetisbakki með hollri ídýfu sem má líka nota með heimatilbúnum kartöfluflögum.

## Hollt snakk heimsmeistaranna

HEIMSMEISTARAKEPPNIN Í HANDBOLTA ER NÚ HAFIN Í ALLRI SINNI DÝRÐ. GÓÐIR VINIR KOMA SAMAN OG FYLGJAST DYGGILEGA MEÐ OG ÞÁ GETUR VERIÐ GOTT AÐ BJÓÐA UPP Á HOLLT SNAKK OG FLJÓTLEGA RÉTTI TIL AÐ GÆÐA SÉR Á.

HOLLAR KARTÖFLUFLÖGUR

Hráefni:
6 nýjar stórar kartöflur með þunnu hýði.
grænmetissalt, til dæmis Herbamare.

*Aðferð:*
*Skerið kartöflurnar í þunnar sneiðar og raðið á plötu, hafið bökunarpappír undir.*
*Bakið í ofni við áttatíu gráðu hita í klukkustund. Hækkið hitann í hundrað gráður og bakið áfram í hálftíma.*



*Berið fram með salti, pipar, eða annars konar kryddi, eins og lauk eða papriku.*
*Einnig er hægt að baka sætar kartöflur, rófur og hvers kyns rótargrænmeti.*

BRUSCHETTA-SNITTUBRAUÐ

Hráefni:
Gróft snittubrauð, skorið í sneiðar og ristað.
4 stórir tómatar, gjarnan lífrænt ræktaðir.
1/4 rauður laukur
1 hvítlauksrif
Fersk basilíka
Ekstra virgin ólífuolía
Salt og pipar



*Aðferð*
*Allt sett í matvinnsluvél í stutta stund.*
*Maukið er síðan skammtað á snitturnar á fati og borið fram. Einnig er hægt að blanda við avókadó eða leggja undir þunna sneið af mozzarellaosti.*

GRÆNMETISBAKKI

*Hráefni:*
*Blómkál, gulrætur, gúrkur, spergilkál, grandsalat.*
*Skorið niður í bita sem hægt er að dýfa í sósuna.*

ÍDÝFA FYRIR GRÆNMETI OG FLÖGUR:

**Rauð ídýfa:**
*Ein rauð paprika ásamt þremur plómutómötum sett í matvinnsluvél ásamt extra virgin ólífuolíu. Kryddið eftir smekk með grænmetissalti og pipar.*

**Hvít ídýfa:**
*Ein skál AB-mjólk. Hrærið ferskri, saxaðri basilíku út í, einni matskeið af sætu sinnepi og bætið við einni teskeið af balsamediki og sítrónusafa.*

- rh

# *Kjaftaðu bara ekki upp úr svefni*

***Í Köln og Hamborg geta HM-farar gert sitthvað sér til skemmtunar.***

Kölnarborg var upprunalega kölluð Colonia Claudia Ara Agrippinesis árið 50 eftir Krists burð af Kládíusi keisara en nafnið var til heiðurs konu hans, Agrippinu.

Í dag er Köln einn af gimsteinum Rínarlandanna og þar er margt áhugavert sem ber fyrir augu og mikið af forvitnilegum stöðum. Til dæmis má nefna dómkirkjuna sem byrjað var að byggja árið 1248, en hún er sú stærsta sinnar tegundar í landinu og turnarnir tveir sem prýða þessa kirkju eru stórkostlegir á að líta.

Kölnarbúar eru vingjarnlegir og jafnframt mjög stoltir af borginni. Auk kirkjunnar ættu ferðalangar í Köln að gera sér ferð til að skoða ráðhúsið, en það er sérlega forvitnileg bygging. Súkkulaðiísafnið er annar vinsæll áfangastaður ferðamanna í Köln, en þar má fræðast um súkkulaði frá a-ö og að sjálfsögðu smakka. Talandi um bragðlauka eru í Köln kynstrin öll af spennandi veitingastöðum, skemmtistöðum og notalegum krám þar sem ferðamönnum gefst meðal annars kostur á að smakka Kölsch, en það er hinn eini sanni Kölnarbjór.

Hamborg var stofnuð af Karlamagnúsi á níundu öld og þar er önnur stærsta höfnin í Evrópu á eftir höfninni í Rotterdam. Hamborg er þó öllu frægari fyrir tónlistararf sinn en þaðan komu meðal annars snillingarnir Mendelssohn og Brahms. Bítlarnir komust einnig á blað í Hamborg, áður en þeir slógu í gegn á heimsvísu. Í kringum Binnenalster-vatnið eru verslunargötur og veitingastaðir og hinn víðfrægi fiskmarkaður þar sem sitthvað gengur á um hverja helgi.

Listunnendur ættu að gera sér ferð í Kunsthallen, meðan aðdáendur byggingarlistar mega ekki missa af að sjá kirkju heilags Jakobs og Chilehaus-byggingunna, sem stundum er nefnd fjársjóður expressjónismans.


Í Köln eru margar ægifagrar byggingar.




**Stígvél** eru hentug í snjó en geta verið sleip í hálku. Gott ráð er að láta sóla stígvélin fyrir vetrarfærðina.


**Útsalan í fullum gangi**

**40% afsláttur og nú 20% auka**

ENGLABÖRNIN
Laugavegi 51 • s: 552 2201



Kate Winslet með veski sem svipar mjög til sígarettuhylkis. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES


Salma Hayek með veski sem passar vel við kjólinn.

# Heildarmyndin fullkomnuð

*Hverjum kjól fylgir veski í stíl.*

Leikkonurnar sem gengu niður rauða dregilinn á Golden Globe-verðlaunahátíðinni voru hver annarri glæsilegri. Kjólarnir voru valdir af kostgæfni, flestir hannaðir af heimþekktum fatahönnuðum sem keppast við að bjóða glæsikonum eins og Kate Winslet og Jennifer Lopez hvern kjólinn á fætur öðrum. Þótt kjólarnir séu vissulega aðalatriðið og það sem tekið er eftir má ekki gleyma ómissandi fylgihlutum á borð við veski. Hér eru nokkur dæmi um hvað stjörnurnar höfðu í höndunum síðasta mánudag, annað en verðlaunagripi.


Helen Mirren með klassískt hvítt veski.


Hvítt fjaðraveski Söru Ramirez.


Jennifer Lopez með veski úr málmi sem svipar til veskis Kate Winslet.


NÝTT

Naveh pharma

**CLEANEARS Í ÚÐAFORMI**

**Fjarlægir eyrnamerg fljótt og vel.**



* einstök tvöföld virkni hreinsar og leysir upp.
* einfalt í notkun.
* öruggt og áhrifaríkt fyrir alla fjölskylduna.
* staðfest með rannsóknum.

**Fæst í lyfjaverslunum um land allt.**
**Frekari upplýsingar hjá Ýmus efh.**

NÝTT OG BETRA GRAS...
EKKERT GERVIGRAS!
GRAS
WWW.GRAS.IS

**Opið laugardag og sunnudag**



**Útsala 50%**

| | Áður | Nú |
|---|---|---|
| Ullarkápur | 29.900 | 15.000 |
| Mokkakápur | 25.900 | 13.500 |
| Ullarjakkar | 12.900 | 5.900 |
| Úlpur | 12.900 | 5.900 |
| Dúnkápur | 22.900 | 11.500 |
| Rússkinsjakkar | 16.900 | 8.500 |
| Pelsar | 26.900 | 13.500 |

**Mörg góð tilboð**

TOPPHÚSIÐ
Mörkinni 6, 108 Reykjavík, sími 588 5518

**Opið í dag laugardag 10 - 16**
**Opið sunnudag 12 - 16**



Þetta skemmtilega höfuðfat var hannað í Bandaríkjunum og byggðist á þemanu „stríð“. Höfuðfatið, sem augljóslega á að líkjast fallbyssu, minnir óneitanlega á íslenska skautbúninginn. Með þetta í huga væri skemmtilegt að komast að því hvaða fyrirmyndir hönnuðir skautbúningsins höfðu að leiðarljósi, en hans er upphaflega getið í bréfum sem skrifuð voru árið 1860. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Tískuhönnuður tekur u-beygju

STARUMHVÖRF Í FATALÍNU JOHANS LINDBERG.

Tískuhönnuðurinn Johan Lindberg, sem starfaði áður hjá fyrirtækinu Diesel, þykir hafa tekið sannkallaða u-beygju með vorlínu sinni í ár.

Það kom á óvart að þröngar gallabuxur og íþróttafatnaður voru hvergi sjáanleg á nýjustu sýningu Lindbergs, sem hefur haft slíkan fatnað í hávegum. Því meira bar á víðum, hnepptum og mittisháum buxum í herrafatnaðinum í bland við yfirfrakka, ullarvesti og síðar skyrtur. Ýmis afbrigði af gráum, svörtum og grænum réðu ríkjum.

Eiginkona Lindbergs, Marcella, gegndi mikilvægu hlutverki á sýningunni. Hún lagði fram kvenfatnað og fylgdi þar fordæmi eiginmannsins, með glæsilegum kjólum í gotneskum stíl, svörtum og nokkuð pönkuðum.

Lindberg lýsti sjálfur sýningunni sem eins konar samblöndu af fatnaði franskra listamanna og frá Manchester, níunda áratugarins. Hvað sem því líður þykir hönnuðurinn Lindberg hafa tekið stórt skref fram á við frá þeim hugmyndum sem áður einkenndu hönnun hans.

*- rve*



Kjólar Marcellu Lindberg þykja í glæsilegum gotneskum stíl.



Karlalína Johan Lindberg einkennist af síðum skyrtum, prjónavestum, yfirfrökkum og víðum, mittisháum buxum.



Hjónin Marcella og Johan Lindberg tóku höndum saman fyrir nýjustu vorlínu kappans.


LAUGARDAGSTILBOÐ!

10 TVÍBREIÐ RAFMAGNSRÚM 180 cm



verð áður kr. 268.000

verð nú kr. 194.000

Sængurverasett að verðmæti kr. 25.000 fylgir með öllum rafmagnsrúmum.

Léttgreiðslur kr. 16.640 á mánuði.

DRAUMARÚM | Bæjarlind 4, Kópavogi Sími: 534 5200

www.draumarum.is

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA


# Árshátíðarförðun

***Spennandi nýjungar frá Helenu Rubinstein.***

Flestar konur farða sig reglulega og nota til þess mismunandi snyrtivörur, eftir því hvert tilefnið er. Frá Helenu Rubinstein komu nýlega fallegar vörur á markaðinn en þær henta sérlega vel fyrir kvöldförðun, þó að vissulega megi nota þær eftir hentisemi.





Um er að ræða augnskugga, farða, sólarpúður, maskara og varalit.

Farðinn heitir því skemmtilega nafni Prodigy (undrabarn) foundation en það er mjúkur kremaður farði sem smitar ekki í fötin. Hann jafnar húðlitinn og endist allt kvöldið. Sólarpúðrið, sem kallast Fairy dust, fer sérlega vel með þessum farða en í því er mild gyllt áferð sem gefur húðinni fallegan ljóma.



Nýju augnskuggarnir, Wanted Eyes, eru fáanlegir í mörgum litum, en Lashed Onyx er sérlega heppilegur fyrir kvöldförðun. Askjan inniheldur tvo liti, svartan með glimmeri og fölgylltan sem hægt er að blanda saman eftir því hvort óskað er eftir mikilli eða mildri skyggingu. Áferðin er sérlega flott.



Nýi maskarinn frá Helenu Rubinstein heitir Queen Waterproof og er, eins og nafnið gefur til kynna, vatnsheldur sem er gott fyrir kvöldförðun því hvað ef það skyldi snjóa rétt áður en þú mætir á árshátíðina?



Fallegar varir setja alltaf puntinn undir i-ið eins og skáldið sagði. Pretty Pink Tourma-line gefur þéttan þekjandi lit sem rennur ekki til og helst fremur á vörunum en hvítvínsglasinu, en það ættu flestar glæsimeyjar að kunna að meta.

*mhg@frettabladid.is*




Verðhrun á útsölu

SAND WOMAN

Ný vara

SAND WOMAN KRINGLUNNI 553 4141

NEW YORK DUBLIN BERLIN VIENNA ZURICH MOSCOW WARSAW MADRID STOCKHOLM OSLO HELSINKI PARIS LONDON AMSTERDAM COPENHAGEN EDINBURGH REYKJAVIK



## TUNGUR OG BOLTAKLUKKA
*Hönnun 20. aldar* SJÁ BLS. 14



## AFFALLSVATN TIL UPPHITUNAR
*Hugmyndir fyrir miðborgina* SJÁ BLS. 12

[ SÉRBLAÐ UM HÖNNUN OG LÍFSSTÍL – LAUGARDAGUR 20. JANÚAR 2007 ]

# heimilið



## EFNISYFIRLIT


ÍSLENSKUR ARKITEKTÚR
*Í Ráðhúsi Reykjavíkur* BLS. 2





EINFALDLEIKI OG ÍBURÐUR
*Gluggatjöld* BLS. 4

ÓLGANDI KVIKA Á KJARVALSSTÖÐUM
*Sýning á heimsmælikvarða* BLS. 6

GRÆNN SÓFI LISTAGYÐJUNNAR
*Í sófanum hjá Nönnu Kristínu leikkonu* BLS. 8

EINHVERS STAÐAR ÞURFA BÆKURNAR AÐ VERA
*Hillur* BLS. 10

GÓLFTEPPI VINSÆL AÐ NÝJU
*Mjúk undir fæti* BLS. 16

STAÐUR TIL AÐ SITJA OG HUGSA
*Griðastaður heimilisins* BLS. 18





ÚTSALAN Hefst í DAG Kl.10

Súper besta hingað til

Húsgögn sem lentu í óhappi vantar laghenta eigendur, fást fyrir mjög gott verð. **Verð frá kr. 5000.**

**Opið alla helgina** og frí heimsending á húsgögnum þessa helgi*

60% 30% 80% 25% 15%

15% afsláttur af nýjum vörum **fyrstu útsöluvikuna****

*Á Höfuðborgarsvæðinu
**Öllum nema pöntunarvörum

Nýtt kortatímabil

UNIKA
Fákafeni 9 Sími: 568 6700
mán-fös. 10-18, laug. 11-16 og sun 13-16
www.unika.is



Davíð Pitt og Kristján Garðarsson eiga heiðurinn að hönnun þessa einbýlishúss á Skildinganesi.



Guðmundur Gunnarsson hjá arkitektastofunni arkitektur.is er einn af skipuleggjendum sýningarinnar 50 + 12. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Íslenskur arkitektúr í tólf ár

## Sýning á íslenskri byggingarlist í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur stendur yfir ljósmyndasýning á íslenskri byggingarlist síðastliðinna tólf ára, undir yfirskriftinni 50 + 12.

Að sögn Guðmundar Gunnarssonar, hjá fyrirtækinu arkitektur.is og eins skipuleggjanda 50 + 12, samanstendur sýningin af tuttugu og fimm verkum, ljósmyndum og teikningum. „Flest verkanna eru af byggingum, bæði einkahúsnæði og opinberum byggingum, frá árinu 1994 og fram til okkar daga. Nokkur verkanna eru hins vegar af eldri byggingum, frá sýningu sem haldin var árið 1994 í tilefni af hálfrar aldar lýðveldisafmæli Íslands.“

Guðmundur segir núverandi sýningu því vera sjálfstætt framhald þeirrar fyrri, sem varð til upp úr menningarviku í Árósum 1994. „Sú sýning var haldin fyrir tilstuðlan þáverandi forstöðumanns Norræna hússins, Torben Rasmussen,“ útskýrir hann. „Rasmussen hvatti borgaryfirvöld Árósa til að halda íslenska viku í tengslum við menningarhátíð og varð sýning á íslenskri byggingarlist hluti af henni.“

Guðmundur segir upphaflega hafa staðið til að rekja sögu íslenskrar byggingarlistar frá lýðveldisstofnuninni. Á endanum hafi aftur á móti verið ákveðið að fjalla um alla söguna, alveg frá torfbæjunum og fram til ársins 1994.

„Sýningin kom enn fremur víða við, hafði meðal annars viðkomu í Ráðhúsi Reykjavíkur, þar sem til hennar fréttist víða um heim,“ útskýrir Guðmundur. „Vegna athyglinnar fóru menn seinna að velta fyrir sér hvort tilefni væri til að halda aðra eins sýningu. Að því tilskildu að íslensk byggingarlist hefði þróast eitthvað frá tímanum sem hin var sett upp. Mönnum þótti það og ákveðið var að setja hana upp árið 2004. Hins vegar tók lengri tíma að fjármagna sýninguna en ráðgert var, svo hún færðist fram til ársins 2006.“

Ákveðið var að 50 + 12 sýningin yrði framlag Arkitektaskóla Árósa til menningarhátíðar borgarinnar í september 2006, þar sem hún var opnuð. „Komið var með sýninguna hingað 12. janúar síðastliðinn og lýkur henni 29. sama mánaðar,“ segir Guðmundur. „Þá verður farið með hana um hin Norðurlöndin, en verið er að skipuleggja framhaldið. Áhugasamir um arkitektúr ættu því að gera sér ferð í Ráðhúsið að skoða sýninguna á meðan enn gefst færi.“

- rve



Studio Grandi hannaði þetta einbýlishús í Garðabæ.



VA-arkitektar hönnuðu lækningalindina við Bláa lónið.



Víkurskóli, arkitekt er Sigurður Gústafsson.



Saltfisksetur í Grindavík, hannað af Yrki arkitektum.

# Golden Sands - perla Svartahafsins

## Hvergi meira frí fyrir peninginn!

**frá 29.990 kr.**



**Fyrstu 500 sætin**
**10.000 kr.**
afsláttur á mann
Veldu bestu gistinguna og fáðu mesta afsláttinn.
Gildir ekki um flugsæti eingöngu.
Einungis takmarkaður fjöldi sæta í boði á hverri dagsetningu.

**Bókaðu núna á www.terranova.is**
Tryggðu þér bestu gististaðina og lægsta verðið.

# Búlgaría 2007

## Glæsileg hótel og íbúðir á frábæru verði!






### Frábær íbúðagisting

**Glarus** Íbúðir ☆☆☆☆



Frábær íbúðagisting

**kr. 47.295 í viku**
**kr. 57.495 í 2 vikur**

m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, á Glarus í 1 eða 2 vikur, 21. maí, 28. maí eða 4. júní

### Með allt innifalið

**Madara** Hótelherbergi ☆☆☆+



Með allt innifalið

**kr. 59.790 í viku**
**kr. 77.090 í 2 vikur**

m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Madara í 1 eða 2 vikur, 21. maí, 28. maí eða 4. júní

## Verðlag í Búlgaríu er ótrúlegt!

### Endalausir möguleikar á afþreyingu

- Sjóstangaveiði
- Bogfimi
- Hjól og mótorhjól
- Mini golf
- Vatnaskemmtigarðurinn Aquapolis
- Teygjustökk
- Köfun
- Keila
- Tennis
- Strandblak
- Sjóskíði
- Seglbretti
- Kajakar

Mundu MasterCard ferðaávísunina!

Skógarhlíð 18 · 105 Reykjavík · Sími: 591 9000 · www.terranova.is · Hafnarfjörður sími: 510 9500
Akureyri sími: 461 1099

TERRA NOVA



GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236
BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir



Átt þú lóð?
Við eigum húsið!

Íbúðarhús - Sumarhús - Gestahús

Viðarhús ehf. sérhæfir sig í timburhúsum af ýmsum stærðum og gerðum frá Svíþjóð, Kanada og Litháen. Húsin eru af öllum stærðum. Fjölbreyttar teikningar til að velja úr en einnig er hægt að koma með eigin teikningar. Öll húsin frá Viðarhúsum eru einingahús sem reist eru á skömmum tíma og skilað fullfrágengnum að utan af fagmönnum fyrirtækisins. Hægt er að fá húsin fullbúin að innan eða skemmra komin. Sjáum um byggingu grunna ef óskað er og getum tekið alfarið að okkur að byggja húsið frá upphafi til enda. Eigum til afgreiðslu í febrúar garðhús eða gestahús á mjög góðu verði.

Upplýsingar í símum: 562 3422 - 660 6090 - 660 4088 - 898 2430
Síðumúla 29 vidarhus@vidarhus.is

Vönduð Antikhúsgögn frá Frakklandi og Danmörku



Borðstofuhúsgögn, skápar, stök borð og stólar, klukkur, lampar, silfurmunir og postulín.

Antiksalan
Húsgögn – Listmunir

Skúlatúni 6 - Sími: 553-0755 - www.antiksalan.is

safretti®
ARINN ÁN REYKS



Passionata BB - Ryðfrítt stál - Stærð 60cm x 80cm

Eingöngu fáanlegt í EGG Smáratorgi
EGG
www.safretti.is

# Einfaldleiki og íburður

Þegar hugað er að gluggatjöldum fyrir heimilin er um margt að velja.

Stílhreinar og léttar gardínur hafa verið vinsælar síðustu árin og eru enn en fjölbreytnin eykst og útsaumaðar, stórmynstraðar og perluskreyttar gardínur eiga miklu fylgi að fagna að sögn afgreiðslufólks í gluggatjaldaverslunum. Litagleðin eykst líka þótt jarðarlitir, brúnir og gráir ásamt svörtum og hvítum, séu alltaf sígildir.

Silki er mjög vinsælt í gluggatjöld. Í Álnabæ í Síðumúla 32 er úrval silkistranga í mörgum litum, sumir eru með handsaumuðum perlum. Sama gildir í Vef að Hagaflöt 2 í Garðabæ. Þar eru meðal annars glæsiefni úr taísilki sem hönnuð eru af Ragnhildi Ósk Pálsdóttur sem rekur hönnunarfyrirtækið Chase Erwin í Bretlandi við góðan orðstír. Sum efnanna eru útsaumuð og skreytt perlum og pallíettum. Vefur er pöntunarfyrirtæki sem verslar með vönduð merki í miklu úrvali, bæði í gardínum og veggfóðri. Afgreiðslutíminn er um tvær vikur.

Við val á gardínum er vissulega að mörgu að hyggja. Þar skiptir miklu máli hvernig gluggarnir sjálfir eru, hvort húsið er nýtt eða gamalt, hvaða stíll fer þar best og hvernig innbúið er á heimilinu. Einnig þarf að taka tillit til útsýnisins úr gluggunum. Þeir sem búa við vítt útsýni vilja ógjarnan hylja það með þykkum tjöldum.

*- gun*



Silkitjöld með merkinu Prestigious textiles (Pt) fást í Vef.



Gluggatjaldalengjurnr í Álnabæ eru í ótal litum. Næstar eru silkilengjur með blómum og gylltum perlum sem handsaumaðar eru í. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



Rókokóstíllinn er á innleið aftur. Þessi tjöld eru í Álnabæ.



Heimilisleg eldhúsgluggatjöld með merki Pt eru nýkomin í Vef.



Ótal litir og mynstur prýða efnin frá Designers guild sem fást í Vef að Hagaflöt 2.



Stórrósótt tjöld í líflegum litum fást í Vef. Þau eru frá framleiðandanum Designers guild.



Taísilkitjöld með útsaumsmynstri og perlum. Fást í Vefnum að Hagaflöt 2 í Garðabæ eru til í fleiri litatónum. Hönnun Ragnhildar Pálsdóttur.



Fínlegt og gagnsætt silkiefni með gróflu upphleyptu mynstri. Fást í Vefnum, einnig með hvítu mynstri, og eru hönnuð af Ragnhildi.



Pólýestertjöld með rósamynstri og þunnar gardínur undir með bandarúf. Fást í Álnabæ í Síðumúla 32.


Fullkominn svefn
Árið 1852 hóf fjölskylda í litlum sænskum bæ, Köping, að handgera rúm. Fimm kynslóðum síðar eru þau enn að búa til rúm sem af mörgum eru talin vera þau bestu í heimi og hvergi er slegið af kröfunum um þægindi. Hästens rúmin eru einu handgerðu rúmin í heiminum sem eru eingöngu unnin úr náttúrulegum efnum. Það er hvorki einfalt né ódýrt, en árangurinn er óviðjafnanleg þægindi. Ullin heldur á þér hita þegar kalt er en heldur hita frá þér þegar heitt er. Hrosshárin loftræsta raka úr dýnunni. Hörinn kemur í veg fyrir stöðurafmagn. Bómullin gefur rúminu mýkt. Viðarumgjörðin er úr furu sem vex hægt norðan við heimskautsbaug og gerir rúmið eins sterkbyggt og endingargott og hugsast getur. Syfjar þig? Komdu í verslun okkar og upplifðu hvernig svefninn í Hästens rúmi er gjöf frá náttúrunni.
Við munum örugglega vekja þig fyrir lokun.
Hästens
since 1852
Gæðavara byggð á 150 ára sænskri hefð nú fáanleg á Íslandi.
Verið velkomin.
Hästens verslunin í Reykjavík
Grensásvegi 3
108 Reykjavík
sími 581 1006
www.hastens.com

# Kraumandi kvika á Kjarvalsstöðum

Á næstkomandi Listahátíð verður opnuð veigamikil sýning á íslenskri samtímahönnun á Kjarvalsstöðum.



Á vormánuðum þessa árs verður opnuð yfirgripsmikil sýning á íslenskri samtímahönnun á Kjarvalsstöðum í Reykjavík. Sýningin ber nafnið Kvika, en með nafninu er „vísað til þeirrar kraumandi kviku, uppsprettu og undiröldu semendurspeglar stöðu íslenskrar hönnunar í dag“, svo að notuð séu orð aðstandenda sýningarinnar.

Á sýningu þessari koma margir við sögu, enda mun hún vera ein viðamesta sýning sinnar tegundar fram til þessa. Samfara sýningunni verður útgefin bók sem fjallar um íslenska samtímahönnun og efnt verður til fræðslu- og fyrirlestrardagskrár á sýningartímabilinu.

Sýningarstjóri Kviku er Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir hönnuður en hún vann meðal annars til Sjónlistaverðlauna fyrir hönnun sína árið 2006 og var útnefnd sem ein af tíu helstu vonarstjörnum hönnunar í tímaritinu Art Review í árslok 2005.



Fallegur borðbúnaður, hannaður af Katrínu Pétursdóttur fyrir Rosenthal.



Afar þjóðlegir hraunhringir sem eru kallaðir fjallhringir. Hönnuður er Hildur Ýr Jónasdóttir.



Þessir vasar eru hannaðir af Ragnheiði Ingu Ágústsdóttur en skreyttir munstrum eftir aðra hönnuði og listamenn.



Einföld og frumleg ljós eftir Guðlaugu Friðgeirsdóttur.



Grafík á snjóbrettum og hjálmi, eftir Katrínu Pétursdóttur.



# LÚR
BETRI HVÍLD

Komdu við í verslun okkar í Smáranum. Við erum staðsett rétt fyrir ofan Smáralindina á horni Hlíðasmára og Smárahvammsvegs.



LÚR - BETRI HVÍLD
HLÍÐASMÁRI 1 • 201 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6969 • FAX 554 3100
WWW.LUR.IS • LUR@LUR.IS

## Opið í dag frá 11:00 – 16:00

# Ótrúleg tilboð í gangi
## á rúmum og rúmgöflum

Rýmum fyrir nýjum vörum og seljum mjúk rúm á ótrúlegu verði

Western rúm King, 193 x 203 cm. Áður 179.000. Nú 119.000. Sparar 60.000.
Majesty rúm King 193 x 203 cm. Áður kr. 159.000. Nú kr. 99.000.
Rúmgaflar á kr. 41.000 Queen – King og C-King á kr. 51.000.




Nú 2 fyrir 1
af öllu á útsölu.
**Útsala**
**50-90%**
**afsláttur af**
**öllum vörum**
**Útsölunni lýkur**
**í dag kl. 18.**
friendtex
Opið 10-18 virka daga
og laugardaginn 20. jan 10-18
Síðumúli 13 sími 5682870
www.friendtex.is


Gardínustangir, Fatahengi, Gjafavörur, Sérsmíði
Forn-Ný
JÁRNAGALLERÍ
Iðnbúð 1 Garðabæ
S.565-8060
www.fornny.is

**HM í handbolta**
Fáðu fréttir af strákunum okkar!

**www.visir.is**
vísir
Fyrstur með fréttirnar



Græni sófinn hreif Nönnu Kristínu frá fyrstu stundu.

# Grænn sófi listagyðjunnar

Í fallegu háhýsi við sjóinn hefur Nanna Kristín Magnúsdóttir leikkona komið sér vel fyrir á grænum sófa frá Saltfélaginu.

Sjónvarpshornið er í miklu uppáhaldi hjá Nönnu Kristínu og fjölskyldu. Þar lætur hún fara vel um sig á grænum sófa frá Saltfélaginu sem hreif hana frá fyrstu stundu.

„Sófinn höfðaði til listamannsins í mér. Hann er stílhreinn, einstaklega fallegur á litinn með skemmtilegum lituðum tölum sem gefa honum sérstakan svip,“ segir Nanna. Við sófann eru fallegar grjónapullur, myndskreyttar með hekluðri áferð sem hægt er að nota sem borð eða fótskemil og koma sér vel þegar Nanna vill láta þreytuna líða úr sér eftir langan dag.

Sófinn er góður félagi þegar Nanna les handrit að leikverkum eða bíómyndum sem eru framundan, hlustar á tónlist eða kúldrast með fjölskyldunni á góðri stundu. Nanna Kristín fer með eitt af aðalhlutverkunum í kvikmyndinni Foreldrar sem frumsýnd var í gær og því hefur ekki gefist mikill tími til að dunda sér á sófanum upp á síðkastið. „Foreldrar fer á hátíðir bæði í Gautaborg og Rotterdam og það eru spennandi tímar fram undan,“ segir Nanna Kristín.

Samhliða Foreldrum tekur Nanna þátt í söngleiknum Gretti í Borgarleikhúsinu og sér fram á góðan tíma í græna sófanum næstu vikur. „Þetta er í fyrsta skipti í mörg ár sem ég tek þátt í söngleik svo það lítur út fyrir að það verði dansað samhliða handritalestri á sófanum á meðan ég syng lögin úr Gretti,“ segir Nanna Kristín brosandi.

*- rh*


Myndskreytt pulla með hekluðri áferð sem vekur ímyndunaraflið.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Vandað tímarit

um allt er varðar sumarhús, fallega
garða, mat, fólk ... og margt fleira

## Blaðauki um Íslendingaparadísina
## á Costa Blanca á Spáni










**Áskriftarsími 586 8005**
**og á www.rit.is**

Árgangur 2007 er sex tölublöð, og kostar aðeins kr. 4.740, sé greitt með VISA eða MASTERCARD. Áskriftin gildir í eitt ár og endurnýjast þá sjálfkrafa sé henni ekki sagt upp fyrir þann tíma.

Sumarhúsið og garðurinn ehf.
Síðumúla 15, 108 Reykjavík
Sími 586 8005 • www.rit.is





## Einhvers staðar þurfa bækurnar að vera

Bókahillum er hægt að koma fyrir hvar sem er og eru þær mun skárri kostur en sá að láta bækurnar liggja á gólfum eða í kössum. Bækur eru til þess að lesa þær, njóta þeirra, horfa á og stundum eru þær einfaldlega heimilisprýði. Hillur er hægt að setja upp fyrir ofan hurð eða jafnvel bak við hurð. Bækur sem aðeins eru lesnar einu sinni geta verið í stöflum efst í hillunum á meðan þær sem mest eru notaðar eru á áberandi stað þar sem þær eru aðgengilegar.






Hægt er að líma litaða plastfilmu innan á gluggann til að gerbreyta svipnum á stofunni.

## Upplyfting í stofunni

ÞÓ AÐ STOFAN ÞÍN KOMI ILLA UNDAN JÓLUNUM OG GETI VIRST GRÁ OG GUGGIN ER ENGIN ÁSTÆÐA TIL AÐ GRÍPA TIL ÖRÞRIFARÁÐA. NOKKRAR EINFALDAR LAUSNIR OG HANDTÖK ERU ALLT SEM ÞARF.

- Skiptu út aukahlutum eftir árstíðum. Haltu gömlu hlutunum en notaðu púðaver, teppi, kerti og blóm til að breyta svipnum á stofunni.
- Veldu hlutlausa lýsingu og notaðu stundum bara kertaljós.
- Gerðu það mesta úr ríminu, til dæmis með því að nota stóran spegil.
- Festu minningarnar upp á vegg, ekki bara ljósmyndir heldur líka gamla bíómiða sem geymdir voru til minja, listaverk eftir börnin og póstkort úr skemmtilegu sumarfríi.



Falleg gólfmotta getur gert gæfumuninn.

- Ekki gleyma gólfinu. Það er hægt að breyta alveg um svip með litríkri mottu eða teppi.
- Ef þú hefur ekki tíma eða orku til að mála alla veggina skaltu mála gluggasyllur eða hurðakarma í skemmtilegum lit.
- Límdu litaða plastfilmu inn í gluggann til að breyta birtunni í herberginu.
- Gömul skilti eða auglýsingar fara vel uppi á vegg. Leitaðu að því sem óvenjulegt er.
- Notaðu loftið í stofunni til að gefa skemmtilegan svip, annað hvort með ljósakrónum, lit eða glansáferð sem gerir lýsinguna skemmtilegri.



Litrík ljósakróna gerbreytir öllum heimilisbrag.



Björgvin var mjög ánægður með ljósið þegar það var komið upp. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Best að hlusta á sérfræðingana

Björgvin Franz Gíslason er með ljós í borðstofunni hjá sér sem hann er mjög ánægður með. Það tók hann þó dálítinn tíma að taka ákvörðun um hvort hann vildi þetta ljós eða eitthvað annað.

Ljósið í borðstofunni hjá Björgvini var keypt í versluninni Lumex eins og fleiri ljós heima hjá honum. „Við erum eiginlega bara með ljósin okkar þaðan,“ segir hann.

Björgvin segir að ljósið sé í sérstöku uppáhaldi hjá honum því smá saga sé á bakvið það. „Ég er nefnilega svolítið erfiður þegar kemur að því að velja föt og húsgögn og svoleiðis og þarf alveg að pæla það út í fleiri mánuði. Ég var svo lengi að ákveða mig með þetta ljós að konan mín var orðin mjög þreytt á mér. Vinur minn og hún voru búin að reyna sannfæra mig um að þetta væri rétta ljósið en ég vildi frekar hafa það gegnsætt en svona fjólublátt. Við prófuðum að setja upp ljós sem var eins nema gegnsætt en það gekk einhvern veginn ekki. Að lokum samþykkti ég að prófa þetta. Við þurftum þá að bíða eftir næstu sendingu þar sem ég hafði ekki viljað það upphaflega og búið var að selja það sem hafði verið til. Þegar ljósið var svo loksins komið upp varð ég svona hrikalega ánægður með það. Ég var náttúrlega bara að þrjóskast fyrst en ef ég hefði verið aðeins minna þrjóskur og gefið mig strax þá hefði ég bara verið glaður undir eins,“ segir hann og hlær.

Björgvin er mjög ánægður með öll ljósin sín og segir að þjónustan í Lumex sé frábær. „Ég er gjörsamlega ástfanginn af þessari búð. Ljósin eru alveg ofsalega flott hönnuð og mikið til af flúorkösturum. Ég er flúorkastarafíkill og er með mikið af þeim, inni í eldhúsi og í stofunni sem er rosa flott. Hann Helgi sem á búðina er ótrúlega skemmtilegur og það hafa allir svo mikla ástríðu fyrir lýsingu hjá þeim. Mikil pæling er á bak við lýsinguna, þau hitta mann og skoða íbúðina og finna út hvað hentar best. Fyrst var ég auðvitað eitthvað að þrjóskast en svo þegar ég fór bara að færa mig nær þeirra hönnun og hafa þetta eins og þau vildu hafa þetta þá sá ég hvað það var ógeðslega flott. Þannig að núna er ég búinn að komast að því að maður á bara að hlusta á sérfræðingana og auðvitað konuna sína.“ segir hann og hlær.

*emilia@frettabladid.is*


550 5600

Hringdu ef blaðið berst ekki

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið



Brauðristar-gæðaeftirlit



» Framleiðendur bresku Rowlett brauðristanna hafa aldrei verið sammála því að brauðristar eigi að vera ódýrar, ónákvæmar og ónýtar alltof snemma. Rowlett ristar hratt, vel og nákvæmlega og er fljót að borga sig upp því þú kaupir eina og átt hana svo alla ævi. Rowlett brauðristar fást í mörgum stærðum, með og án samlokugrindar. Þær hafa verið handsmíðaðar í 60 ár og hvert einasta tæki er prófað áður en það fer úr húsi. Það hlýtur að vera öfundsvert starf að sjá um gæðaeftirlitið með öllu þessu ristaða brauði.

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is kokka@kokka.is

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



Ein hugmynda Maríu var framkvæmd í sumar þegar hengirúm voru sett upp á Miklatúni.


María er með ýmsar hugmyndir um hvernig gera megi borgina að betri og skemmtilegri stað. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Affallsvatn nýtt til að hita upp bekki

María Sjöfn Dupuis Davíðsdóttir er með sýningu á hugmyndum sem miða að því að bæta miðborgina.


María fékk viðurkenningu í samkeppni Landsbankans árið 2004 fyrir hugmynd að upphitanlegum bekk. MYND/MARÍA SJÖFN DUPUIS DAVÍÐSDÓTTIR

María Sjöfn Dupuis Davíðsdóttir fór í meistaranám í hönnun í Mílanó árið 2001. Þegar hún sneri heim úr námi tveimur árum síðar þótti henni margt ábótavant á almenningssvæðum miðborgarinnar. Í framhaldinu fór hún að vinna hugmyndir að endurbættri borg. Útkoman er til sýnis á borgarskrifstofunum í Skúlatúni 21.

„Sýningin samanstendur af ljósmyndum þar sem stafrænni tækni er beitt til að betrumbæta mannvirki og opinbera staði,“ útskýrir María.

„Oft liggur hagkvæmni til grundvallar hugmyndunum, ekki síður en umhverfisfegrun, eins og nýting á affallsvatni til að hita upp bekki eða ljósastaurar með áföstum regnhlífum, sem bjóða upp á skjól fyrir vondu veðri. Blár himinn hefur að auki verið málaður undir regnhlífarnar, svo ljósið frá staurunum lýsir hann upp og léttir manni lund þegar gráminn grúfir yfir.“

María segir kveikjuna að sýningunni sjálfri vera viðurkenningu sem henni var veitt í hugmyndasamkeppni Landsbankans árið 2004. „Ég fékk hana fyrir hugmyndina að upphitanlegu bekkjunum, sem varð til þess að hjólin fóru að snúast,“ útskýrir hún. „Ég notaði listamannalaunin sem mér voru látin í té til að þróa fleiri hugmyndir. Sýningin á borgarskrifstofunum er afrakstur vinnunnar.“

Að sögn Maríu er næsta skref að kanna hvort borgaryfirvöld í Reykjavík hafi áhuga á að gera eitthvað frekar úr hugmyndunum. „Ein hugmyndanna hefur þegar verið framkvæmd í sumar með góðri útkomu, en þá voru hengirúm sett upp á Miklatúni. Ég er með fullt af áhugaverðum hugmyndum í kollinum um hvernig betrumbæta megi miðborgina frekar. Það er bara spurning um að hrinda þeim í framkvæmd.“

Sýning Maríu stendur yfir til 30. janúar. Hægt er að afla sér frekari upplýsinga um sýninguna á vefsíðu Reykjavíkurborgar, www.rvik.is.

*- rve*


María myndi vilja hengja regnhlífar á ljósastaura með ámáluðum bláum himni. MYND/MARÍA SJÖFN DUPUIS DAVÍÐSDÓTTIR






# ALLT Í STEIK

*4. janúar - 28. febrúar*



4ra rétta matseðill ásamt sértilboði á vínum

*Verð frá* **3.990 kr.**

Hægt er að panta nautalund Bourguinonne, lambahrygg, kjúklingabringu eða
**– í fyrsta sinn á Íslandi –**
**Pétursfisk *(John Dory)*.**

*Borðapantanir í síma 562 0200*

## Food&Fun

*21. - 26. febrúar*

Hin árlega Food&Fun matreiðsluhátíð er spennandi tími í Perlunni! Fylgist með á vef Perlunnar: www.perlan.is.

## Sjávarréttahlaðborð

*1.-4. mars*

Sjávarréttahlaðborð Perlunnar er einstakt tækifæri til að upplifa nýjungar í matargerð ólíklegustu skelfisk og fisktegunda. Margverðlaunaðir matreiðslumeistarar Perlunnar útbúa yfir 30 tegundir heitra og kaldra fiskrétta. Hér finna allir eitthvað við sitt hæfi.

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - S: 562 0200 - Fax: 562 0207 - Netfang: perlan@perlan.is - Heimasíða: www.perlan.is

Tilboð á völdum sængurfatnaði

Fatabúðin
Skólavörðustíg 21
Sími 551 4050 • Reykjavík



STIGAR OG HANDRIÐ
Við höfum lausn fyrir þig, mælum, teiknum, smíðum og setjum upp
Tré og Stál, vinnum verkið frá A til Ö

Beinir stigar - Loftastigar
Handlistar - Stólpar - Pilárar

Mex - byggingavörur
Sími 567 1300 og 848 3215
www.byggingavorur.com

Gluggar & hurðir

Gluggar, hurðir, og svalahurðir úr viðurkenndu PVC-U hágæða efni frá REHAU®

Kjarnagluggar hafa einstakt einangrunargildi og eru til í mörgum gerðum.
Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla
Sparaðu tíma • leitaðu tilboða
netfang: gluggar@vortex.is



Ekkert viðhald

Kjarnagluggar
Skemmuvegi 46 • 200 Kópavogi
sími 564 4714 • Fax 564 4713
www.kjarnagluggar.is

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Gólfhitakerfi
Ekkert brot ekkert flot



flooré GÓLFHITI



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) • 200 Kópavogur
Sími 567 1330 • Fax 567 1345 • www.hringas.is
Hringás ehf.



Bolta-klukkan var hönnuð á sjötta áratugnum af George Nelson og naut samstundis mikilla vinsælda.



Þessi skemmtilegi vasi eða skúlptúr er eftir Michele de Lucchi sem tilheyrði Memphis-hópnum, sem var leiðandi í hönnun á níunda áratugnum.

Ungverski hönnuðurinn Peter Chyczy hannaði þennan stól á sjöunda áratugnum og heitir hann Egg.

# Manngerð náttúra nútímans

Góð hönnun er tímalaus. Lína sem líður fullkomlega, í samræmi við lit, form og mynstur, heillar um leið og hún kitlar hégómagirndina örlítið. Ef til vill tekur góð hönnun á sig mynd náttúru nútímans sem öll er manngerð, og rétt eins og fullkomið sólarlag eða fjallatoppar í fjarska getur hún vakið vellíðunartilfinningu og maður þreytist aldrei á að njóta hennar.

Á síðustu öld var mikið hannað af fallegum, skemmtilegum og skrítnum gripum sem bæta umhverfið og lyfta andanum. Á þessum myndum getur að líta nokkra af þessum gripum. *- keþ*



Franski hönnuðurinn Pierre Paulin á heiðurinn af þessum stól sem heitir Tungan.



Einn af meisturum nútímahönnunar Achille Castiglioni hannaði þennan lampa.



Túlípanastóll Eero Saanien er löngu orðin sígildur, enda sérstaklega fallegur.



Pastel-stóllinn er hannaður af Eero Aarnio á sjöunda áratugnum.



Joe Colombo var framúrskarandi hönnuður á 7. áratugnum og var kallaður meistari plasthönnunarinnar. Hann á heiðurinn af þessum stól.



Stóllinn Giramundo eftir brasilíska hönnuðinn Marcus Ferriera er búinn til úr fimmtán tegundum af garni.

*Ert þú leið(ur) á að skipta um perur?*

DÍÓÐULJÓSIN FRÁ OKKUR ERU:



ORKUSPARANDI
ÓBRJÓTANDI
10.000 KLST. ÁBYRGÐ
PASSA FYRIR ALLAR GERÐIR VÖRU- OG FLUTNINGABÍLA



TRUCK - LITE
Ljósasamlokurnar frá okkur eru:
ÓBRJÓTANDI
HÖGGÞOLNAR
ENDAST OG ENDAST



et EHF VERSLUN
Klettagarðar 11, 104 Reykjavík
Sími 568 1580 • Fax 568 0844

*Ljósin frá okkur geta lýst leið þína lengi lengi ...*




# Veldu möguleika

Innréttingar í öll herbergi heimilisins.

Fagleg ráðgjöf og glæsilegur sýningarsalur.

JKE DESIGN

*Óteljandi möguleikar*

Mörkinni 1 - 108 Reykjavík
sími 515 0700 www.jke-design.is


pgv

GLUGGI TIL FRAMTÍÐAR ...

- ENGIN MÁLNINGAVINNA
- HVORKI FÚI NÉ RYÐ
- FRÁBÆR HITA OG HLJÓÐEINANGRUN
- FALLEGT ÚTLIT
- MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR
- ÖRUGG VIND- OG VATNSÞÉTTING

PGV ehf. sérhæfir sig í smíði glugga, hurða, sólstofa og svalalokanna úr PVC-u

Öllum framleiðsluvörum PGV fylgir 10 ára ábyrgð

Gluggarnir eru viðhaldsfríir og á sambærilegum verðum og gluggar sem stöðugt þarfnast viðhalds

PGV ehf. ı Bæjarhrauni 6 ı 220 Hafnafjörður ı Sími: 564 6080 ı Fax: 564 6081 ı www.pgv.is







Olgeir Jón Þórisson, eigandi Teppalands, fyrir framan úrval af fallegum gólfteppum.

# Gólfteppi vinsæl að nýju

Endalaust úrval, allir regnbogans litir og meira til.

Hér á árum áður voru Íslendingar (sem aðrir) sérlega hrifnir af því að veggfóðra og teppaleggja híbýli sín. Öll herbergi voru teppalögð með munstruðum gólfteppum og sumir gengu jafnvel svo langt að teppaleggja baðherbergin. Svo lagðist teppatískan ásamt veggfóðurstískunni af, þangað til nú á undanförnum misserum. Teppi og veggfóður eru komin aftur í tísku en þó með öðru sniði en áður. Í dag förum við öllu sparlegar með þessa hluti. Veggfóðrum kannski einn vegg með fallegu veggfóðri og látum sníða teppi fyrir stofur og svefnherbergi.

Hjá versluninni Gólfefni-Teppaland í Ármúla 18 er mjög gott úrval af gólfteppum. Hægt er að fá þau einlit eða munstruð og sannarlega í öllum regnbogans litum. Verðlagning teppanna ræðst töluvert af gæðum ullarinnar, eða efnanna sem notuð eru í gerð þeirra. Þéttofið og mjúkt gólfteppi getur til dæmis kostað alveg upp í ellefu þúsund krónur á fermetrann á meðan ódýrari teppi kosta frá 990 krónum.



Hægt er að láta sérsníða og falda mottur með hvaða lagi sem er.

Kjósi fólk að láta sérsníða fyrir sig mottu undir sófaborðið eða til að nota inni í herbergi, kostar það lítið aukalega en hægt er að fá motturnar útskornar hvernig sem er; egglaga, hringlaga, ferkantaðar, rúnnaðar eða í óreglulegu formi.

Einfaldleikinn er ekki í fyrirrúmi hjá öllum sem kaupa sér gólfteppi og sumir vilja þau heldur með skrautlegu eða einföldu munstri. Þannig má til dæmis nefna gömul „ömmu" munstur, sem eru enn mjög vinsæl í Englandi, eða flóknari og listrænni munstur sem hafa meiri dýpt. Því hafa teppaframleiðendur oftar en ekki fengið þekkta hönnuði og myndlistarmenn til liðs við sig þegar slík munstur eru útfærð og útkoman þannig oft ansi skemmtileg og mikið augnayndi.

Frá því á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar hafa gæði og slitþol gólfteppa aukist til muna og því ekki „hundrað í hættunni" þó að það hellist eitthvað niður í teppið. Sem dæmi um viðskiptavini Teppalands má nefna Hótel Nordica, en arkitektar vönduðu valið þegar ullarteppi frá Teppalandi voru keypt sem gólfefni á þetta glæsilega hótel.

# Gamla vigtin mátulega ónákvæm í matreiðsluna

Þótt það sé fjarri því að Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi búi á antikheimili eru það fornir hlutir sem koma fyrst upp í hugann þegar hún er spurð um eftirlætishúsgögn eða heimilistæki.

„Mér dettur strax í hug eitt heimilistæki. Það er eldhúsvigt frá henni ömmu. Ég hef svo gaman af gömlum hlutum því þeir tengja mig við upprunann," segir Björk og heldur áfram. „Vigtin er búin að vera á mínu heimili frá því ég var 17 ára gömul. Afi dó þá og amma var komin á Grund svo það var verið að skipta búinu og hún kom í minn hlut. Það sáu allir að ég yrði góð að elda og baka."

Björk hefur notað vigtina mikið gegnum tíðina og einn af kostum hennar segir hún þann að hún sé ónákvæm. „Mér finnst skipta máli að geta leyft sér að fara ekki nákvæmlega eftir uppskriftum heldur láta eina og eina lúku detta af hinu og þessu. Leyfa aðeins tilfinningunni að ráða. Þess vegna hentar mér að eiga svona vigt en ekki tölvuvog sem vigtar alveg upp á eitt gramm. Ég keypti eftirréttabók Hagkaupa fyrir jólin og í sumum uppskriftum eru kannski 172 grömm af einhverju hráefni. Þá hugsaði ég einmitt svo fallega um gömlu vigtina og vissi að hún mundi hjálpa mér í gegnum allar þessar uppskriftir.

Amma mín bakaði ýmsar hnallþórur í gegnum tíðina, meðal annars fyrir kökubasarana sem þá voru og hétu. Ónákvæma vigtin hindraði hana ekki í að baka og ekki mig heldur.



„Þá hugsaði ég einmitt svo fallega um gömlu vigtina og vissi að hún mundi hjálpa mér í gegnum allar þessar uppskriftir," segir Björk.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Þjónar í Vín hafa sett borð og stóla út á gangstéttir á meðan Búlgarar eru byrjaðir að sóla sig á ströndum Svartahafs. Rósir eru byrjaðar að blómstra í Hollandi og hreiðurgerð er hafin hjá sumum fuglum. Austurríkismenn með ofnæmi eru að taka fram ofnæmismeðölin sín þó að janúar sé rétt hálfnaður þar sem sumar trjátegundir eru þegar byrjaðar að blómgast og sænskir birnir eru núna loksins að leggjast í híði, tveimur mánuðum of seint, þar sem veðrið hefur ruglað þá í ríminu. Þetta eru nokkur merki um það hve óeðlilega mildur veturinn í Evrópu hefur verið það sem af er.

Þessi óeðlilegu hlýindi hafa komið sérstaklega illa niður á skíðaunnendum og iðnaðinum þar í kring. Skíðastaðir hafa þurft að segja upp starsfólki vegna viðvarandi snjóleysis og aflýsa hefur þurft fjölmörgum skíðamótum. Sumir ákveða þó að grípa til örþrifaráða. Skipuleggjendur skíðakeppni sem fer fram núna um helgina í Cortina á Ítalíu létu búa til gervisnjó sem var síðan fluttur með þyrlu upp í brekkuna til að útbúa brautir. „Á sunnudaginn fórum við 51 ferð á tveimur klukkustundum,“ sagði Enrico Valle, einn skipuleggjenda, en bætti við að þótt þessi snjór kostaði jafn mikið og gull væri hann svo sannarlega þess virði.

Margir Evrópumenn velta fyrir sér hvernig á þessum hlýindum standi. Hvort hér séu margrædd gróðurhúsaáhrif að verki eða hvort þetta sé bara eitt af þessum óvenjulegu árum sem koma upp stöku sinnum gegnum aldirnar.

Helga Kromp-Kolb, austurrískur loftslagssérfræðingur, telur fyrri kostinn afar ólíklegan. „Ef fólk myndi bara spjalla við ömmu sína kæmist það líklega að því að áður hafa komið janúarmánuðir þar sem veður hefur boðið upp á sólböð,“ segir hún og efast um að nokkuð jafn ískyggilegt og gróðurhúsaáhrif sé sökudólgurinn hér. Helga bendir á að loftslagsbreytingar séu langtímaþróun sem spanni áratugi og aldir.

Aðrir eru þó sannfærðir um að gróðurhúsaáhrifin eigi hér alla sök - eða öllu heldur mannfólkið sem getur ekki frekar en fyrri daginn á sér setið að dæla gróðurhúsalofttegundum linnulaust út í andrúmsloftið.

Hvort heldur sem er líst skíðafólki og öðrum sem stunda snjóíþróttir af ýmsu tagi engan veginn á blikuna. Fáum er þó jafn misboðið og snjóbrettamönnum í Rúmeníu, sem gerðu sér lítið fyrir og stormuðu inn á veðurstofu ríkisins í Búkarest til þess að mótmæla þessu fáránlega veðurfari. Fjölmennið var svo mikið að öll umferð stöðvaðist í nágrenni veðurstofunnar meðan á mótmælunum stóð. Mótmælunum lauk þó friðsamlega eftir að starfsfólk veðurstofunnar fullvissaði snjóbrettafólkið um að skilaboðum þeirra yrði komið áleiðis til æðri máttarvalda við fyrsta tækifæri.

Breski umhverfisfræðingurinn Jill Jaeger lítur snjóleysið hins vegar allt öðrum augum. Hún sér ástæðu til að fagna ákaft þessum undarlegu hlýindum í Evrópu, einkum þó snjóleysinu, vegna þess að það veki von um að almenningur, og þá sérstaklega nokkuð háværir hópur skíðaáhugafólks, geti farið að krefjast þess af stjórnvöldum að fara nú loksins að gera eitthvað til þess að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda. ■



**GANGANDI Í SKÍÐABREKKU** Þessir ungu skíðaiðkendur þramma áfram á skíðaskónum með búnaðinn sinn á snjólausu svæði í hlíðum fjallsins Les Carroz í frönsku Ölpunum. MYND/AP




**LOKAÐ Í BREKKUNNI** Ferðamenn í skíðabænum Wengen í svissnesku Ölpunum ganga framhjá skilti um að skíðabrekkurnar séu lokaðar. Í bakgrunninum sést hvernig snjórinn nær ekki að hylja grasið. NORDICPHOTOS/AFP



**SNJÓKARL ÚR PLASTI** Notast þurfti við plast sem efnivið í þennan snjókarl sem hefur verið reistur í grösugri skíðabrekkunni í Rupholding í Þýskalandi sem er venjulega prýdd þykku lagi af snjó. MYND/AP



**SALÍBUNA** Þessi ungi Þjóðverji lét snjóleysið ekki aftra sér frá því að renna sér niður brekkuna í snjóþotunni sinni í Winterberg í Vestur-Þýskalandi. NORDICPHOTOS/AFP



**ÞRÖNGT SKÍÐA SÁTTIR** Keppendur í skíðaskotfimi láta grænt grasið ekki trufla einbeitinguna meðan þeir skíða eftir mjórri manngerðri brautinni. NORDICPHOTOS/AFP



**FLUTNINGUR Á SNJÓ** Við undirbúning á skíðakeppni í Kitzbühel í Austurríki var brugðið á það ráð að nota þyrlu til að flytja snjó í brekkuna sem starfsfólk og vinnuvélar dreifðu síðan úr. NORDICPHOTOS/AFP



# MAX

## VALDAR VÖRUR 15-90% AFSLÁTTUR

ÖRFÁ VERÐ DÆMI

# DÚNDUR DAGAR



**Toshiba Sattelite Pro A120**
- Core2Duo T550 1.66 örgjörvi
- 512 innra minni,
- 15,4" breiðtjaldsskjár
- 80gb harður diskur
- DVD skrifari
- Þráðlaust net
- XP Pro

DÚNDUR verð **79.999 kr.**

Fullt verð ~~119.999~~



DÚNDUR verð **19.999 kr.**

Fullt verð ~~26.999~~

**SONY DSCW50**
- Stafræn myndavél
- 6 milljón punkta upplausn
- 2,5" LCD skjár
- 3x Optical og 6x Digital zoom
- Carl Zeiss linsa
- Hreyfimyndataka
- 32MB minni innbyggt



**Philips DECT122**
- Þráðlaus DECT sími
- 30 númer í minni
- 10 tíma hleðsla í notkun
- 5 dagar í bið
- Endurval í síðustu 20 númer
- Sýnir númer sem hringir

DÚNDUR verð **2.499 kr.**

Fullt verð ~~4.499~~



**Ideline 748090**
- Súkkulaðipottur
- Fyrir heimatilbúið konfekt ofl
- Bræðir súkkulaði án bruna
- Hentar fyrir allt súkkulaði
- Margir fylgihlutir
- Uppskriftabæklingur fylgir

DÚNDUR verð **1.999 kr.**

Fullt verð ~~3.999~~



**Siemens WM14A280**
- Rafeindastýrð þvottavél
- 1400 snúninga
- Þvotthæfni A
- Orkunýting A
- Vinduhæfni B
- Stórt lúguop
- Hraðþvottakerfi
- Mjög fullkomin vél

DÚNDUR verð **49.988 kr.**

Fullt verð ~~74.988~~



DÚNDUR verð **5.999 kr.**

Fullt verð ~~9.999~~

**Kenwood VC1807**
- 1800w ryksuga
- 2 fylgihlutir
- Litur: Silfur

**Geisladiskar DVD myndir Tölvuleikir**

DÚNDUR verð



**Öll Kenwood bíltæki með 15% afslætti!**




OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

**Við erum beint á móti IKEA**

MAX RAFTÆKI

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

# Reykvískur skítamórall



Sjálf vildum við fæst vinna störf þeirra en án þjónustunnar værum við í djúpum skít. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* hitti fólkið sem þrífur upp helgaræluna í Austurstræti og leysir upp rottusamkomur víðs vegar um borgina.

Við göngum að því vísu að einhver sinni þessum störfum en hugsum sjaldnast út í það hvaða fólk þetta er og af hverju það kaus að fara út í erfiða og oft heldur sóðalega vinnu. Það er ekki fyrr en við rekumst á rottutrýni í forstofunni eða löbbum heim úr miðbænum eftir menningarnótt sem við tökum því fegins hendi að þurfa ekki sjálf að ganga í málin og stúta meindýrinu eða þrífa upp eftir okkur sóðaskapinn. Í þeim störfum eru hörkutól, sem víla ekki fyrir sér að draga ruslatunnur í 6 klukkutíma á dag í megnri ýldulykt, stúta einum mink eða svo á fyrstu hæð fjölbýlishúss í Breiðholti eða jafnvel að þrífa upp mannaskít á hringtorginu við kirkjugarðinn í Fossvogi. Oftar en ekki gleðjumst við yfir þessari þjónustu, sér í lagi þegar meindýrin trylla heimilisfólk, en það er þó alltof oft sem starfsstéttir þessar hljóta að launum háð og spott samborgara sinna. Hvað segir maðurinn á sugunni, karlinn á ruslabílnum, meindýraeyðirinn og sugubílstjórinn um framkomu og fordóma samborgara sinna og erum við miklir sóðar?

## Helgi Helgason flokksstjóri:

## Einstaka borgarar sem telja okkur hálfvita

Lyktin venst á þriðja degi og þeir eru nokkrir sem gefast hreinlega upp strax, bæði vegna lyktarinnar og svo eru ekki allir sem þola allt þetta mikla labb," segir Helgi Helgason, flokksstjóri á einum af sorpbílum Reykjavíkurborgar. Dagurinn á ruslabíl er strangur – um 6 klukkustunda stíf ganga, í öllum veðrum og sumartíminn er oft erfiður þegar heit sólin velgir sorpið og upp gýs fnykur af alls kyns úrgangi. „Ég segi nú stundum að ég hafi hreinlega fengið köllun þegar ég réði mig í ruslið en ég byrjaði í afleysingum í kringum 1980 og er búinn að vera fastur á bíl síðan 1989. Það hefur auðvitað margt breyst til batnaðar á þeim tíma og þá sérstaklega hvað varðar tunnurnar sjálfar og bílana og eru þær mun handhægari og auðveldari í meðförum en þá." Vinnan hefst um sex á morgnana og er búin milli þrjú og hálffjögur á daginn. Helgi segir kostina vera marga við starfið, einkum og sér í lagi náin tengsl við umhverfið og mannlífið og svo sé útiveran góð. „Ég er mjög ánægður í starfinu og það er ekkert sérstakt að plaga mig. Viðhorf almennings hefur breyst mikið til hins betra en þó er auðvitað alltaf einn og einn aftur úr fortíð sem heldur að séum allir hálfvitar," segir Helgi sposkur. „Viðhorf ökumanna mætti líka vera betra en þeir eru oft óbilgjarnir og gera sér ekki grein fyrir því að þarna eru menn og tæki að störfum. Þeim finnst sumum betra að liggja á flautunni en að fara í gegnum næstu götu sem stutt er í." Ýmislegt verður á vegi Helga og félaga, jafnvel nýþvegin innpökkuð gluggatjöld úr Fönn en í dag sjá bílarnir aðeins um heimilissorp og þakkar Helgi guði fyrir það að fyrirtækin eru ekki lengur á þeirra snærum enda sorpið þaðan oft margvíslegt og lyktarsterkt. „Við verðum snælduvitlausir ef við finnum grjót og timbur í tunnunum en það er á algerum bannlista. Ætli við tökum ekki um 7-800 tunnur á dag og erum því allir í ágætu formi. Strákarnir hér fara þó margir í ræktina að loknum vinnudegi þannig að það er ekki allt loft úr okkur að loknum degi.



**MENN GEFAST OFT UPP EFTIR HÁLFAN DAG** Það eru ekki allir sem geta vanist megnum fnyknum af ruslatunnum borgarbúa að sögn Helga Helgasonar.



**ALLT Í RUSLI EFTIR MENNINGARNÓTT.** Borgarstarfsmenn hafa hvað mest að gera við að þrífa upp eftir borgarbúa eftir húllumhæið um miðjan ágúst.

## Sigurður Jónsson vaktstjóri:

## Leiðbeinendastarf

Sigurður Jónsson, vaktstjóri hjá skilastöð Sorpu á Dalvegi hefur starfað á endurvinnslustöðvum síðastliðin tíu ár og segir margt hafa breyst til batnaðar á þeim tíma og þá helst hvað varðar meðvitund fólks um að flokka sorpið rétt. Dagurinn hefst klukkan 12 á hádegi og eru þeir þrír til fjórir á hverri stöð til klukkan hálfátta á kvöldin við að aðstoða og leiðbeina fólki í hvaða gáma henda skal dótinu. „Fólk flokkar meira og er duglegra að skila dagblöðum og fernum þannig að þetta stefnir allt í rétta átt þó við séum auðvitað aldrei ánægðir." Hann segir kostina við starfið vera útiveruna og frjálsræðið og ber flestum vel söguna en bætir þó við að fólk mætti bera meiri virðingu fyrir því góða starfi sem unnið sé á skilastöðvunum, stærsti hlutinn er þó meðvitaður um hvað þetta snýst allt um. „Þarna getur fólk skilað fatnaði til Hjálparstofnunar kirkjunnar allan ársins hring og þarf ekki að bíða eftir næstu söfnun og svo er Góði hirðirinn auðvitað flaggið okkar en hér áður fyrr blöskraði manni hvað það fór mikið af verðmætum í súginn. Enn þá rekst maður þó á töluvert af verðmætum og það kemur manni á óvart en má þó kannski kenna vankunnáttu fólks um. Svo hafa framleiðsluhættir jú oft breyst mikið og dót sem framleitt er í dag endist bara ekki eins lengi og það sem var á markaði fyrir 30 árum, þannig að enn getur maður notað eldgamla hátalara meðan nýir geislaspilarar fara beint í tunnuna." Það er mjög árstíðabundið hvað fólk kemur með. Á sumrin er það garðaúrgangur og fyrir jól eru geymslurnar svo teknar í gegn. Eftir áramót er svo allt á floti í sprengjuumbúðum."



**VERÐMÆTI Á HAUGANA** Sigurður Jónsson hjá skilastöð Sorpu segir það oft koma sér á óvart hve mikið af nýlegu dóti lendi í skilastöðinni.

## Guðmundur Björnsson meindýraeyðir:

## Meindýraeyðar eru veiðimenn

Fólk er yfirleitt ánægt að sjá okkur, enda hringir fólk hingað eftir þjónustu. Tilfellin eru líka þannig að fólk getur ekkert beðið. Ef það er rotta inni í íbúðinni, þá getur þú ekki bara sagt að þú komir á morgun," segir Guðmundur Björnsson meindýraeyðir um stundaránægju fólks yfir tilvist þessarar starfsstéttar. Í Reykjavík eru algengustu útköllin í kringum rottur og mýs. Vitjanirnar eru um 219 á ári vegna fyrrnefnds vágests, og hefur þeim fækkað mikið, en fyrir um áratug voru kvartanirnar nokkur þúsund. Menn rekast á rotturnar í kringum húsin sín, hjá biluðum niðurföllum og svo slæðast þær stundum inn í húsin. Af öðrum meindýraútöllum má nefna geitungabúin yfir sumartímann og svo eru það refir og minkar en höfuðborgarsvæðið nær að sjálfsögðu alla leið upp á Kjalarnes og þar heldur refurinn sig að mestu leyti. „Það kemur þó alveg fyrir að minknum skjóti upp í íbúðahverfum og við höfum farið í útköll þar sem hann hefur gert sig heimakominn í íbúðum á Skólavörðustíg og í Breiðholti. Rottusvæðið er frá Elliðaám og vestur úr en lítið hefur borið á þeim í Breiðholti og öðrum úthverfum. Mýsnar eru aftur á móti að finna alls staðar en fólk amast minna við þeim. Útköllin geta þó verið af öllum toga og einu sinni fór ég í Öskjuhlíðina til að safna saman hænum sem þar voru á vappi." Á sumrin er eitrað fyrir rottunum í holræsunum. Komist þær inn í hús er reynt að veiða þær í gildrur og forðast að eitra fyrir þeim í lengstu lög, enda ekki gaman að vita af rotnandi dýri einhvers staðar inni í vegg eða uppi á háalofti. „Ég forðast alltaf að blása upp rottuvandamálið en þær eru til og þegar vandamálin koma upp erum við til staðar. Þær lifa þarna langt undir og komast upp ef eitthvað er ekki í lagi," segir Guðmundur og hlær að hugmyndinni um að meindýraeyðar séu ofurmenni. „Það er ekki bundið við kyn eða vaxtarlag manns hvort hann geti sinnt starfinu. Við höfum verið með ungar stelpur í vinnu hjá okkur og ég hef oftar en ekki farið inn í híbýli 200 kílóa manna sem hlaupa undan meindýrinu. Ef fólk hefur ranghugmyndir um okkur þá er það helst að það haldi að við séum dýrahatarar og jafnvel vondir menn. Það kemur fyrir að menn missa dýrin sín út eða rekast á særða ketti einhvers staðar og hringja í lögregluna sem bendir þeim á okkur. Þá lýst fólki oft ekki á blikuna og heldur að við komum dýrunum fyrir kattarnef. Það er fjarri lagi en kettirnir fara upp í Kattholt og starfsmennirnir hér eiga flestir gæludýr. Þetta er bara okkar starf." Aftur á móti játar Guðmundur því að ef til vill sé veiðimennskan í blóði þeirra allra en flestir stunda einhvers konar veiði enda þarf oft mikla útsjónarsemi til að ná dýrunum. „Sjálfur er ég alinn upp úti á landi, við veiðar og slíkt og líklega er þetta bara í blóðinu."



**ALLIR FEGNIR AÐ SJÁ OKKUR** Guðmundur björnsson meindýraeyðir segir hörðustu menn dauðhrædda við þau dýr sem slæðast inn á heimilin.

## Theodór Hansen:

## Fordómafullir góðborgarar

Víða um bæinn má sjá Theodór Hansen við vinnu sína á svokallaðri „sugu" en eldsnemma á morgnana, milli klukkan fjögur og sex, hefur hann starf sitt við að hreinsa gangstéttir, umferðareyjur og miðbæinn með hálfgerðum ryksugubíl og er oft að langt fram á dag. Á svæðum þar sem gámar eru tæmdir þarf oft að fínpússa svæðið og þá er Theodór mættur og svo er það ruslið sem mannfólkið losar sig við hér og þar um borgina og er þar allt mögulegt að finna – allt frá mannasaur að sögn Theodórs og upp í mjólkurfernur. „Því miður gengur fólk alveg skelfilega illa um en sem betur fer er þetta góður hópur sem vinnur við þetta og fylgist vel með hvar þarf á aðgerðum að halda. En mér finnst umgengnin alltaf fara versnandi og fólk ber ekki nægjanlega virðingu fyrir umhverfinu né því starfi sem við borgarstarfsmenn vinnum." Hann segir miðbæinn hvað verstan og menningarnótt toppi þar allt en sumartíminn er erfiður. Einnig sé áreitið mikið ef kalt er úti en þá eru mikil læti í fólki og áreiti enda fólk oft að kynda kaldan skrokkinn með heitum miði. „Ég finn fyrir því að það er litið niður á okkur sem sjá um að þrífa borgina en samt er maður nærri orðinn ónæmur fyrir aðkasti sem er þó nokkuð mikið, og þá helst frá „betri borgurum". Það er hér um bil eins og þú sért ekkert nema einn liður í skítnum á götunni. Ég held svei mér þá að sumir hefðu gott af því að prófa starfið." Theodór segir aðkastið ekki mest frá gangandi vegfarendum heldur séu það líka íbúar í húsum, til að mynda við Laugaveg. „Þetta er samrýmdur hópur sem vinnur þetta hreinsunarstarf og það hjálpar en það er lítil endurnýjun á fólki í þessum geira og við þekkjumst öll mjög vel. Það væri samt óskandi að fólk bæri meiri virðingu fyrir þessum störfum og kæmi ekki í vígahug út af skemmtistöðunum."



**FINNUR FYRIR AUKNU OFBELDI** Theodór Hansen ferðast um bæinn á sorpsugu og er því í nánum tengslum við mannlíf borgarinnar.


LOKADAGAR
ÚTSÖLUNNAR
Allt að
30% afsláttur
af eikarhúsgögnum
frá Christian Harold
Svefnsófi
Fullt verð: 179.000,-
Útsöluverð: 98.000,-
Sófasett 3+1+1
Fullt verð: 269.000,-
Útsöluverð: 179.000,-
Sófasett 3+1+1
Fullt verð: 239.000,-
Útsöluverð: 159.000,-
Fjöldi annara tilboða
GP
gæðahúsgögn
Dalshrauni 1 Hafnarfirði Sími: 565 1234
Opið virka daga: 10-18
laugardaga 11-16
GP
gæðahúsgögn

SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR

# ÚTSÖLOK

STÆRSTU ÚTSÖLUNNI
TIL ÞESSA LÝKUR UM HELGINA!

VERÐDÆMI:



50% afsláttur

LA-Z-BOY

**CARDINAL**
LAZYBOY sjónvarpssófi með skemli og hallanlegu baki beggja vegna
B:220 D:95 H:100 cm

89.990
verð áður: ~~179.980~~



50% afsláttur

LA-Z-BOY

**COSMO**
LAZYBOY hægindastóll með skemli og hallanlegu baki.

24.990
verð áður: ~~49.980~~

**OPIÐ ALLA DAGA** Laugardag 10-18 • Sunnudag 12-18

# HÚSGAGNAHÖLLIN



LU

allt að **80%** afsláttur



**60%** afsláttur

**SAXTON** 2 sæta sófi, leður, litur sand.
B:175 D:92 H:80 cm

**SAXTON** 3 sæta sófi, leður, litur sand.
B:237 D:92 H:80 cm

| 2 SÆTA | 3 SÆTA |
|---|---|
| 47.992 | 63.992 |
| verð áður: ~~119.980~~ | verð áður: ~~159.980~~ |



**57%** afsláttur

**LIFE**
fataskápur, beyki
B:150 D:51 H:209 cm

14.980
verð áður: ~~34.980~~



**30%** afsláttur

**RIALTO**
tungusófi, áklæði cappucino
B:234 D:153/91 H:71 cm

55.986
verð áður: ~~79.980~~

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200

# Dansinn er lífæðin

Stjarna **Ernu Ómarsdóttur** hefur síðustu ár færst hærra og hærra á hinu evrópska himinhvolfi dansins. Síðustu ár hefur hún ferðast vítt og breitt um heiminn með sýningar sínar og í einu virtasta danstímariti Evrópu hafa gagnrýnendur og blaðamenn sett hana í hóp með frambærilegustu listamönnum álfunnar. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* hitti dansarann yfir bolla af piparmyntutei.



**ERNA ÓMARSDÓTTIR, DANSARI OG DANSHÖFUNDUR** - MAN EKKI EFTIR SÉR ÖÐRUVÍSI EN SPRIKLANDI

> Á morgnana fer ég í feluleik við búálfinn sem býr á baðherberginu hjá mér og þegar ég finn hann syngjum við saman dauðarokk og bökum svo brauð þegar við erum orðin svöng. Á kvöldin förum við svo út í náttúruna og reynum að galdra allar allar virkjanir í burtu. Þá er búálfurinn minn orðinn þreyttur og fer.

Reyndar er fleira í boði en grænt vatnssull. Á fínum kaffihúsum fylgir auðvitað smá súkkulaðiflís með og Erna gengst við þeirri sök að vera mikill sælkeri og um leið að hún fari ekki eftir stífum herbúðamatseðli eins og dansarar gera svo gjarnan. „Sem betur fer þykir mér skyndibiti vondur sem og sykrað gos, mér nægja tveir kóksopar á mánuði. Ég á öllu erfiðara með að standast súkkulaðið og mætti kannski minnka það. Þegar sýningar nálgast verð ég þó mun meðvitaðri um mataræðið og verð alltaf stressuð yfir því að ég gleymi kannski að borða orkumikla máltíð eða fái ekki nægan svefn. Þá er gott að borða pasta, banana og jafnvel steik, þótt ég sé yfirleitt ekki mikil kjötkona. Lykilatriðið er þó að ná góðum svefni. Annars finnst mér það oft misskilningur að dansarar þurfi endilega að vera grannvaxnir. Bestu dansatriðin sem ég hef séð eru oft með dönsurum sem hafa mjúkan líkamsvöxt og appelsínuhúð. Dansinn hefur oft miklu meira með persónuleikann að gera heldur en akademíska danstækni.“

**Kvíðaköst fyrir Bakkynjur**

Erna hefur þurft á öllum sínum styrk að halda síðustu vikur. Annan í jólum frumsýndi Þjóðleikhúsið einn þekktasta gríska harmleik sögunnar, Bakkynjur, en þar voru bakkynjurnar sjálfar, fylgdarkonur Díónýsosar, mikið til á hennar snærum og Atla Ingólfssonar tónskálds, þar sem Erna sá vitaskuld um dansinn og Atli um tónlistina. Erna viðurkennir að hafa fengið martraðir fyrir Bakkynjuverkefnið og fundist það skrítin tilhugsun að þurfa að vinna eftir handriti, með grískum leikstjórum sem hún þekkti ekki neitt og það í hinni virðulegu stofnun Þjóðleikhúsinu. Skelfingarnætur voru þó óþarfar og var hún mjög ánægð með útkomuna. „Þetta var mun skemmtilegra en ég bjóst við og mér finnst alltaf mjög sjarmerandi að sjá fólk takast á við dansinn sem hefur hann ekki að atvinnu. Að vísu voru tveir frábærir atvinnudansarar í þessum sjö manna bakkynjuhóp en leikkonurnar dembdu sér út í þetta af fullum krafti og það var gaman að sjá hvernig karakter þeirra samsamaði sig dansinum. Ragnheiður Steindórsdóttir á til dæmis stórfenglega innkomu og mér fannst sérstaklega gaman að sjá hana, elsta í hópnum, blómstra í dansinum.“ Verk Ernu eru oftar en ekki mikil upplifun, þar sem tónlist, dans, hljóð og leiklist mynda heildarumgjörð og magnaðan galdur. „Það er alltaf áhugavert að sjá áhorfendur þora að taka á móti þegar hlutirnir eru gerðir á óhefðbundinn hátt. Listin er oft um þessa óútskýranlegu þætti, skrítnar tilfinningar sem koma upp og fleira og það er alveg óþarfi að hræðast. Stundum erum við of hrædd við að skila ekki eða misskilja en í Bakkynjum er ekki mikilvægast að skilja plottið. Þetta er upplifun sem fer um allan líkamann.“

**Umboðsmaður á þönum**

Algengt er að reglubundin þjálfun karlkyns dansara hefjist ekki fyrr en þeir eru 16 eða 17 ára gamlir en öllu sjaldgæfara er að stúlkur snúi sér svo seint að skipulagðri þjálfun í listinni. Eftir að hafa staldrað við á hinum og þessum dansnámskeiðum, meðal annars í djassballet og breikdansi, á sínum æskuárum í Kópavoginum, innritaði hún sig, þá 17 ára gömul, í Listdansskólann. „Ég man ekki eftir mér öðruvísi en spriklandi. Það voru jafnan uppistönd og sýningar í barnaafmælum og þótt ég hafi ekki byrjað að gefa dansinum gaum af alvöru fyrr en 17 ára held ég að þetta hafi blundað í mér alla tíð.“ Í listdansskólanum fékk Erna smá smjörþef af samtímadansi og kennararnir hvöttu hana til að fara út í frekara nám í greininni. Við tók tveggja ára martröð að hennar eigin sögn og átti sú pína sér stað í akademískum dansskóla í Rotterdam. Að lokum leyfði dansarinn uppreisnarseggnum að skríða úr fylgsninu og yfirgaf skólann enda greinilega á allt annarri bylgjulengd. Það varð henni til mikils happs því þá hófst ævintýrið. „Ég var ekki tilbúin fyrir nákvæmar og stífar akademískar æfingar og hafði hreinlega aldrei langað til að stunda þær, þannig að ég þakka fyrir að hafa fundið nýjan skóla sem hentaði mér betur. Á þessum tíma var verið að setja á stofn dansskóla í Brussel, PARTS, og ég komst þar inn á fyrsta ári og var hálfgert tilraunadýr. Ég var mjög heppin að fá inngöngu því í dag er þetta einn eftirsóttasti skóli í heimi og ég hefði aldrei komist inn í hann í dag með þann grunn sem ég hafði þá.“ Árgangurinn sem Erna fylgdi í PARTS samanstóð af alls kyns fólki, þar voru dansnemendur úr Parísaróperunni, fyrrverandi leigubílstjóri, leikarar og fleiri og var mikið unnið með hvern einstakling fyrir sig í stað þess að steypa alla í sama mót. Í dag eru þeir sem útskrifuðust með Ernu allir að gera góða hluti í dansheiminum, sem er sérstakt á tímum heilla herdeilda atvinnulausra dansara í Evrópu. Í PARTS fann Erna hvað það var sem hún vildi gera við dansinn og hóf að þróa hugmyndir sínar. Eftir námið má segja að líf hennar hafi verið í ferðatösku því eftirspurn eftir danssýningum hennar eykst með hverju árinu sem líður og heilmikill sviti fyrir umboðsmann hennar að bóka sýningar hennar um alla Evrópu.

**Hljóð segir meira en mörg orð**

Hróður Ernu hefur aukist jafnt og þétt og í einu þekktasta danstímariti heims, hinu þýsk-enska Ballettanz, hefur nafn hennar verið nefnt nokkur ár í röð þegar kemur að því að útnefna eftirtektarverðustu dansara og danshöfunda Evrópu. Þá hefur hún hlotið Grímuna í tvígang og var útnefnd heiðurslistamaður Kópavogs árið 2006, heiður sem henni þykir mjög vænt um. „Kannski má frekar segja að líf mitt sé í bakpoka, því ég er alltaf með búslóðina mína í litlu húsi á bakinu,“ segir Erna og rennir augunum í átt að hafurtaskinu sem bíður við hlið hennar á stól. Heima er unnusti hennar Valdimar Jóhannsson í óða önn að pakka en þau ætla að feta sig áfram í tilraunastarfsemi með sambúð þegar hann hefur lokið við tónleikaferðalag sitt um Evrópu með hljómsveitinni Reykjavík!. Skötuhjúin kynntust þegar þau unnu saman að myndbandi Bjarkar Guðmundsdóttur – Where is the Line – en þar var hann að smíða leikmyndina og Erna lék slímugt og viðbjóðslegt skrímsli. Tvær útgáfur voru gerðar af myndbandinu og var önnur útgáfan útfærsla Gabríellu Friðriksdóttur á Feneyjatvíæringnum, en hún leikstýrði einnig myndbandinu. Valdimar kom svo síðar að tónlistarflutningi í nýjasta verki Ernu, Mysteries of Love, sem hún vinnur með tónlistarmanninum Jóhanni Jóhannssyni og Margréti Söru Guðjónsdóttur. Parið hefur verið saman síðan þá, en hafa hjónaleysin einhver frekari áform um samvinnu? Erna verður sposk á svip og játar að þau hafi eitthvað í bígerð. „Ég hef unnið mikið með hljóð síðustu árin og finnst gaman að toga í ýmsa aðra spotta í listinni en bara dansinn sjálfan. Þannig eru hljóðin oft fyrir mér frekar notuð í þágu dansins og eins konar framlenging á hreyfingum. Ég hef líka verið að leika mér að því að syngja dauðarokk,“ segir hún eins og ekkert sé eðlilegra fyrir smávaxna og fíngerða konu en að framkalla dimm og drungaleg hljóð úr dýpstu iðrum. „Þessi frumstæðu náttúrulegu öskur og hljóð heilla mig og mér finnst oft hægt að segja miklu meira með einni góðri öskurroku en þúsund setningum. Þú þarft á allri þinni orku að halda til að mynda eitt gott öskur, allir vöðvar og æðar þenjast út, stundum þannig að mig svimar en það á mjög vel við mig að vinna með öfgar og sterkar andstæður.“

**Dansinn á réttri leið?**

Við förum út um víðan völl enda af nógum ævintýrum að taka. Erna hefur starfað með virtum leikstjórum og danshöfundum um alla Evrópu og sett upp eigin sýningar. Samstarfið við Gabríellu Friðriks ber einnig á góma, en Erna segir þær hafa opnað margar dyr hvor fyrir aðra, Gabríella tekið dansinn inn í list sína og svo hefur listakonan unnið að dansverkum Ernu hvað varðar búninga og sviðshönnun í samstarfi við Raven. Sýningarnar sem Erna hefur unnið í samstarfi við Jóhann Jóhannsson verða áfram á ferð vítt og breitt um Evrópu og svo er hópur úti í Brussel sem kallar sig Poni en hann samanstendur af dönsurum, myndlistar- og tónlistarmönnum. Í þeim hópi hefur Erna þróað nýja persónu sem hún kallar „The Talking Tree“. Tréð verður einnig á ferðalagi um Evrópu og skemmtir fólki með undarlegri sögustund og dansi og ætlunin er að sýna hluta þessa afraksturs á tíu ára afmælishátíð dansleikhússins Ekka í vor. Í nóvember munu þau síðan taka að sér stórt verkefni en Ernu áskotnaðist sá heiður að vera valinn listamaður Listahátíðarinnar Les Grandes Traverseer sem stendur yfir í tíu daga í vínhéraðinu Bordeux í Frakklandi. Hlutverk Ernu verður að velja listamenn á hátíðina auk þess að sýna flest verka sinna. En hvar stendur Ísland í þessu öllu og erum við með á nótunum hvað samtímadans varðar? „Þetta stefnir allt í rétta átt en við erum samt frekar stutt á veg komin og verðum að halda áfram að ala upp dansara, danshöfunda og áhorfendur. Ánægjulegast er að í Listaháskólanum er margt að breytast og spennandi tímar fram undan. Í fyrsta skipti er þar dansdeild sem einbeitir sér að samtímadansi en Karen María Jónsdóttir hefur unnið gott starf þar. Ég hef aðeins aðstoðað hana við að fá kennara hingað til lands og fólk má vita að það eru margir af bestu kennurum í heimi sem munu koma hingað og kenna. Hér á landi hefur hingað til bara verið einn dansflokkur sem starfar árið um kring, Íslenski dansflokkurinn, sem vissulega hefur verið að gera margt gott, en dansinn á Íslandi líður fyrir litla breidd. Íslendingar hafa margir hverjir varla vitað hvað það eru miklir möguleikar í dansinum og hvað það er margt í boði.“ Brussel hefur síðustu árin verið mekka samtímadansins og því hefur borgin hentað Ernu vel sem stoppistöð enda stutt til allra átta þegar hún er á stöðugu ferðalagi. En hún vill gjarnan koma til Íslands og dvelja lengur í senn. „Ég held að það hafi varla farið framhjá nokkrum manni að áhugi á dansi hefur aukist mikið síðustu árin hér á landi og því er mjög gaman að koma hingað að vinna með Íslendingum og finna fyrir því hversu margir eru hungraðir í meira.“ ■

# HELGAR TILBOÐ


Nýtt
~~2.199~~ **1.999**
Laddi 2CD
Hver er sinnar kæfu smiður


Nýtt
~~2.499~~ **2.299**
Ýmsir
Rokkland 2006 2CD


~~2.199~~ **1.999**
Cliff Richard
Two's Company-The Duets


~~2.199~~ **1.999**
The Beatles
Love


~~2.199~~ **1.999**
Lay Low
Please Don't Hate Me


~~2.999~~ **2.799**
Sálin
Sálin og Gospel CD+DVD


~~2.199~~ **1.999**
James Morrison
Undiscovered


~~2.199~~ **1.999**
Il Divo
Siempre


~~2.199~~ **1.999**
My Super Ex Girlfriend
DVD


~~2.199~~ **1.999**
Pirates of the Caribbean 2
DVD


~~2.199~~ **1.999**
The Queen
DVD


~~2.199~~ **1.999**
The Last Kiss
DVD


~~2.199~~ **1.799**
Material Girls
DVD

S·K·Í·F·A·N
KRINGLUNNI • SMÁRALIND • LAUGAVEGI


~~2.199~~ **1.999**
Crank
DVD

# ÚTSÖL

20%

30%

nú er enn meiri afsláttur

40%

50%

60

Gríptu tækifærið og gerðu góð kaup

Intersport Húsgagnahöll SÍMI 585 7220 • Mán. - föstud. 10 -19 • Laugardaga 10 -18 • Sunnudaga 12 -18

sunnudaginn 21. janúar

# LULOK

0%

AFSLÁTTUR





%

INTERSPORT®

**Intersport Smáralind** SÍMI 585 7240 • Mán. - föstud.11 - 19 • Laugardaga 11 - 18 • Sunnudaga 13 - 18 •

Árshátíðir í Glersalnum






Öll aðstaða er eins og best gerist með góðum hljómburði og fullkomnu hljóðkerfi.

– og útsýnið verður hver einasti maður að upplifa...



Glersalurinn er kjörinn fyrir árshátíðir fyrirtækja eða félaga. Matreiðslumeistari er Sturla Birgis.

Kíktu á heimasíðu okkar, glersalurinn.is, eða hringdu og fáðu nánari upplýsingar í símum 586 9006 og 564 2112.

ENNEMM / SÍA / NM25645

Einnig erum við með
Kvöldverði
Brúðkaup
Fermingar
Afmæli
Þorrablót



Glersalurinn

Með kærri kveðju

Salavegi 2
201 Kópavogi

Sími 586 9006
Gsm 862 0713
freyja@glersalurinn.is
glersalurinn.is



# Hvernig persónuleiki ert þú?

Í dag eru flest sálfræðimódel byggð á NEO-persónuleikaprófinu sem skoðar meginþættina fimm sem skilgreina hvernig manneskja við erum.

Sérfræðingar virðast sammála um að persónuleiki fólks sé að helmingi til erfðafræðilegur og að helmingi til lærður. Samkvæmt Dr. Pierce Howard eru meginþættirnir fimm byggðir upp af mismunandi heilaboðum. NEO PI-R persónuleikaprófið er vel þekkt gæðapróf sem hefur reynst áreiðanleg og réttmæt mæling á helstu þáttum persónleika. Það byggir á hinum svokölluðu „Fimm stóru“ eða „Big Five“ persónleikaþáttum sem þykja ná yfir flest það sem persónuleiki fólks samanstendur af. Á grundvelli prófniðurstaðna er því hægt að lýsa einstaklingi mjög ítarlega og spá með talsverðri vissu fyrir um hegðun hans á ýmsum sviðum.

**Veldu þér tölu á milli orðanna tveggja til að sýna hvað lýsi þér best. Ef þér finnst þau lýsa þér jafnvel veldu þá töluna í miðjunni.**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. **Ákafur** | 5 4 3 2 1 | **Rólegur** | 14. **Hlýr** | 5 4 3 2 1 | **Kaldur** |
| 2. **Kýs félagskap** | 5 4 3 2 1 | **Kýs einveru** | 15. **Einbeittur** | 5 4 3 2 1 | **Ístöðulaus** |
| 3. **Draumóramaður** | 5 4 3 2 1 | **Jarðbundinn** | 16. **Fer hjá sér** | 5 4 3 2 1 | **Er sama** |
| 4. **Kurteis** | 5 4 3 2 1 | **Stuttorður** | 17. **Mannblendinn** | 5 4 3 2 1 | **Kaldur á yfirborðinu** |
| 5. **Snyrtilegur** | 5 4 3 2 1 | **Draslari** | | | |
| 6. **Varkár** | 5 4 3 2 1 | **Öruggur** | 18. **Nýjungagjarn** | 5 4 3 2 1 | **Fastheldinn** |
| 7. **Jákvæður** | 5 4 3 2 1 | **Neikvæður** | 19. **Vinnur vel í hóp** | 5 4 3 2 1 | **Sjálfstæður** |
| 8. **Fræðilegur** | 5 4 3 2 1 | **Hyggjuvit** | 20. **Skipulagður** | 5 4 3 2 1 | **Óskipulagður** |
| 9. **Örlátur** | 5 4 3 2 1 | **Eigingjarn** | 21. **Sveimhugi** | 5 4 3 2 1 | **Staðfastur** |
| 10. **Ákveðinn** | 5 4 3 2 1 | **Ekki fastsettur** | 22. **Samræðufús** | 5 4 3 2 1 | **Hugsi** |
| 11. **Kjarklítill** | 5 4 3 2 1 | **Framfaragjarn** | 23. **Tvíræðinn** | 5 4 3 2 1 | **Skilmerkilegur** |
| 12. **Sýniþörf** | 5 4 3 2 1 | **Hlédrægur** | 24. **Treystir** | 5 4 3 2 1 | **Efagjarn** |
| 13. **Ímyndunarafl** | 5 4 3 2 1 | **Yfirráð** | 25. **Stundvís** | 5 4 3 2 1 | **Slær á frest** |

## Hvernig á að telja stigin:

**Taugaveiklun:** Legðu saman stigin fyrir svör við spurningum 1, 6, 11, 16, 21. Stigafjöldi ____
**Úthverfa:** Stig fyrir svör við spurningum 2, 7, 12, 17 og 22. Stigafjöldi _____
**Víðsýni:** Stig fyrir svör við spurningum 3, 8, 13, 18 og 23. Stigafjöldi _____
**Samvinnuþýður:** Stig fyrir svör við spurningum 4, 9, 14, 19, 24 Stigafjöldi _______
**Samviskusemi:** Stig fyrir svör viðspurningum 5, 10, 15, 20 og 25. Stigafjöldi ______

## Hvað segir stigafjöldinn um þig?

**Taugaveiklun:** Stigafjöldi 5-13 er lágt hlutfall, frá 14-16 er miðlungshlutfall og á milli 17-25 er hátt hlutfall.
**Úthverfa:** lágt 5-13, miðlungs 14-18, hátt 19-25
**Víðsýni:** lágt 5- 12, miðlungs 13-16, hátt 17-25.
**Samvinnuþýður:** lágt 5-16, miðlungs 17-20, hátt 21- 25.
**Samviskusemi:** lágt 5-14, miðlungs 15-19, hátt 20-25.

Farðu nú í kassann hér fyrir ofansem lýsir persónugerðunum fimm og hvað það þýðir að vera með hátt eða lágt hutfall af hverjum eiginleika fyrir sig.

*(Birt úr prófi Pierce J. Howard sem áður birtist í Sunday Times)*

## Þættirnir fimm eru eftirfarandi:

**Taugaveiklun (Neuroticism)** Hátt hlutfall: Kvíðinn, óvinveittur, þunglyndur, óöruggur. Lágt hlutfall: Rólegur, afslappaður, lítið um tilfinningasveiflur.
**Úthverfa (Extroversion)** Hátt hlutfall: Hlýr, félagslyndur, ákveðinn, virkur. Lágt hlutfall: Einfari, feiminn, lítið fyrir samskipti.
**Víðsýni (Openness)** Hátt hlutfall: Skapandi, listhneigður, tilfinninganæmur, umburðarlyndur. Lágt hlutfall: Íhaldssamur, lítið ímyndunarafl, vill hafa hluti í föstum skorðum.
**Samvinnuþýður (Agreeableness)** Hátt hlutfall: Treystir fólki, fórnfús, samvinnuþýður, hógvær. Lágt hlutfall: Ókurteis, samúðarlaus, kaldur, harðbrjósta
**Samviskusemi (Concsientiousness)** Hátt hlutfall: Hæfur, skipulagður, hvetjandi, agaður. Lágt hlutfall: Ósnyrtilegur, óskipulagður, hvatvís, styttir sér leið.

VÍSINDAVEFUR
HÁSKÓLA ÍSLANDS

# Hvað gerðu konur á víkingaöld og hvernig klæddu þær sig?

Í hugum margra er víkingaaldarkonan komin yfir miðjan aldur, skörungslynd og valdamikil. Hún ræður oft örlögum eiginmanns síns með eftirtektarverðum ákvörðunum. Þannig hafa einhverjar þeirra eflaust verið, en rannsakendur gefa sífellt meiri gaum þeirri breidd sem manneskjan býr yfir miðað við aldur, kyn, kynhneigð og félagslega stöðu. Konan á víkingaöld getur hafa verið unglingsstúlka, móðir, amma, bóndi, vinnukona eða jafnvel ambátt, svo eitthvað sé nefnt. Klæðnaður hennar hefur væntanlega ráðist að miklu leyti af þessum þáttum, svo og störf kvenna og staða innan heimilis og utan. Ákveðin tíska í klæðnaði var þó ráðandi á þessum tíma, sem og öðrum.

**Klænaður kvenna á víkingaöld**

Upplýsingar um klæðaburð, störf og stöðu kvenna á víkingaöld er helst að finna í fornleifum og rituðum heimildum. Þá var fólk grafið að heiðnum sið í fullum klæðum með gripum, svokölluðu haugfé, sem margir telja að hafi verið eigur þeirra látnu og geti þannig varpað ljósi á þá í lifanda lífi. Þess konar grafir úr heiðni kallast kuml.

Flíkur varðveitast yfirleitt illa í jarðvegi. Þær upplýsingar sem liggja fyrir benda þó til þess að fullorðnar konur á víkingaöld hafi almennt klæðst síðum kyrtlum úr ull eða líni, en að kyrtlar þeirra yngri hafi verið styttri. Skikkja var oft fest yfir kyrtilinn við öxl eða brjóst með tveimur kúptum nælum. Sjálfsagt hafa ekki allar konur átt slíka gripi eða klæðst svo hversdagslega og hefur ríkidæmi, störf og staða líklega ráðið þar miklu um.

**Skartgripir og önnur verðmæti**

Skart virðist engu að síður hafa verið notað meðal kvenna úr öllum aldurshópum og var það fjölbreytt og ríkulega skreytt. Áberandi voru litríkar perlur og nælur af ýmsum gerðum, sem meðal annars voru notaðar til þess að festa skikkjuna við kyrtilinn. Karlar báru einnig skart, þá einkum perlur, en þó hafa hinar svokölluðu kúptu nælur aldrei fundist í karlmannskumli svo vitað sé.

Enn fremur hafa konur verið jarðaðar með ýmsum öðrum gripum og jafnvel húsdýrum, svo sem hnífum, skærum, brýnum, kömbum, metum, vogarskálum, vefjarskeiðum, snældusnúðum og lyklum, auk hunda og hesta. Gripirnir benda til starfa kvenna við hannyrðir, matargerð og jafnvel viðskipti. Þeir hafa sömuleiðis, þó einkum lyklarnir, þótt gefa til kynna sterka stöðu konunnar innan heimilisins á víkingaöld, og bendir fyrirkomulag innan híbýla víkingaaldarfólks einnig til hins sama.

**Ritaðar heimildir um víkingakonuna**

Ritaðar heimildir styðja jafnframt þessa ímynd víkingaaldarkonunnar. Þó ber að hafa í huga að í þeim eru aðallega nefndar til sögunnar þær konur sem vöktu á sér athygli vegna einstakra atburða. Í Laxdælasögu segir til dæmis frá konu, Vigdísi, sem skýtur skjólshúsi yfir vígamann, Þórólf. Hún læsir hann inni í útihúsi á bæ sínum, án vitundar eiginmanns síns, og gat falið hann þannig. Í Vatnsdælasögu er sambærileg frásögn af Hildi sem ræður ríkjum „innan stokks“ á bæ einum er Svínavatn hét.

**Staða konunnar á víkingaöld**

Staða konunnar á víkingaöld hefur að líkindum verið svipuð og hún er meðal kvenna í dag. Aftur á móti hefur samfélagið í kringum hana tekið umtalsverðum breytingum og störf hennar að sama skapi breyst. Til voru valdamiklar konur þá sem nú. Í dag eru konur að líkindum sýnilegri þátttakendur í opinberu lífi, innan fræðasamfélags og á vinnumarkaði, á meðan konur víkingaaldar voru sýnilegri innan heimilisins sem þá var opnara fyrir almennum atburðum og samkomum.

*Steinunn J. Kristjánsdóttir, lektor í fornleifafræði*

# Hvaðan kemur orðatiltækið „sorrý Stína“?

Óvíst er um uppruna orðasambandsins „sorrý Stína“. Flestir, sem undirrituð hefur talað við, segjast ekki hafa heyrt það lengi þótt þeir kannist vel við það og hafi þekkt það í allnokkra áratugi.



**KUML** Á víkingaöld var fólk gjarnan grafið í fullum klæðum með ýmsum gripum, svokölluðu haugfé.

**Rakið aftur til stríðsáranna**

Sumir geta sér þess til að rekja megi orðasambandið aftur til stríðsáranna. Sú saga virðist vel þekkt að hermaður hafi á 6. áratugnum boðið stúlku upp í dans á balli. Hann steig óvart á tærnar á henni og sagði: „Sorrý“. Hún hélt að hann væri að spyrja hana að heiti og svaraði: „Stína“. Öðrum þótti þetta fyndið og orðatiltækið var tekið upp í almennri notkun. Sagan er góð og skemmtileg og sjálfsagt er sannleikskorn í henni.

**Kæruleysisleg afsökunarbeiðni**

Orðasambandið virðist helst notað þegar verið er að biðjast afsökunar á einhverju í fremur kæruleysislegum tón. Þetta er gert burtséð frá því hvort nokkur Stína sé viðstödd og án þess að mikil alvara búi að baki afsökunarbeiðninni. Jafnt er hægt að segja „sorrý Stína“ við karl og konu.

*Guðrún Kvaran, prófessor og forstöðumaður Orðabókar Háskólans*

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem þau nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Meðal spurninga sem glímt hefur verið við að undanförnu eru: Hvar er hægt að finna sögu landnámsmannsins Atla grauts, hvort skal segja hamborgarhryggur eða hamborgarahryggur, gætuð þið sagt mér allt um sauðnaut og er hættulegt að taka of mikið af vítamínum? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á slóðinni: www.visindavefur.hi.is.




Verð kr 32.319,-



Við þurfum að rýma fyrir nýjum vörum og þess vegna afnemum við álagningu um helgina! Ekta ítalskt leður og fínt úrval húsgagna, hægindastóla, sófasetta og borða.



Opnunartími
14-19 virka daga
Laug 12-16
Sunnudag 12-16 (þessa helgi)

minimal

minimal • miðhraun 14 • garðabær • sími 517 4008 • (við hliðina á sappos)

# VORUM AÐ BÆTA VIÐ NÝJUM VÖRUM Á ÚTSÖLUNA

# RISAÚTSALA

ALLT AÐ
**80%**
AFSLÁTTUR

**VIÐ TÆMUM BÚÐINA OG LAGERINN VEGNA BREYTINGA. 80-40% AFSLÁTTUR AF FATNAÐI, GJAFAVÖRU, LEIKFÖNGUM, BÚSÁHÖLDUM OG FLR. OG FLR.* KOMDU OG GERÐU BRJÁLUÐ KAUP!**

**ALLT Á AÐ SELJAST***

**OPIÐ TIL kl. 16 í dag**

**Opið:**
Mán-fös 10-18
Lau 11-16

*Á EKKI VIÐ EAS FÆÐUBÓTAREFNIN

BM
B.MAGNÚSSON HF.

AUSTURHRAUNI 3 // GARÐABÆ // SÍMI 555-2866 ((SKÁ Á MÓTI IKEA))

**Kl. 20.00**
*Nemendafélag Menntaskólans við Hamrahlíð frumsýnir verkið Draugadans í leikstjórn Jóns Gunnars Þórðarsonar í Tjarnarbíói. Verkið byggir á þekktum íslenskum þjóðsögum.*

# menning
menning@frettabladid.is

## *Ritþing í Gerðubergi*

Ritþing helgað verkum Ingibjargar Haraldsdóttur verður haldið í menningarmiðstöðinni Gerðubergi í dag. Yfirskrift þess er „Sólin hefur ekki enn sungið sitt síðasta“ og mun höfundurinn sitja fyrir svörum hjá þeim þeim Silju Aðalsteinsdóttur, stjórnanda þingsins, og spyrlunum Áslaugu Agnarsdóttur og Jóni Karli Helgasyni sem öll hafa stundað bókmenntarannsóknir og þýðingar.

Ingibjörg gaf út sína fyrstu ljóðabók, Þangað vil ég fljúga, árið 1974 en hefur síðan sent frá sér fjórar til viðbótar auk þess að vera einn ötulasti þýðandi landsins. Ingibjörg hefur hlotið ýmsar viðurkenningar fyrir ritstörf sín, meðal annars Ljóðaverðlaun Guðmundar Böðvarssonar, Íslensku bókmenntaverðlaunin, Menningarverðlaun DV fyrir þýðingu sína á Fávitanum eftir Dostojevskí og Íslensku þýðingarverðlaunin árið 2004 fyrir Fjárhættuspilarann eftir sama höfund. Þá hefur hún tvisvar verið tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs, árin 1993 og 2004.

Á morgun sunnudag verður ennfremur haldið málþing um þýðingar í Gerðubergi en þar ræðir Ingibjörg um ljóða- og leikritaþýðingar sínar.

Ritþingið í dag hefst kl. 13.30



**INGIBJÖRG HARALDSDÓTTIR** Ljóðskáldið rætt í dag en þýðandinn á morgun.



**> Ekki seinna vænna...**

en að drífa sig í snarhasti niður í **Hafnarhús** og sjá sýninguna **Uncertain States of America** en á henni má sjá heillandi þverskurð af hugmyndauðgi ungra bandarískra myndlistarmanna. Sýningunni lýkur á morgun.



**HALLDÓR GUÐMUNDSSON**
**Skrifar um bókmenntir**

## *Bókmenntir gegn gleymsku*

Í merkilegu viðtali við Fréttablaðið á Þorláksmessu sagði Einar Már Guðmundsson rithöfundur meðal annars að skáldsögur hans um fortíðina ættu að „minna á hið gleymda“, og kannski er baráttan gegn gleymskunni hlutskipti allrar frásagnarlistar. Gleymskan vinnur eflaust sigur að lokum, en þangað til spinnur minnið tímans þráð og sögumenn vefa úr honum sínar skjólgóðu flíkur gegn algleymiskuldanum – eða þannig.

**Veröld sem var**

Á hverju ári koma hér út bækur sem halda til haga svipmyndum frá „veröld sem var“, svo vísað sé í snilldartitil íslensku þýðendanna á minningabók Stefans Zweig, og er full hljótt um þær sumar. Ein slík sem kom út fyrir jól er bókin Undir hamrastáli, og hefur undirtitilinn „Uppvaxtarsaga og mannlífsmyndir úr Arnarfirði“ eftir Sigurjón Einarsson sem lengi var prestur á Kirkjubæjarklaustri. Það er vel skrifuð bók og fróðleg ekki síst fyrir þá sök að hún heldur til haga mynd af samfélagi sem nú er nánast alveg horfið, því mannlífi sem lifað var í Ketildölum við Arnarfjörð. Þar ólst höfundur upp, en hann fer þá leið að segja líka frá forfeðrum sínum og nágrönnum fjölskyldunnar og lýsa lífsbaráttu þessa fólks. Bara örnefnin hafa yfir sér einhvern ævintýralegan forneskjublæ: Hvesta, Austmannsdalur, Fífustaðadalur, Líkastapi, Öskubrekka, Selárdalur – og hér segir líka frá fólkinu á Uppsölum, áður en það lenti í klóm nútímans.

Það er brugðið upp mynd af litlum heimi sem hýsti margan merkilegan viðburð. Ekki vissi ég til dæmis að á Bakka í Arnarfirði hefði Guðmundur Kamban samið og sett upp sitt fyrsta leikverk og kallað Svikamylluna, um ástarharmleik á nágrannabænum Fífustöðum, og var auðvitað aldrei fyrirgefið þar, „og þegar Guðmundur Kamban sigraði áheyrendur á leiksviðum heimsborganna lét þetta fólk sér fátt um finnast“, einsog segir í bókinni. Merkilegust er myndin af daglegu lífi þessara sjósóknarbænda, en það bar jafnvel í æsku Sigurjóns á fjórða áratugnum miklu meiri svip átjándu og nítjándu aldar en þeirrar tuttugustu. Sigurjón hefur líka auga fyrir því sem var að breytast í daglegum háttum, hjá eldri kynslóðinni í hans ungdæmi kysstust karlar á munninn þegar svo bar undir, og bóndi sat kannski undir konu sinni við messu og lét vel að henni á meðan, það var kallað „að sitja undir sinni“: „Þessi blíðuhót voru þá enn iðkuð en hurfu með næstu kynslóð.“

**Pedikúla í rúminu**

Einsog heyrir til í svona bók hefur höfundur góð tilsvör eftir köllum og kellingum í sveitinni, og hefði þó mátt láta undan sér að þau fleiri. Í Arnarfirði dispúteruðu menn náttúrlega bók Halldórs Laxness, Sjálfstætt fólk, og voru nær allir ákaflega andsnúnir bókinni og höfundi hennar, „enda segir Kiljan í þessari bók að bændurnir og hundar þeirra séu grálúsugir,“ sagði góður bóndi í Ketildölum og bætti við: „Ég skal viðurkenna að á einstaka bæ hér í hreppi kunni að finnast pedikúlur í rúmum en að hundarnir séu lúsugir er af og frá.“

Og lesandinn hlýtur að staldra við þetta skemmtilega orð, pedikúla, sem ekki er að finna í Íslenskri orðabók, en er afbökun á latneska heitinu yfir lús (og Þórbergur hefur á einum stað eftir Guðrúnu Guðmundsdóttur, móður Vilmundar landlæknis). Orð einsog þetta hafa sjálfstætt líf og áferð og hljóm og geta lifað lengi með lesandanum, eru ómissandi fótgönguliðar í orustunni við gleymskuna.

## Lína langsokkur í Póllandi

Á komandi hausti byrjar nýtt dótturfyrirtæki sænska útgefandans Raben og Sjögren að starfa í Póllandi. Það er ekki í fyrsta sinn sem sænskir hreiðra um sig á pólskri grund.

Fyrsta árið gefa þeir út 20 bækur fyrir börn sem margar eru samprent. Þeirra á meðal er Lína Langsokkur. Fyrir eiga Svíarnir dótturfyrirtæki í Noregi og Danmörku og umboðsfyrirtækið R&S Books sem selur réttinn til enskumælandi landa.

Stefnt er á að pólski anginn af sænska útgáfu-risanum gefi út 50 titla árið 2008.



**ASTRID LINDGREN** Dáðasti barnabókahöfundur Evrópu fær nýjan útgefanda í Póllandi.

# Myrkir músikdagar hefjast

**Árviss birtuvottur eru Myrkir músikdagar, tónlistarveisla sem Tónskáldafélagið stendur fyrir, þegar dagur og nótt takast á í hugum landsmanna, hefst í dag og heldur áfram á morgun með miklum látum: ekki færri en fjórir stórtónleikar verða þá, allir með merkilegar og áleitnar dagskrár, sem á hvaða tíma sem er væru taldar stórtíðindi.**

Dagurinn í dag markar upphaf tónleikahaldsins sem stendur næstu daga. Þá verða sunnan og norðan heiða minningartónleikar, Á 160 ára tíð, helgaðir verkum Sveinbjarnar Sveinbjörnssonar tónskálds, þess sem samdi þjóðsönginn og fór fremstur ármanna íslenskra tónskálda. Þar verða flutt verk eftir Sveinbjörn sem alla jafna hafa lítið heyrst: þrjú einleiksverk fyrir píanó, sónata fyrir fiðlu og píanó, tríó fyrir fiðlu, selló og píanó, fjögur lýrísk stykki fyrir fiðlu og píanó og tríó fyrir fiðlu, selló og píanó. Það eru þau Nína Margrét Grímsdóttir, Auður Hafsteinsdóttir, Sigurður Bjarki Gunnarsson og Sigurgeir Agnarsson sem flytja. Tónleikarnir verða í dag í Laugaborg í Eyjafirði kl. 13.30 og síðan kl. 20. í Salnum í Kópavogi.

**Sálma- og salon-áhrif í senn**

Sveinbjörn var nítjándu aldar maður, fæddur 1847 en lést 1927. Nína Margrét hefur áður flutt verk hans og segir þau falla vel í geð áheyrendum víðast. Þessi tónleikar gefi yfirsýn yfir verk hans. Til stendur að hljóðrita dagskrána fyrir Naxos og gefa út á disk. Nina segir gaman að geta leikið efnisskrána á tveimur stöðum á landinu sama dag og vonast til að hún verði flutt víðar.

Ekki er vitað hvenær Sveinbjörn samdi verkin. Tvö þeirra flutti hann í Kanada 1912. Nína segir þau svipuð í stíl og líklega séu þau samin nálægt hvoru öðru í tíma. Henni þykir hann rísa hæst í þessum kammertónsmíðum: „Þetta er lýrisk ný-rómantík, í hægari köflum ber fyrir sálmablæ, en í þeim hraðari kennir salon-tónlistar þessa tíma, þetta er ljúft og fallegt eins og hjá Kreisler. Það eru áhrif frá Shuman, þessu svipar til þess sem Clara Shuman samdi. Hljóðritun sem verður gerð í sumar gefur landsmönnum og öðrum kost á að meta þennan frumkvöðul íslenskra tónskálda og eru afmælistónleikarnir í dag upphaf þess.

**Kvennatónsmíðar**

Á sunnudag verður mikil sálumessa í Langholtskirkju þar sem söngsveitin Hymnodia flytur fimmtán tónsmíðar eftir sjö konur úr tónskáldastétt við ýmsa texta, íslenska og erlenda. Þau hjá Hymnodiu leituðu eftir söngverkum án undirleiks frá íslenskum tónskáldum og úr varð þessi dagskrá. Eyþór Ingi Jónsson segir sönglög án undirleiks eftir konur fá – það vekur athygli að kveðskapurinn er mikið til andlegs eðlis. Hymnodia hefur starfað í tvö ár í hinu stærra formi með fjórtán flytjendum. Hefst dagskráin í Langholtskirkju kl. 14.

**Þjóðlagastemmur**

Klukkustund síðar verður hóað í þjóðlagabálk í Laugaborg í Eyjafirðinum. Þar flytur sexmannasveit íslensk þjóðlög í útsetningum íslenskra tónskálda: fyrst fjögur lög sem Árni Björnsson útsetti og er flutningur þeirra tileinkaður Manuelu Wiesler en minning hennar stendur tónlistarfólki nærri þennan dag. Síðan verða tíu lög flutt útsett af Michael Clarke og síðan reka lestina útsetningar eftir Þorkel Sigurbjörnsson, Helga Pálsson, Jón Leifs og Hallgrím Helgason og Snorra Sigfús Birgisson.

**Minning Manuelu**

Ekki verður tónleikunum í Langholtskirkju lokið fyrr en þar hefjast að nýju aðrir hljómar: Minningatónleikar helgaðir Manuelu Wiesler. Eru þeir raunar staðfesting á arfi Manuelu í íslensku tónlistarlífi. Þeir eru helgaðir flautunni með glæsi-



**ATLI HEIMIR** ,Á drjúgan hlut á minningartónleikum Manuelu Wiesler á sunnudag.



**ÞORKELL SIGURBJÖRNSSON** Tvö verk eftir Þorkel eru á verkefnaskrá Kammersveitarinnar í Listasafni Íslands.



**ÞURÍÐUR JÓNSDÓTTIR** Útfærir Hugleiðingu Atla Heimis, Tonatóna, fyrir ,íslenska flautukórinn í minningu Manuelu.



**ANNA S. ÞORVALDSDÓTTIR** Tvo lög hennar við tvö ljóð Ólafs frá Söndum eru á efnisskrá Hymnodiu.



**BÁRA GRÍMS** Hymnodiutón Eydölum.

# Fylgd fagmanna

Gestir Listasafns Íslands fá fylgd dr. Ólafs Kvaran safnstjóra um sýningu á verkum Jóns Stefánssonar á morgun. Val verka á sýningunni miðast við inntak sýningarinnar Frelsun litarins/Regard Fauve, sýningu á frönskum expressjónisma frá upphafi 20. aldar sem nú stendur yfir í sölum safnsins.

Í umfjöllun sinni mun Ólafur fjalla um þróun verka Jóns Stefánssonar og tengsl hans við Matisse.

Leiðsögnin hefst kl. 14 en þess skal getið að aðgangur að safninu er ókeypis.



**FRÆÐIR GESTI UM JÓN STEFÁNSSON** Ólafur Kvaran safnstjóri Listasafns Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

# Björn djassar Lúther

Listvinafélag Hallgrímskirkju skipuleggur röð tónleika sem helgaðir eru endurvinnslu sálmatónlistar. Þriðju sálmatónleikar Listvinafélags verða í kirkjunni á morgun kl. 17 en þar flytur Björn Thoroddsen eigin útsetningar á gömlum sálmum kirkjunnar úr fórum Marteins Lúthers. Ekki er vitað til þess að annar djasstónlistarmaður hafi nýtt sér verk Lúthers til flutnings og raunar eru margir ókunnir sálmasmíðum Lúthers utan kirkjunnar. Björn leikur verkin með tríói sínu sem skipað er honum og Jóni Rafnssyni bassaleikara og Stefáni S. Stefánssyni saxófónleikara.



BJÖRN THORODDSEN

Tónleikarnir eru hluti viðamikillar sálmadagskrár á 25. afmælisári Listvinafélags Hallgrímskirkju þar sem efnt er til átta tónleika allt afmælisárið með tónlistarfólki sem hefur á undanförnum árum vakið athygli á sálminum, meðal annars með eigin útsetningum. Markmiðið er að vekja athygli á mikilvægi sálmsins í listrænni tjáningu innan kirkjunnar, allt frá því að Lúther gaf sálminum þýðingarmikið hlutverk, bæði til fræðslu og til að efla helgihald.

Björn Thoroddsen hefur sl. 20 ár verið einn af atkvæðamestu djasstónlistarmönnum Íslands og var m.a. útnefndur „Jazztónlistarmaður ársins“ 2003 á Íslandi. Hann hefur gefið út fjölda diska undir eigin nafni en einnig leikið með fjölmörgum þekktum tónlistarmönnum. Björn hefur flutt tónlist sína á tónleikum úti um allan heim, í Evrópu, Asíu og N-Ameríku og leikið í mörgum þekktum tónlistarhúsum, m.a. í Lincoln Center í New York. - pbb

# í dag

legri sveit íslenskra flautuleikara sem að nokkru leyti eru börnin hennar Manuelu. Jafnframt er annar hluti arfs hennar hér frammi: verkin sem tónskáldin íslensku skópu fyrir hana: Atli, Þorkell, Áskell og Leifur. Sálumessa hefur ekki verið haldin hér á landi fyrir Manuelu Wiesler en líta verður á þessa glæsilegu minningartónleika sem slíka, hinni merkilegu tónlistarkonu til handa sem kom hingað og feykti upp gáttum í íslensku tónlistarlífi. Réðist hiklaust í tónleikahald upp á eigin spýtur án bakhjarla með eigin kraft einan að vopni og makalausa tiltrú á tónlistinni, getu sinni og ókomnum gestum.

**Læti í Listasafni**

Síðla dags á sunnudegi verður Kammersveit Reykjavíkur með tónleika í Listasafni Íslands kl. 20. Þar verða flutt sex íslensk tónverk: *Kvartett nr. 2* eftir John A. Speight, *Perlukvartettinn* eftir Þorkel Sigurbjörnsson, frumfluttur kvartett Svein Lúðvíks Björnssonar *... og í augunum blik minninganna*, *For better or worse* eftir Þorkel, *Polar II - „Arctica“* eftir Úlfar Inga Haraldsson og loks *Petit Plaisirs* eftir Þorkel.

Næstu daga verður látlaust tónleikahald á Myrkum músikdögum og ættu áhugamenn um tónlist að fylgjast vel með því framboði frumsaminnar íslenskrar tónlistar næstu sólarhringana.



**JOHN A. SPEIGHT** Kvartett eftir John verður fluttur af Kammersveitinni annað kvöld.



**DÓTTIR** Tvö lög eftir Báru verða flutt á
nleikum við ljóð Williams Blake og Einars frá




Flagari í framsókn The Rake's Progress IGOR STRAVINSKY

FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake's Progress e. STRAVINSKY
Frumsýning fös. 9. feb. kl. 20 - örfá sæti laus
2. sýn. sun 11. feb. kl. 20 – 3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20
Landsvirkjun
Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ (ekki á frumsýningu)
Ingibjörg Eyþórsdóttir, tónlistarfræðingur hefur umsjón með kynningunni
FRÁBÆRIR SÖNGVARAR - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX
Hulda Björk, Gunnar, Ágúst, Jóhann Smári, Sigríður, Ingveldur Ýr og Eyjólfur
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA Í 25 ÁR



Brilljantín kynnir POWER OF LOVE (Hið fullkomna deit)
Verkið er aðeins sýnt í viku.
Lau 20. jan kl. 20 / Sun 21. jan kl. 20

Children Of Loki kynnir 50 WAYS TO LEAVE YOUR LOVER
Frumsýning Fös 26. jan kl. 20 / Lau 27. jan kl. 20 /
Fös 2 feb. kl. 20 / Lau 3. feb kl. 20

AUSTURBÆR
Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700 / www.midi.is



„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR"
DAGUR VONAR

ÓFAGRA VERÖLD
Sun 21/1 kl. 20 4.sýning Græn kort
Fös 26/1 kl. 20 5.sýning Blá kort
Sun 28/1 kl. 20
Lau 3/2 kl. 20

VILTU FINNA MILLJÓN?
Fim 25/1 kl. 20
Fös 2/2 kl. 20
Lau 10/2 kl. 20
Fös 16/2 kl. 20

SAN FRANCISCO BALLETTINN
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20
Fös 18/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 14
Lau 19/5 kl. 20 UPPS. Sun 20/5 kl. 14
Sun 20/5 kl. 20
Miðaverð 4.800

MEIN KAMPF
Í kvöld kl. 20 AUKASÝNING
Lau 27/1 kl. 20 AUKASÝNING
Fim 15/2 kl. 20 AUKASÝNING
Lau 24/2 kl. 20 AUKASÝNING
Síðustu sýningar

EILÍF HAMINGJA
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Sun 28/1 kl. 20 Frumsýning UPPSELT
Fös 2/2 kl. 20
Sun 4/2 kl. 20

DAGUR VONAR
Sun 21/1 kl. 20 UPPSELT
Fös 26/1 kl. 20 UPPSELT
Lau 3/2 kl. 20 UPPSELT
Sun 4/2 kl. 20
Fös 9/2 kl 20
Ekki er hleypt inn í salinn eftir að sýning er hafin.

AMADEUS
Í kvöld kl. 20
Allra síðasta sýning

FOOTLOOSE
Lau 27/1 kl. 20
Allra síðasta sýning

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 21/1 kl. 14
Sun 28/1 kl. 14
Sun 4/2 kl. 14
Sun 11/2 kl. 14

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Fim 25/1 kl. 20
Fim 8/2 kl. 20 AUKASÝNING
Fös 16/2 kl. 20 AUKASÝNING
Síðustu sýningar

FRÍTT FYRIR 12 ÁRA OG YNGRI
Börn, 12 ára og yngri fá frítt í leikhúsið í fylgd með forráðamönnum.
* Gildir ekki á barnasýningar og söngleiki.

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



Stóra sviðið kl. 20:00
STÓRFENGLEG! eftir Peter Quilter.
Í kvöld, lau. 20/1 nokkur sæti laus, lau. 27/1, fös. 2/2, fös. 9/2. Fáar sýningar eftir.
SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Í dag, lau. 20/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 21/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 27/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 28/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 4/2 kl. 14:00, sun. 11/2 kl. 14:00.
BAKKYNJUR eftir Evripídes.
Fös. 26/1, lau. 3/2.
Hlín Agnarsdóttir flytur fyrirlesturinn "Hvers vegna láta konurnar svona"? í Leikhúskjallaranum kl. 19.00 fyrir sýningarnar. Enginn aðgangseyrir.
Aðeins tvær sýningar eftir!

Smíðaverkstæðið kl. 20:00
PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker.
Í dag, lau. 20/1 uppselt, mið. 24/1 kl. 14:30 uppselt, lau 27/1, mið. 7/2 örfá sæti laus. fös.2/2,
mið. 7/2 örfá sæti laus, lau. 10/2, lau. 17/2 kl. 16:00 nokkur sæti laus, mið. 21/2 uppselt.

Kassinn kl. 20:00 forsala hafin
SÆLUEYJAN eftir Jacob Hirdwall. Leikgerð: Gréta María Bergsdóttir og María Ellingsen.
Lau. 20/1 örfá sæti laus, fös. 26/1, lau. 27/1, örfá sæti laus, fös. 2/2.

Kúlan
SKOPPA OG SKRÍTLA eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Lau. 20/1 kl. 11:00 örfá sæti laus, kl. 12:15 nokkur sæti laus og kl. 14:00 uppselt, sun. 21/1 kl. 11:00 uppselt, kl. 12:15 og kl. 14:00, lau. 27/1 kl. 11:00 örfá sæti laus, kl. 12:15 uppselt og kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 28/1 kl. 11:00, kl. 12:15, kl:14:00 uppselt og kl. 16:00 uppselt, lau. 3/2 kl. 11:00, 12:15 og kl, 14:00, sun. 4/2 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00. Síðustu sýningar.
PÉTUR OG ÚLFURINN - Brúðusýning Bernds Ogrodniks eftir verki Prokofievs
Frumsýning lau. 17/2 kl. 13:30 uppselt og kl. 15:00, sun. 18/2 kl. 13.30 og kl. 15:00

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.
Leikhúskjallarinn opinn fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga.
Upplýsingar í miðasölusíma.


# Við viljum fransbrauð!

Þeir hafa fylgt íslenskum börnum lengi, bræðurnir sem á endanum fara niður í klóakið. Torbjörn Egner samdi þáttinn fyrir tannlæknasambandið norska – sagan kom líka út á bók skreytt af hinum merkilega listamanni. Hingað komu þeir bræður upp úr 1969 þegar Kardemommubærinn hafði slegið í gegn. Hvort Hulda Valtýsdóttir átti einhvern þátt í inngöngu þeirra í íslenska menningu skal ósagt látið: þátturinn fór á svið á vegum Húsbyggingarsjóðs LR og var þá leikinn af Helgu Valtýsdóttur og Sigríði Hagalín í leikstjórn Helga Skúlasonar. Sú sviðsetning er til í hljóðritun ríkisútvarpsins og upptöku ríkissjónvarps.



**KARÍUS OG BAKTUS KOMA SUÐUR** Guðjón Davíð Karlsson og Ólafur Steinn Ingunnarsson í hlutverkum sínum. MYND/LEIKFÉLAG AKUREYRAR

Nú hafa Karíus og Baktus kætt norðlensk börn á undanförnum mánuðum og notið fádæma vinsælda. Vegna fjölda áskorana verður sýningin sýnd í Reykjavík í örfá skipti í febrúar og byrjun mars. Sýningar verða í Borgarleikhúsinu og hefst miðasala á miðvikudag kl. 13. Vegna anna leikaranna er um takmarkaðan sýningarfjölda að ræða, en Guðjón Davíð og Ólafur Steinn leika nú í Svörtum ketti sem sýnt er á Akureyri. Það er því um að gera að tryggja sér miða í tíma.

Sýningin er stutt, tekur um hálfa klukkustund í flutningi og tilvalin fyrir þá sem eru að kynnast töfrum leikhússins í fyrsta skipti.

Það var Hulda Valtýsdóttir sem þýddi en leikstjóri er Ástrós Gunnarsdóttir. Leikmynd og búninga hannar Íris Eggertsdóttir, ljósahönnuður er Sveinn Benediktsson og Ragna Fossberg á heiðurinn af gervahönnun. Tónlistin úr verkinu í flutningi 200.000 naglbíta er nú komin út og fáanleg í öllum betri hljómplötuverslunum.

Grallarana Karíus og Baktus leika þeir Guðjón Davíð Karlsson og Ólafur Steinn Ingunnarson. Samstarfsaðili er Colgate. **-pbb**

## NÝJAR BÆKUR




Út er komið ritið North American Icelandic - the Life of a Language, eftir Birnu Arnbjörnsdóttur, dósent í rannsóknum og kennslu erlendra tungumála við Háskóla Íslands. Í bókinni má finna málfræðilegar lýsingar á vesturíslensku, sem er aðallega töluð í íslenskum nýlendum í Manitoba í Kanada og á svæðum kringum Mountain í Norður-Dakota í Bandaríkjunum. Sérstaklega er fjallað um þær mállegu og félagslegu breytur sem skilja þetta málafbrigði frá þeim sem töluð eru á Íslandi. Málbreytingar í vestur-íslensku eru ræddar út frá tveimur aðaláhrifaöflum, þ.e. nánum tengslum við ensku og stöðu vestur-íslensku sem innflytjendamáls á undanhaldi. Sérstaklega eru skoðaðar breytingar á hljóðkerfi, beygingum og setningaskipan. Bókin er uppfærð og aðlöguð útgáfa af doktorsritgerð höfundar og felur í sér stærstu rannsókn á vestur-íslensku hingað til.




Ljóðabókin Suss! Andagyðjan sefur er fyrsta ljóðabók Sverris Norland. Höfundur er tvítugur að aldri en hann hefur einnig gefið út tvo hljómdiska, Orðin tóm og Glamm, í félagi við föður sinn Jón Norland. Þar þylur Jón eigin ljóð í frjálsu formi en Sverrir leikur undir á hin ýmsu hljóðfæri. Yrkisefni Sverris eru fjölbreytt en í bókinni eru ljóð ort undir hefðbundnum bragarháttum sem og óbundin ljóð. Höfundurinn gefur bókina út og annast einnig uppsetningu hennar og myndskreytingar




Ýmsar hugmyndastefnur hafa náð mikilli útbreiðslu víða um lönd í tímans rás og haft mikil áhrif. Í bókinni Erlendir straumar og íslenzk viðhorf: áhrif fjölþjóðlegra hugmyndastefna á Íslendinga 1830–1918 er fjallað um áhrif slíkra stefna á Íslendinga á tímabilinu 1830–1918, það er frá lokum þess skeiðs, sem hefðbundið er að kenna við upplýsinguna, til fullveldis. Fjölmörg hugmyndastefnusvið eru tekin til meðferðar en áhersla er lögð á að fjalla um áhrif stefnanna í tengslum við félagslegt baksvið. Viðfangsefnið er skoðað í erlendu samhengi og sérstaklega hugað að samanburði við áhrif stefnanna á Dani, Norðmenn og Færeyinga. Gerð er grein fyrir mikilvægi einstakra stefna og kannað hvernig tilteknar stefnur fléttuðust saman. Höfundurinn Ingi Sigurðsson er prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands. Helsta rannsóknasvið hans er hugmynda- og menningarsaga.



FÖGNUM ÞORRA
Harmonikuball í kvöld frá kl. 22:00 í Kiwanissalnum Engjateigi 11 Reykjavík.
Allir velkomnir. - Aðgangseyrir kr. 1.500.
Harmonikufélag Reykjavíkur.





Rokksveit Rúnars Júlíussonar í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR
17 18 19 **20** 21 22 23

### Laugardagur

### TÓNLEIKAR

20.00 Þjóðlagahljómsveitin **Lava** leikur í **Hljómalind**. Hljómsveitin er skipuð íslenskum, dönskum og norskum leiklistarnemum og flytja þau endurtúlkanir á íslenskum þjóðlögum í poppuðum stíl auk frumsaminna laga. Sveitina skipa söngkonan **Hanna Margrét Snorradóttir**, gítarleikarinn **Martin Spens** og trommuleikarinn **Julie Adele Stang.**

### LEIKLIST

20.00 Nemendafélag **Menntaskólans við Hamrahlíð** frumsýnir verkið **Draugadans** í leikstjórn **Jóns Gunnars Þórðarsonar** í **Tjarnarbíó**.

### OPNANIR

17.00 **Bryndís Brynjarsdóttir** sýnir í **Listasal Mosfellsbæjar**. Sýningin ber yfirskriftina **Hið óendanlega rými og form** og stendur til 17. febrúar.

### SÝNINGAR

09.00 Í **Hallgrímskirkju** stendur yfir sýningin **Mynd mín af Hallgrími** þar sem 28 íslenskir listamenn sýna andlitsmyndir sínar af sálmaskáldinu. Sýningarstjóri er Jón Reykdal en **Listvinafélag kirkjunnar** stendur fyrir henni.

11.00 Færeysku listmálarnir **Edward Fuglø**, **Astri Luihn**, **Sigrun Gunnarsdóttir**, **Torbjørn Olsen**, **Eyðun av Reyni** og **Ingálvur av Reyni** sýna verk sín í menningarmiðstöð Hafnarfjarðar í **Hafnarborg**. Sýningin heitir Einsýna sýningin og stendur til 4. febrúar.

11.00 Sýningin **Frelsun litarins/ Regard Fauve** í **Listasafni Íslands** geymir verk frönsku expressjónistanna frá upphafi 20. aldar. Sýningin kemur frá Musée des beaux-arts í Bordeaux í Frakklandi, 52 verk eftir þrettán listamenn, þar á meðal meistarana **Renoir** og **Matisse**.

13.00 **Melkorka Huldudóttir** sýnir á **Vesturvegg** menningarmiðstöðvarinnar **Skaftfells** á **Seyðisfirði**. Sýningin **Beinin mín brotin** verður opin um helgar út janúarmánuð milli kl. 13-18.

15.00 Í **Listasafninu á Akureyri** standa yfir tvær sýningar. Annars vegar á verkum **Jóns Óskars**, sem kallast **Les yeux de l'ombre jaune** eða **Augu Gula-Skuggans** og hins vegar innsetning eftir bandaríska listamanninn **Adam Bateman** en sýning Batemans ber heitið **Tyrfingar**. Listasafnið á Akureyri er opið alla daga nema mánudaga en frítt er inn á fimmtudögum

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

**BT**

**AÐEINS 2 dagar eftir**

# 40" LCD VEGGSJÓNVARP




MEDION
MD30082
40" Medion LCD veggsjónvarp

- **HD ready** - *Fyrir framtíðina*
- **HDMI tengi** - *Stafræn gæði*
- **Skerpa 1200:1** - *Fallegri mynd*
- **2 Móttakarar** - *Mynd í mynd*

*15.799
215.988

| 7.086 | 15.799 | 189.588 |
|---|---|---|
| **Tölvu- og tækjalán 36 mán. | *Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |

## ÚTVARP



50% LÆKKUN
999
1.999

Elta Útvörp
Froskur
Fótbolti
Önd
Sturtuútvarp

## TÖFRASÓPUR



62% LÆKKUN
1.499
3.999

DO-201SW
Handsópur / töfrasópur

## BLÁSTURSETT



50% LÆKKUN
2.499
4.999

D2015BS
REMINGTON BIG SHOT CURL KIT

# CANON EOS400D

## Draumapakkinn

Canon
CANON400DBUNDLE
Arftaki vinsælustu D-SLR myndavélar í heimi

- 10 megapixlar - *Nýtt í 400D*
- Nýr fókusbúnaður - *Nýtt í 400D*
- 9 punkta autófókus - *Nýtt í 400D*
- Rykvörn á myndflögu - *Nýtt í 400D*
- 55-200mm EF linsa - *Fylgir*
- 18-55mm EF-S linsa - *Fylgir*
- Batterígrip (lóðrétt grip) - *Fylgir*

*12.999






FYLGIR

*Prentar-skannar-ljósritar*



FYLGIR
17.999

Canon Pixma 180
Prentari - Skanni - Ljósritunarvél

| 12.999 | 155.988 |
|---|---|
| * Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |

## > Við mælum með...

Repetto-skóm. Frægustu ballettskór heims eru líka á fótum fínustu frökena Lundúna og Parísar. Allar tískudrósir flykkjast í þessa frægu ballettbúð til að fjárfesta í öllum litaskalanum. Verða alveg málið í vor þegar dans-stíllinn síast inn í tískuna. Fást á www.repetto.com og í Þrjár Hæðir í Reykjavík.



# útlit

utlit@frettabladid.is

## SMEKKURINN HÁKON PÁLSSON LJÓSMYNDARI

# *Innblásinn af Indiana Jones*



**Spáir þú mikið í tískuna?** Ég les ekki tískurit en reyni að vera meðvitaður um klæðaburð minn með misgóðum árangri. Ég spái líka í telauf.
**Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum?** Hann er undir miklum áhrifum frá 4. 5. og 6. áratugnum. Þessa dagana er ég aðallega að herma. Ég er líka að reyna að klæðast fötum sem passa, sem mikið vantar upp á á Íslandi. Hvergi finnur maður jafn mikið af of þröngum gallabuxum og flíspeysum í heiminum.
**Uppáhaldshönnuðir eða fatamerki?** Er því miður ekki nógu innvígður í þau fræði, til að þekkja deili á þeim. Sruli Recht hefur sýnt mér skemmtileg föt sem hann sníður.
**Tísku íkonin þín?** Indiana Jones, Carl Barat, James Dean, Roger Moore.
**Flottustu litirnir?** Ég er yfirleitt mjög íhaldssamur þegar kemur að litum en fátt vekur upp jafn mikla kátínu hjá mér og þegar strákar reyna að lífga upp á daufan stíl með því að fara í bleika skyrtu.
**Hverju ertu veikastur fyrir?** Konum og brennivíni.
**Hvaða flík keyptir þú þér síðast?** Keypti mér mjög flottan spæjarahatt í Hattabúðinni.
**Hvað finnst þér flottast í tískunni núna?** Stundum fæ ég á tilfinninguna þegar ég kem heim eftir langt kvöld að ég hafi verið staddur í hausnum á Hunter S. Thompson. Litadýrðin er slík.
**Hvað ætlarðu að kaupa þér fyrir veturinn?** Fyrst Bláfjöll eru að opna hef ég augun á nýjum skíðum. Að renna sér á skíðum hlýtur að teljast meira elegant en þessi bretti.
**Uppáhaldsverslun?** Herrahúsið á Laugavegi.
**Hvaða áratugur finnst þér hafa flottustu tískuna?** 4. og 5. eru mestu hápunktar herratísku á nútímaöldinni.
**Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án?** Ég get verið án sokka. Ég eyddi heilum vetri á sandölum og fékk aldrei kvef.
**Uppáhaldsflík?** Leðurjakkinn minn sem hefur fylgt mér yfir hálfan hnöttinn.
**Hvert myndir þú fara í verslunarferð?** Til Los Angeles árið 1933.
**Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér?** Stóra vetrarúlpan mín er einstaklega ljót þó ég elski hana.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Elsa María Blöndal

# *Af hverju vilja allir vera eins?*

Tónlistar- og leiklistarfólk var, er og verður ávallt nátengt tískuheiminum. Frægt fólk sem og aðrir lýsa persónuleika sínum best með fötunum sem það klæðist og gefa þannig einhvers konar mynd af sjálfu sér. „Ég er svona og mér líður vel svona."

Af hverju er það þá þannig að milljónir ungra stúlkna um allan heim líta upp til annarra ungra stúlkna, leikkvenna eða söngkvenna eða hvað sem þeim dettur í hug að nefna sig, sem reynast þeim svo misgóðar fyrirmyndir?

Þær eiga ýmislegt sameiginlegt, þessar Hollywood-kindur, til dæmis það að skiptast á um að prýða forsíður slúðurblaðanna á hverjum degi, oftar en ekki fyrir að þeyta fúkyrðum í hver aðra, villt partílíferni (sem er nú alveg gott og blessað, svo lengi sem 6 ára frænka mín fer ekki að leika eftir þeim uppátækin), og síðast en ekki síst, þær líta allar eins út. Þetta eru frægar persónur sem flestir þekkja: Nicole Richie, Paris Hilton, Lindsay Lohan og Mischa Barton. Í gluggatjaldslaga kjólum, með mjaðmabelti strengd yfir ofurgrannar mjaðmir, bronslituð andlit og sítt, ljóst hár sem fellur yfir eldspýtulaga handleggina. Og viti menn, það er stílistakvendi á bak við þetta útlit dagsins í dag. Rachel Zoe heitir hún, stílisti fræga fólksins og hún lítur nákvæmlega eins út og allar þær stúlkur sem hún stílíserar frá degi til dags. „Árás klónanna" mætti ef til vill kalla þennan litla her.

Rachel Zoe á víst yfirfullan fataskáp af fötum sem fatahönnuðir hafa sent henni í von um að hún klæði „stjörnustúlkurnar sínar" í þau og að af þeim náist svo mynd. Er maður eitthvað skrýtinn að finnast þetta út í hött? Að ráða manneskju í vinnu við að dressa sig upp fyrir hvert tilefni/partí svo maður geti litið nákvæmlega eins út og ungstirnið við hliðina? Mér finnst eins og einhverju hljóti þær að hafa gleymt í þessum hamagangi sem frægðin er. Kannski sjálfum sér? Það getur ekki verið góð tilfinning. Þetta lítur í raun út fyrir að vera afskaplega mikil vinna, allt þetta: „Sjáið mig! Ég er brúnni en hún! Ég er full! Hún er drusla!" Ef maður er listamaður ætti ekki að skipta aðra neinu máli hverju maður klæðist á einhverjum bar. En svona er þetta bara. Skrýtið þetta líf.






**DÚNMJÚK** Þessi úlpa frá Féraud lítur sannarlega út fyrir að þola veður og vind. Stór kragi til að hjúfra sig ofan í og takið eftir slaufunum um úlnliðina!



**KÓSÝ** Manni verður ekki kalt í þessari peysu frá Versace. Hanskarnir og beltið eru punkturinn yfir i-ið.



**MJÁÁÁ ...** Þessi ómótstæðilega kápa gæti lægt hvaða hávaðarok sem er! Hún er frá L.A.M.B., fatamerki söngkonunnar Gwen Stefani.



**MOD-LEGUR** Bronslitaður jakki með stroffi frá Company's Kringlunni.



**URR** Tígurmunstruð pelskápa frá Spúútnik, Kringlunni.



**HLÝ** Svört slá frá All Saints, Kringlunni.

# Glamúr á Íslandi?

Munið þið hvað tímarnir voru góðir þegar við vorum á leikskólaaldri? Foreldrar okkar klæddu okkur í þykkt lag af peysum, húfum og kuldagöllum og aldrei man ég eftir því að hafa verið kalt, hvað þá að hafa velt því fyrir mér í hverju ég væri eiginlega! Maður vaggaði bara ósköp sáttur í hvaða veðri sem er, í myndarlegri röð kúlulagaðra leikskólabarna.

Þá var nú kannski heldur ekki mikið verið að velta fyrir sér stíl, smekk og tískustraumum. Það kom síðar og á ferðum mínum um bæinn að vetrarlagi hef ég í seinni tíð margsinnis bölvað frosti, roki og hálku í sand og ösku, „það er ekki hægt að vera kúl á Íslandi!" æpi ég út í vindinn. „Jú, víst," svara ég sjálfri mér og neita að gefast upp. Þegar farið er á stúfana í hinum fjölmörgu tískuvöruverslunum bæjarins kemur nefnilega ýmislegt skemmtilegt í ljós.

elsa@frettabladid.is





**BARDOT-STÍLLINN** Ljósbrúnn pels með svörtu blettatígramunstri frá Spúútnik, Kringlunni.

**YFIR KJÓLINN** Hvítur, stuttur, „fluffy" pelsjakki frá Spúútnik.





**SEXÍ** Hlýjar og praktískar svartar leggings við peysur, frá Spúútnik, Kringlunni.

**GLAM-ROKK** Gylltar leggings frá Spúútnik, Kringlunni.

## FYLGSTU MEÐ ÞESSU PROENZA SCHULER



**KASSALAGA JAKKI** í anda fimmta áratugarins við munstrað hnésítt pils.



**ELEGANT** Dömuleg og gullfalleg slá við niðurþröngt pils. Hanskarnir fullkomna útlitið.



**PLÓMULITUÐ** Einstaklega fallega sniðin kápa.

Lazaro Hernandez og Jack McCallough er tvíeyki sem lýst hefur sjálfu sér sem tveimur lúðum. Saman mynda þeir tískuteymið Proenza Schouler sem tekið hefur tískusenuna í New York með trompi frá því fyrirtækið fór af stað árið 2002. Lúðar eður ei, þeir eru með eitt áhugaverðasta merkið í tískuheiminum í dag og hæfileikar þeirra standa fullkomlega undir væntingum.

Julie Gilhalt, tískustýra Barney's í New York, hreifst af útskriftarsýningu þeirra frá Parsons. „Þetta leit



**HÓGVÆRIR OG SÆTIR,** Lazaro Hernandez og Jack McCallough mynda tískuteymið Proenza Schouler.

ekki út eins og verkefni nemenda, þetta var handverk atvinnumanna. New York er borg sem þreytir marga en hún virðist fylla þá orku."

Yfirbragðið er unglegt og sportlegt með örlitlum poppáhrifum frá sjöunda áratugnum. Aðsniðnir jakkar og þröng pils þó einkum í dökkum, hlutlausum litum líkt og gráu, bronsi og hermannagrænu.

„Þeirra mesti styrkur liggur í skilningi þeirra á uppbyggingu flíkurinnar. Sniðin, fóðrið, saumaskapurinn, allt er gert á fullkominn hátt."

- emb














# Fyrsti í söngvakeppni í kvöld

**Fyrsta undankeppnin í Söngvakeppni sjónvarpsins árið 2007 fer fram í kvöld. Átta lög keppa um þrjú sæti í úrslitum.**

Keppnin í kvöld er sú fyrsta af þremur, en í hverri undankeppni keppa átta lög. Með símakosningu velja áhorfendur þrjú lög sem komast áfram í lokakeppnina. Örlagastundin rennur svo upp 17. febrúar næstkomandi.

Sjónvarpið sýnir beint frá keppninni, sem fram fer í Base-Camp Verinu í Héðinshúsinu. Poppið þarf að vera komið í skálarnar klukkan 20.20, þegar útsendingin hefst. Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir mun kynna þáttakendur til leiks, en í þeirra hópi má sjá mörgu þekktu andliti bregða fyrir. Til hliðar má sjá númer keppenda til að kjósa í símakosningunni.



**900-2001**
Bríet Sunna Valdemarsdóttir syngur Blómabörn. Lagið er eftir Trausta Bjarnason, en textahöfundur er Magnús Þór Sigmundsson.



**900-2002**
Snorri Snorrason syngur lag Óskars Guðnasonar, Orðin komu aldrei. Texti er eftir Kristján Hreinsson.



**900-2003**
Aðalheiður Ólafsdóttir flytur lagið Enginn eins og þú eftir Roland Hartwell. Textahöfundur er Stefán Hilmarsson.



**900-2007**
Hreimur Heimisson flytur lagið Draumur. Sveinn Rúnar Sigurðsson samdi lagið, en textahöfundur er Kristján Hreinsson.



**900-2004**
Finnur Jónsson syngur Allt eða ekki neitt. Texti er eftir Þorkel Olgeirsson, sem samdi einnig lagið ásamt Torfa Ólafssyni og Eðvarði Lárussyni.



**900-2005**
Sigurjón Brink flytur lag sitt og Bryndísar Sunnu Valdimarsdóttur, Áfram. Textann samdi Bryndís Sunna ásamt Jóhannesi Ásbjörnssyni.



**900-2006**
Bergþór Smári syngur lag sitt Þú gafst mér allt. Hann á einnig heiðurinn af textanum.



**900-2008**
Matthías Matthíasson syngur Húsin hafa augu. Þormar Ingimarsson samdi lagið en Kristján Hreinsson er textahöfundur.




# Tónleikar nyrðra

Hljómsveitin Forgotten Lores heldur útgáfutónleika á Græna hattinum á Akureyri í kvöld í tilefni af útkomu plötunnar Frá heimsenda, sem fékk fullt hús stiga hjá gagnrýnanda Fréttablaðsins fyrir jól.

Sveitin hélt sína fyrri útgáfutónleika vegna plötunnar í Þjóðleikhúskjallaranum í Reykjavík hinn 29. desember og heppnuðust þeir afar vel.

„Við höfum verið að spila í gegnum tíðina á Akureyri og áttum sterka vinahljómsveit þar, Skytturnar,“ segir Benni úr Forgotten Lores. „Við spiluðum með þeim fyrir norðan og þeir fyrir okkur í Reykjavík. Síðan eru þeir flestir fluttir í bæinn en við höfum ennþá smá aðdáendahóp á Akureyri og þess vegna vildum við fara þangað.“

Húsið er opnað klukkan 21.30 í kvöld og lofar Benni hörkustemningu á Akureyri.



**FORGOTTEN LORES** Hip hop-sveitin heldur útgáfutónleika á Akureyri í kvöld.




Háskólabíó

| Háskólabíó | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FORELDRAR | kl. 3 - 6 - 8 - 10 | Leyfð | FLAGS OF OUR FATHERS | kl. 5:30 - 8 | B.i. 16 |
| BABEL | kl. 3 - 6 - 9 - 10:30 | B.i.16 | DÉJÁ VU | kl. 10:30 | B.i. 12 |
| THE PRESTIGE | kl. 5:30 - 8 | B.i.12 | THE DEPARTED | kl. 3 - 10:30 | B.i. 16 |
| THE CHILDREN OF MEN | kl. 5:50 | B.i.16 | FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal. | kl. 3 | Leyfð |
| THE HOLIDAY | kl. 8 | B.i. 7 | | | |




SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| BABEL | kl. 5:30 - 8 - 10:50 | B.i.16 | THE CHILDREN...VIP | kl. 5:30 | |
| BABEL VIP | kl. 2 - 8 - 10:50 | | FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal. | kl. 1 - 2:10 - 3:20 - 5:40 | Leyfð |
| FORELDRAR | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | | HAPPY FEET M/-Ensk tal. | kl. 3:20 | Leyfð |
| THE PRESTIGE | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i.12 | SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal. | kl.1:30 - 3:20 | Leyfð |
| STRANGER THAN FICTION | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | Leyfð | BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal. | kl.1:30 | Leyfð |
| THE CHILDREN OF MEN | kl. 8:30 - 10:30 | B.i.16 | ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal. | kl.1:30 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| FORELDRAR | kl. 8:30 - 10:30 | Leyfð | |
| THE PRESTIGE | kl. 6 - 8:15 - 10:40 | B.i.12 | |
| STRANGER THAN FICTION | kl. 10:30 | Leyfð | |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal. | kl. 1:20 - 3:40 - 6 | Leyfð | DIGITAL |
| HAPPY FEET M/-Ensk tal. | kl. 3:40 - 5:50 - 8:10 | Leyfð | DIGITAL |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal. | kl. 1:30 - 3:50 | Leyfð | DIGITAL |
| BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal. | kl. 2 | Leyfð | |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:15 | Leyfð |
| THE PRESTIGE | kl. 10:15 | B.i. 12 |
| KÖLD SLÓÐ | kl. 8 | B.i. 12 |
| HAPPY FEET M/- Ísl tal. | kl. 2 | Leyfð |
| EMPLOYEE OF THE... | kl. 5:50 | B.i. 12 |
| ARTHUR OG... M/-Ensk tal. | kl. 4 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BABEL | kl 8 - 10:40 | B.i.16 |
| THE PRESTIGE | kl 8 | B.i.12 |
| THE CHILDREN OF MEN | kl 10:20 | B.i.16 |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal. | kl. 2 | Leyfð |
| HAPPY FEET M/-Ensk tal. | kl. 4 | Leyfð |
| HAPPY FEET M/- Ísl tal. | kl. 2 - 4 - 6 | Leyfð |
| FLAGS OF OUR FATHERS | kl 5:40 | B.i.16 |

www.SAMbio.is ☎ 575 8900 www.SAMbio.is


# Foreldrar eru líka fólk

Foreldrar er ef til vill ekki öfundsverð af því að fylgja eftir Börnum, fyrri helmingnum í tvíleik Ragnars Bragasonar og Vesturports. Börn var sannarlega frábær mynd en það spillti síst fyrir að hún var óskrifað blað og áhrifamáttur hins óvænta mikill. Ólíkt Börnum er Foreldrar hins vegar í þeirri stöðu að til hennar eru gerðar talsverðar væntingar; bæði þarf hún að vera jafn áhrifamikil og standa undir sínu sem sjálfstætt verk. Sem hún gerir í báðum tilfellum.

Þótt um sé að ræða sitthvort verkið komast þær óneitanlega ekki hjá samanburði. Uppbyggingin í Foreldrum er sú sama og í Börnum, sagðar eru sögur þriggja manneskja sem hefur skrikað fótur í lífinu og/eða standa á tímamótum sem skipta sköpum. Hér er áherslan hins vegar lögð á annan þjóðfélagshóp; í Börnum var fjallað um þá sem hafa orðið hornreka í samfélaginu en hér er ljósinu brugðið á millistéttina, þá sem hafa eitthvað á milli handanna. Tannlæknirinn Óskar, leikinn af Ingvari E. Sigurðssyni, lifir að því er virðist fyrirmyndar fjölskyldulífi með eiginkonu sinni og stjúpbörnum, en undir yfirborðinu kraumar óöryggi og vansæld sem leitar út eftir langa bælingu. Katrín, leikin af Nönnu Kristínu Magnúsdóttur, er nýsnúin heim frá Svíþjóð eftir langa fjarveru frá syni sínum, sem hún leitast við að tengjast á ný en þarf að berjast við ofríki móður sinnar og skugga úr fortíðinni sem eltir hana heim. Víkingur Kristjánsson leikur viðskiptafræðinginn Einar sem farnast vel í vinnunni en það hefur bitnað á einkalífinu. Eiginkona hans hefur fleygt honum út og undanfarna mánuði hefur hann búið á hóteli og bíður þess að hún sjái að sér.

Verkin tvö eru miklar leikaramyndir, karakterstúdíur sem reiða sig fyrst og fremst á frammistöðu leikaranna, enda er leikurinn sterkur í alla staði. Aftur á móti er mismikil kjölfesta í sögunum. Foreldrar er vissulega harmræn en ólíkt Börnum, sem var öðru fremur nístandi, er hún oft á tíðum meinfyndin, ekki síst fyrir tilstilli Ingvars E. Sigurðssonar sem túlkar niðurnjörvaða tannlækninn af mikilli list og sveiflast milli hins hryggilega og kómíska. Víkingur Kristjánsson skilar sínu sömuleiðis vel en persóna hans líður fyrir að það glittir sjaldan í gott; maður finnur frekar til andúðar en samkenndar og fyrir vikið verður hlutskipti Einars frekar maklegt en sorglegt. Að öðrum ólöstuðum er Nanna Kristín Magnúsdóttir fremst meðal jafningja í hlutverki Katrínar og sýnir magnaðan leik sem einkennist af stillingu og næmi. Sagan hennar lætur lítið yfir sér í fyrstu en ristir dýpra eftir því sem á líður og samleikur hennar og Reine Brynjolfsson er óhugnanlega góður.

Ragnar Bragason hefur náð góðum tökum á frásagnarforminu; sögurnar eru brotakenndar en Ragnari tekst að gefa mikið til kynna um forsöguna með því að láta aðeins í hana skína í stað þess að skýra hana til hlítar. Pétur Benediktsson semur tónlistina og bregst ekki bogalistin frekar en í fyrra skiptið; hann nær yfirleitt að skapa viðeigandi stemningu, fyrir utan örfá atriði þar sem drungalegir tónar rímuðu augljóslega ekki við upplifun áhorfenda.

Þótt myndirnar séu sjálfstæð verk er þeim líka styrkur í því að vera settar í samhengi þar sem ólíkir þjóðfélagshópar kallast á og samfélagsrýnin dýpkar (er til dæmis erfiðara að finna til samkenndar með þeim sem hafa meira milli handanna, eða öllu heldur auðveldara að hlakka yfir óförum þeirra?).

Myndin Foreldrar stendur fyllilega fyrir sínu og á erindi við samtíma sinn. Hún er hryggileg án þess að vonarglætan slokkni og þótti áhrifin séu önnur en af Börnum eru þau engu að síður mikil.

Hingað til hefur það verið nokkuð óbrigðul uppskrift að hörmungum þegar íslenskir kvikmyndagerðarmenn ýta úr vör handrits- og peningalausir. Ragnar Bragason og Vesturport veðjuðu hins vegar á réttan hest og hafa með myndum sínum lagt lóð á vogarskálarnar við að festa í sessi ný viðmið í íslenskri kvikmyndagerð.



**KVIKMYNDIR**

**Foreldrar**

Leikstjóri: Ragnar Bragason

Leikarar: Ingvar E. Sigurðsson, Nanna Kristín Magnúsdóttir og Víkingur Kristjánsson.

★★★★

Niðurstaða: Áhrifamikil mynd um vængbrotnar manneskjur sem sveiflast listilega milli hins kómíska og harmræna.

# Fyrsta stóra ballið

Hljómsveitin Vítamín heldur sitt fyrsta stóra ball á skemmtistaðnum Players í Kópavogi í kvöld. Vítamín hefur starfað í fjögur ár og er að sögn söngvarans Rósmanns Mýrdals Jónssonar heilbrigðasta hljómsveit landsins.



**RÓSMANN MÝRDAL JÓNSSON** Söngvari Vítamíns segir að hljómsveitin sé sú heilbrigðasta á landinu.

Hann segir að þrátt fyrir að Á móti sól sé í pásu, Í svörtum fötum sé hætt og Skítamórall spili lítið sé ballbransinn alls ekki búinn að vera. „Það er engin deyfð yfir okkur. Það koma nýir í stað þeirra gömlu og það er alltaf hörkustuð hjá okkur,“ segir Rósmann. „Við spiluðum á tæplega 40 „giggum“ á síðasta ári og erum ráðnir fram í september, þannig að það er nóg að gera.“

Vítamín, sem er frá höfuðborgarsvæðinu, spilar aðallega lög eftir aðra þó svo að inni á milli spili hún einnig eigin lög. Sveitin er um þessar mundir að undirbúa gerð sinnar fyrstu plötu en ekki er vitað hvenær hún kemur út. Nánari upplýsingar um Vítamín má finna á min.is. **- fb**

# Lay Low hitar upp

Tónlistarkonan Lay Low spilar ásamt hljómsveit á tónleikum á Grand Rokk í kvöld. Daginn eftir halda þau til Cannes til að spila á tónlistarhátíðinni Miden sem er haldin þar á hverju ári og eru tónleikarnir í kvöld því hugsaðir sem góð upphitun.

Í hljómsveitinni með Lay Low eru Magnús Árni Öder Kristinsson, Bassi Ólafsson og Sigurbjörn Már Valdimarsson.

Lay Low er tilnefnd til ferna verðlauna á Íslensku tónlistarverðlaununum fyrir frumraun sína Please Don‘t Hate Me sem náð hefur gullsölu hér á landi.

Hljómsveitin Royal Fortune hitar upp fyrir Lay Low á Grand Rokk. Efri hæðin er opnuð kl. 20.00 og er miðaverð 500 kr. við hurð.



**LAY LOW** Tónlistarkonan Lay Low heldur tónleika á Grand Rokk í kvöld.




## > Fjölmennasta mótið

Fjölmennasta frjálsíþróttamót sem hefur verið haldið innnahúss frá upphafi hér á landi verður í Laugardalshöll um helgina þegar 11. stórmót ÍR fer fram en þetta er hundrað ára afmælismót félagsins. 555 keppendur eru skráðir til leiks og koma þeir frá 22 félögum.

**sport**

sport@frettabladid.is

TRYGGVI HARALDSSON: ÞEKKIR VEL TIL ÁSTRALSKA HANDBOLTALIÐSINS OG ÞJÁLFARA ÞESS

# *Fengu ruðningskappa rétt fyrir HM*



Handboltamaðurinn Tryggvi Haraldsson, fyrrverandi leikmaður ÍR, spilar nú með danska liðinu Ribe. Hann bíður spenntur eftir leik Íslendinga og Ástrala í dag enda hefur hann tengsl í bæði lið. „Það eru þrír ástralskir leikmenn í Ribe og svo tók norskur þjálfari okkar að sér það verkefni að stýra Ástralíu á HM. Liðið hefur verið að æfa hérna en náði ekki að vinna leik þegar það kom hingað í ágúst. Í lokaundirbúningnum fyrir keppnina hefur því tekist að leggja gömul stórveldi eins og Breta og Íra," sagði Tryggvi.

„Það er mikið af Júgóslövum í þessu ástralska liði sem fundu það út að þeir áttu kannski ástralska ömmu og höfðu samband við ástralska handboltasambandið," sagði Tryggvi en hann segir að þjálfari Ribe og ástralska landsliðið sé kostulegur karakter.

„Ég hef aldrei haft svona mikinn vitleysing sem þjálfara og maður trúir því ekki að svona maður sé að fara að þjálfa lið á HM. Í vikunni sagðist hann vera búinn að finna það út að ef hann næði að stöðva hraðaupphlaup íslenska liðsins gæti allt gerst. Svo þyrfti jú reyndar að stöðva Ólaf Stefánsson í sókninni líka," sagði Tryggvi. „Leikmennirnir gera sér alveg grein fyrir því að þeir eru ekki að fara að vinna leik í Þýskalandi en vonast til að tapa ekki eins stórt fyrir Íslandi eins og seinast."

Tryggvi sá Ástrala leika æfingaleik við Skjern um daginn. „Þeir virðast hafa tekið smá framförum og kunna alveg að kasta og grípa. Handboltinn er allavega kominn lengra þar en í Englandi og Írlandi. Í þeim leik setti þjálfarinn einhvern lurk inn undir lokin og skellihló. Síðan sneri hann sér við og sagði að þessi leikmaður væri bara búinn að æfa handbolta í tvær vikur, hann væri leikstjórnandi í áströlskum ruðningi. Svo kom ástralskur frumbyggi að æfa með liðinu í ágúst en þjálfarinn sagði að hann væri bara með upp á stemninguna og hann slapp ekki í lokahópinn."

Mál Jóhannesar Karls Guðjónssonar að skýrast:

## Sennilega á leið til Burnley

**FÓTBOLTI** Allar líkur eru á því að Jóhannes Karl Guðjónsson gangi til liðs við enska 1. deildarfélagið Burnley um helgina. Hann leikur nú með AZ Alkmaar í Hollandi.

„AZ og Burnley eiga nú í viðræðum og vonandi verður tilboðið samþykkt í kvöld eða á morgun. Ég reikna frekar með því," sagði Jóhannes Karl við Fréttablaðið í gær. „Ég hef rætt við forráðamenn félagsins og líst vel á. Ef félögin ná saman reikna ég með að við náum einnig saman."

Steve Cotterill er stjóri Burnley en hann hefur áður þjálfað Stoke og Cheltenham. „Mér líst vel á hann," sagði Jóhannes. **- esá**


VINNUEFTIRLITIÐ

Bíldshöfða 16 – 110 Reykjavík – Sími 550 4600 – Fax 550 4610
Netfang: vinnueftirlit@ver.is – Heimasíða: www.ver.is

**Áhættumat og forvarnir á vinnustöðum**

**Ráðstefna á Grand Hóteli, 23. janúar 2007, kl. 13-16**

13.00-13.05 **Opnun ráðstefnu**
13.05-13.15 **Setning**
*Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra*
13.15-13.45 **Áhættumat og forvarnir á vinnustöðum – Kynning á nýjum ákvæðum reglugerðar nr. 920/2006**
*Þórunn Sveinsdóttir, deildarstjóri hjá Vinnueftirlitinu*
13.45-14.15 **Áhættumat og forvarnir við byggingu Fjarðaáls**
*Joseph Zoghbi, öryggis- og umhverfisstjóri Bechtel*
14.15-14.35 **Kaffi**
14.35-14.50 **Áhættumat á vinnustað: Reynsla Sláturfélags Suðurlands á Hvolsvelli**
*Guðjón Guðmundsson innkaupastjóri*
14.50-15.05 **Áhættumat á vinnustað: Reynsla Mjólkursamsölunnar Selfossi**
*Guðmundur Þór Gunnarsson verkefnastjóri*
15.05-15.50 **Pallborðsumræður með þátttöku stjórnmálamanna og fulltrúa atvinnurekenda og launþega.**
*Stjórnandi: Eyjólfur Sæmundsson, forstjóri Vinnueftirlitsins*
15.50-16.00 **Ráðstefnuslit**

Ráðstefnustjóri:
***Guðjón Ólafur Jónsson, alþingismaður og stjórnarformaður Vinnueftirlitsins***

**Markhópar ráðstefnunnar eru:**

Stjórnendur fyrirtækja og stofnana, öryggisverðir, öryggistrúnaðarmenn og félagslegir trúnaðarmenn á vinnustöðum, fulltrúar samtaka launþega og atvinnurekenda, sérfræðingar og ráðgjafar á sviði heilsu og öryggis, hönnuðir, skipuleggjendur starfsmenntunar og starfsfræðslu, stjórnmálamenn og aðrir áhugasamir.

**Skráning á ráðstefnuna er á netfangið ingibjorg@ver.is.**

**Aðgangur er ókeypis.**


HM Í ÞÝSKALANDI

# Meiri stöðugleiki en áður

**Alfreð Gíslason var jákvæður daginn fyrir fyrsta leik Íslands á HM. Hann er bjartsýnn á mótið og segir að Ísland muni fá fínan stuðning í Magdeburg.**

**HANDBOLTI** „Það er frábært að vera hérna og má í raun segja að maður sé kominn heim enda stýrði ég liði Magdeburgar í sjö ár og ég þekki allt og alla hérna," sagði glaðbeittur þjálfari íslenska landsliðsins, Alfreð Gíslason, fyrir æfingu landsliðsins í Bördelandhalle í gær en Alfreð býr reyndar enn í Magdeburg og hann fór að vitja um stöðuna á húsi sínu um leið og komið var til Magdeburg enda geysaði mikið óveður í öllu landinu á fimmtudag.

Landsliðið var með góða tveggja tíma æfingu þar sem strákarnir fengu að svitna. Alfreð nýtti sambönd sín og fyrir vikið gat liðið byrjað að æfa hálftíma fyrr en til stóð og hann fékk einnig þann búningsklefa sem hann vildi þannig að þjálfarinn var hæstánægður. Hann gerir sér vonir um að Ísland fái fínan stuðning í leikjum sínum í riðlakeppninni.

Einn sem ég talaði við var á því. Gamall leikmaður Magdeburg, Kervadec, verður að lýsa fyrir franska sjónvarpið og það skilar sér í einhverjum stuðningi sem og að Abati er enn að spila fyrir Magdeburg. Við fáum flottan stuðning gegn Áströlum og Úkraínu og það er spáð svona 60/40 skiptingu í Frakkaleiknum og þá með okkur," sagði Alfreð glaðbeittur en hvernig ætlar að hann að leggja upp leikinn í dag?

„Við byrjum með okkar sterkasta lið og munum keyra af fullum krafti. Ef við náum góðri forystu, sem er líklegt, þá mun ég fara að skipta inn af bekknum. Ég mun ekki vera í neinum feluleik og mun keyra þau kerfi sem ég vil. Afbrigðin af kerfum okkar eru mismunandi eftir andstæðingum og vörnum og því þarf ekkert að fela í raun og veru. Ég er ekki með neitt óvænt í pokahorninu en ég vona að við komum á óvart með meiri stöðugleika en áður," sagði Alfreð og glotti en hann er bjartsýnn á að liðið spili betri varnarleik í mótinu en gegn Tékkum um síðustu helgi og það er ljóst að fyrir miðju varnarinnar verða Sverre Jakobsson og Sigfús Sigurðsson.



**BYRJAR MEÐ STERKASTA LIÐIÐ** Alfreð Gíslason ætlar að byrja HM á fullum krafti þótt að mótherjarnir í fyrsta leik séu ekki af sterkari gerðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**MARK!** Guðmundur Guðmundsson tók þátt í léttum fótboltaleik og skoraði gegn Alexander Petersson og félögum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




HM Í ÞÝSKALANDI
**HENRY BIRGIR GUNNARSSON**
*skrifar frá Magdeburg*
henry@frettabladid.is


Starfsmenn Magdeburg föðmuðu strákana:

## Íslendingum vel tekið

**HANDBOLTI** Það er óhætt að segja að íslenska landsliðið hafi fengið höfðinglegar móttökur í Bördelandhalle í gær. Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari, Ólafur Stefánsson landsliðsfyrirliði, Sigfús Sigurðsson og Arnór Atlason voru allir á mála hjá félaginu og eru síður en svo gleymdir.

Fjórmenningarnir höfðu vart undan að faðma og kyssa starfsmenn handboltaliðsins sem tóku fagnandi á móti Íslendingunum og veittu þeim bestu þjónustu sem var möguleg.

Það er fastlega búist við því að um 500 Íslendingar muni fylgjast með leikjum Íslands í riðlakeppninni í Magdeburg. HSÍ seldi um 350 miða og svo hefur fjöldi Íslendinga keypt miða á netinu og koma til Magdeburg á eigin vegum.

Það verður íslensk stemning í höllinni þó svo Íslendingarnir verði víst mjög dreifðir um Höllina enda ætla heimamenn að styðja Ísland. **- hbg**



**HÁLFGERÐ HEIMAHÖLL** Landsliðsþjálfarinn og þrír leikmenn voru allir á mála hjá Madgeburg og léku í þessari höll. FRÉTTBLAÐIÐ/PJETUR

### LEIKIR DAGSINS

| | |
|---|---|
| **A- RIÐILL** | |
| SLÓVENÍA - GRÆNLAND | 17.00 |
| TÚNIS KÚVEIT | 19.00 |
| **B- RIÐILL** | |
| ÍSLAND - ÁSTRALÍA | 15.00 |
| FRAKKLAND - ÚKRAÍNA | 17.00 |
| **C- RIÐILL** | |
| PÓLLAND - ARGENTÍNA | 18.30 |
| **D- RIÐILL** | |
| TÉKKLAND - KATAR | 14.45 |
| SPÁNN - EGYPTALAND | 17.00 |
| **E- RIÐILL** | |
| NOREGUR - ANGÓLA | 17.15 |
| DANMÖRK - UNGVERJAL. | 19.15 |
| **F- RIÐILL** | |
| KRÓATÍA - MAROKKÓ | 15.00 |
| RÚSSLAND - S-KÓREA | 17.00 |

HM Í ÞÝSKALANDI

Íslenska landsliðið:

# Hreiðar meiddist á æfingu

**HANDBOLTI** Óvíst er hvort markvörðurinn Hreiðar Guðmundsson getur leikið í dag en hann meiddist á hné í upphafi æfingar í gær og tók því engan þátt í æfingunni.



HREIÐAR GUÐMUNDSSON

Roland Eradze og Einar Örn Jónsson áttu að hvíla í dag en svo gæti farið að Roland taki sæti Hreiðars verði hann ekki búinn að ná fullri heilsu. – hbg

Leikmannahópur Íslands:

# Vill halda einu sæti opnu

**HANDBOLTI** Það ríkir nokkur óvissa um hvort tilkynna þurfi 16 manns í upphafi riðlakeppninnar eins og reglur virðast segja til um.

Í gær spurðist út að Þjóðverjar ætluðu að tilkynna 15 í upphafi og henda sextánda manninum inn þegar á þyrfti að halda í riðlakeppninni.

Tveir starfsmenn IHF í Magdeburg voru ekki sammála um hvort það væri löglegt og var settur á fundur í gærkvöldi til að fá endanlega niðurstöðu í málið.

Íslendingar ætluðu að tilkynna 16 leikmenn og láta Markús Mána hvíla í riðlakeppninni en ef það má tilkynna 15 strax og halda einu sæti opnu getur verið að Alfreð nýti sér það. - hbg



**3 MÖRK Í 5 LEIKJUM** Arnór Atlason hefur aðeins skorað 3 mörk í fyrstu 5 leikjum ársins en var með 2,7 mörk að meðaltali í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Arnór Atlason kominn aftur til Magdeburgar:

# Er í mínu besta formi

**HANDBOLTI** „Það er verulega gaman að koma hingað aftur og hitta allt þetta ágæta fólk sem starfar hérna,“ sagði Arnór Atlason, fyrrum leikmaður Magdeburg, en hann hafði ekki undan að faðma fólk í Bördelandhalle eins og félagar hans sem einnig hafa verið í röðum Magdeburg.

„Ég er bjartsýnn og við verðum að vera á tánum ef við ætlum okkur að komast áfram,“ sagði Arnór sem hefur verið nokkuð gagnrýndur fyrir frammistöðu sína í síðustu leikjum. „Það er allt í lagi að fá gagnrýni en ég hef engar áhyggjur af minni frammistöðu. Ég er í mínu besta formi og hef engar áhyggjur af því að vinstri vængurinn verði einhver höfuðverkur á þessu móti.“

Arnór hefur verið í veigamiklu hlutverki hjá landsliðinu á síðustu tveim stórmótum og hann ætlar sér að vera það áfram. „Ég hlakka mikið til og maður er búinn að bíða lengi eftir þessu móti. Þetta verður mjög gaman og ekki síst í þessari höll þar sem við munum fá stuðning,“ sagði Arnór. - hbg

ÓDÝRI
STÓRÚTSÖLU
MARKAÐURINN
Flott föt, gjafavörur og búsáhöld
Ótrúlegt verð!
250 – 500 – 750 – 1.000
1.250 – 1.500 – 1.750 – 2.000
Opið 10-18
í Fellsmúla 28
(gamla World Class húsið)



Komdu á atvinnutækjasýningu Brimborgar í dag milli kl. 10 og 14. Komdu í kaffi og kleinur.
Suðurhraun 3 í Garðabæ.

## > RUSSELL CROWE



Fæddur 7. apríl 1964 á Nýja-Sjálandi en fluttist snemma til Ástralíu. Þar varð hann barnastjarna er hann lék í sjónvarpsþáttum. Hann fékk hlutverk í stærstu myndum Ástralíu og varð það honum góður stökkpallur yfir til Hollywood. The Quick and the Dead var fyrsta bandaríska myndin sem hann lék í og síðan hafa þær verið ófáar. Hann hlaut mikið lof fyrir frammistöðu sína í myndunum Gladiator og A Beautiful Mind en hann lék í myndinni Cinderella Man sem sýnd verður á Stöð 2 Bíó í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ JAKOB BJARNAR VORKENNIR DENNY CRANE AÐ HAFA LENT Í KLÓM GULLFALLEGS DVERGS

# *Ekki skal kalla dverg dverg*

Ný þáttaröð Boston Legal var að hefjast og Denny Crane strax lentur í hinum mestu hremmingum. Hann álpaðist á blint stefnumót, við ungan lögmann, og hafði af henni andlitsmynd þar sem gat að líta hið fegursta fljóð. Þegar hún svo mætti kom á daginn að hún er dvergvaxin. Ekki nema gott eitt um það að segja nema Denny, sem jafnvel hafði séð fyrir sér í hinum unga lögmanni sína fjórðu eða fimmtu konu, var ekki á þeim buxunum að taka upp samband við dverg. Og þar sem hann sat til borðs með þessum gullfallega dvergi slysaðist Denny til að kalla dverginn dverg. Sem má bara alls ekki. Það er nefnilega svo úti í henni Ameríku, og ber á því í auknum mæli hér á landi, að lögð er aukamerking í hin og þessi orð sem lengi hafa verið höfð um tiltekna hluti og fyrirbæri. Þau brennimerkt til marks um fordóma þeirra sem þau brúka. Dvergurinn fagri fyrtist við og stefndi Denny umsvifalaust. Dvergur er ekki lengur dvergur heldur telst til hóps sem heitir „litla fólkið“.



Það sem kallast pólitískur rétttrúnaður er allsráðandi í Bandaríkjunum og nýtur aukins fylgis hér. Þannig var til dæmis orðið „kynvillingur” gert útlægt úr tungumálinu með skít og skömm og þeir sem það brúka umsvifalaust stimplaðir fordómafuglar. Hommi skal það vera heillin og lesbía. „Negri” er einnig á útleið en verið er að breyta bókatitli Agöthu Christie heitinnar, „Ten little niggers”, víðs vegar um heim. Breyta sögunni til að styggja ekki þá sem nú eru uppi, vilja leggja aukamerkingu í gamalgróin orð og ... móðgast. Og hópur fólks er að vinna í því að orðið „kynskiptingur” fari sömu leið á haugana enda hlýtur notkun þess að lýsa varhugaverðum hugsunarhætti? Fleiri dæmi má sjálfsagt nefna. Hvar endar þetta? En svona getur tungumálið reynst snúið, læðst aftan að mönnum, afhjúpað rangan hugsunarhátt og stílvopnin hæglega snúist í höndum manna sem ekki kunna með þau að fara. Látið mig þekkja það. Maður dansar dagana langa á hálum ís.

## EKKI MISSA AF



▶ **12.15** Liverpool - Chelsea Skjár Sport



▶ **14.50** Ísland - Ástralía Rúv



▶ **20.20** Söngvakeppni Rúv



▶ **21.00** A man apart Sirkus



▶ **21.00** Last Comic Standing Skjár einn

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.03 Spæjarar** (52:52)
**10.25 Stundin okkar (e)**
**10.55 Kastljós**
**11.30 Sterkasti maður Íslands 2006**
**12.00 Kraftavíkingurinn 2006 e.**
**12.30 Alpasyrpa**
**13.50 HM-stofan**
**14.50 HM í handbolta** Bein útsending frá leik Íslendinga og Ástrala í Magdeburg.
**16.30 HM-stofan**
▶**16.50 HM í handbolta** Bein útsending frá leik Úkraínumanna og Frakka í Magdeburg.
**18.30 HM-stofan**
**18.45 Táknmálsfréttir**
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.40 Jón Ólafs**
▶**20.20 Söngvakeppni Sjónvarpsins 2007** Kynnt verða 8 af þeim 24 lögum sem valin voru í undankeppnina.
**21.10 Spaugstofan**
**21.35 Söngvakeppni Sjónvarpsins - Úrslit kvöldsins**
**21.50 Staðfastir í trúnni** (Keeping the Faith) Bandarísk bíómynd frá 2000 um tvo vini, kaþólskan prest og rabbína, sem verða ástfangnir af sömu stúlkunni.
**23.55 Miranda** Bresk bíómynd frá 2002. Bókavörður hefur ástríðuþrungið samband við dularfulla konu sem hverfur síðan.
**01.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Beethoven´s 5th**
**08.00 Dodgeball: A True Underdog Story** Óborganleg gamanmynd.
**10.00 To Walk with Lions**
**12.00 Dear Frankie**
**14.00 Beethoven´s 5th**
**16.00 Dodgeball: A True Underdog Story** Óborganleg gamanmynd.
**18.00 To Walk with Lions**
**20.00 Dear Frankie.**
**22.00 The Pentagon Papers**
**00.00 Boat Trip**
**02.00 Control** Stranglega bönnuð b.
**04.00 The Pentagon Papers**

## STÖÐ 2

**07.00 Kærleiksbirnirnir** (54:60) (e)
**07.10 Ruff´s Patch**
**07.20 Funky Valley**
**07.25 Gordon the Garden Gnome**
**07.35 Véla-Villi**
**08.00 Barney**
**08.25 Grallararnir** (Tiny Toons)
**08.50 Animaniacs** (Villingarnir)
**09.10 Justice League Unlimited**
**09.35 Kalli kanína og félagar**
**09.55 Tracey McBean**
**10.10 S Club 7**
**10.35 Lísa litla á fína hótelinu**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.40 Bold and the Beautiful**
**14.25 X-Factor (e)** (9:20)
**15.35 Svæsnustu lýtaaðgerðir í Hollywood**
**16.20 Sjálfstætt fólk (e)**
**17.00 Martha**
**17.45 60 mínútur** (60 Minutes)
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Lottó**
**19.05 Íþróttir og veður**
**19.10 Freddie (17:22)**
**19.35 The New Adventures of Old Christin** (12:13)
**19.55 Stelpurnar (e)** (3:20)
**20.20 Cinderella Man** (Öskubuskuboxarinn) Sannsöguleg mynd eftir Óskarsverðlaunaleikstjórann um hnefaleikakappann Jim Braddock, sem allir töldu útbrunninn þegar hann gerði sér lítið fyrir og barðist alla leið aftur á toppinn í hnefaleikaheiminum á 4. áratug síðustu aldar. Óskarsverðlaunaleikarinn Russell Crowe fer á kostum í hlutverki Braddocks. Stranglega bönnuð börnum.
**22.40 8MM** (8 millímetrar) Tom Welles er einkaspæjari sem lifir heldur tilbreytingarsnauðu lífi þar til á fjörur hans rekur 8 millimetra filmu sem umturnar lífi hans. Aðalhlutverk: Nicolas Cage, Joacquin Phoenix, Peter Stormare, James Gandolfini. Stranglega bönnuð börnum.
**00.40 Le Divorce** (Skilnaðurinn)
**02.35 The Guys** (Strákarnir)
**03.55 Going for Broke** (Spilafíkillinn)
**05.25 The New Adventures of Old Christin** (12:13)
**05.45 Fréttir**
**06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**16.30 Trading Spouses - NÝTT (e)**
**17.15 KF Nörd (2:15)** (Frá hræðslu til hugrekkis) Hugarfarið og samvinna skiptir öllu máli til að ná árangri í knattspyrnu. Nördarnir fá heimsókn frá einum fremsta sálfræðingi landsins sem sýnir þeim hversu mikilvægur sá hluti er hjá liði eins og KF Nörd. Logi þjálfari áttar sig á því að hópurinn þarf að ná betur saman og fer með þá í óvissuferð þar sem m.a. er farið í dans- og leikjanámskeið í Kramhúsinu.
**18.00** Seinfeld (11:24) (e) Kærasti Elaine býður Jerry afspyrnugóð kjör í bílakaupum.
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Seinfeld** (12:24) (e)
**19.30 Sirkus Rvk (e)**
**20.00 South Park (e)**
**20.30 Tekinn (e)** Rock Star stjörnurnar Toby og Storm Large eru hrekktar af Audda sem fékk þau Ragnhildi Steinunni og Sveppa til liðs við sig.
**20.55 Leiðin að Hlustendaverðlaunum FM 957** Upphitun fyrir Hlustendaverðlaun FM 957 sem fram fara í Borgarleikhúsinu 23.janúar.
▶**21.00 A Man Apart** (Tættur) Mögnuð hasarspennumynd. Sean Vetter starfar í fíkniefnalöggunni og hefur orðið vel ágengt við að stöðva eiturlyfjasmyglið frá Mexíkó. En um leið og einn dópkóngurinn er kominn í fangelsi tekur sá næsti við. Diablo er nú hæstráðandi í smyglinu og hann ætlar Vetter að stöðva í eitt skipti fyrir öll. Málið snýst um meira en dóp og peninga því fyrir lögguna er þetta persónulegt. Aðalhlutverk: Vin Diesel, Alice Amter, Jim Boeke, Ken Davitian. Leikstjóri: F. Gary Gray. 2003. Stranglega bönnuð börnum.
**22.50 Chappelle´s Show 1 (e)**
**23.20 Star Stories - NÝTT (e)**
**23.50 Vanished** (11:13) (e) (Vanished)
**00.40 X-Files (e)** (Ráðgátur)
**01.25 Twenty Four (9:24) (e)**
**02.10 Twenty Four (10:24) (e)**
**02.55 Entertainment Tonight (e)**
**03.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**08.30 2006 World Pool Championships (e)**
**10.30 Vörutorg**
**11.30 Rachael Ray (e)**
**13.20 Celebrity Overhaul (e)**
**14.20 The Bachelor VIII (e)**
**15.20 Trailer Park Boys (e)**
**16.10 Parental Control (e)**
**16.35 Last Comic Standing (e)**
**18.15 Rachael Ray (e)**
**19.10 Game tíví (e)**
**19.40 The Office (e)**
**20.10 What I Like About You** Gamansería um tvær ólíkar systur í New York.
**20.35 Parental Control** Stefnumótaþáttur með skemmtilegri fléttu. Þegar unglingurinn á heimilinu fer á stefnumót með einhverjum sem pabba og mömmu líst ekki á, taka þau til sinna ráða. Foreldrarnir velja þann sem unglingurinn þeirra fer á stefnumót með og það er einhver sem pabbi og mamma kunna að meta.
▶**21.00 Last Comic Standing** Gamanleikarinn Jay Mohr stýrir leitinni að fyndnasta grínistanum. Fyrstu tvær þáttaraðirnar voru sýndar á Stöð 2 en nú er þessi frábæri þáttur kominn á SkjáEinn. Nú mætast þeir bestu úr tveimur fyrstu þáttaröðunum. Sigurvegarinn hlýtur hálfa milljón dollara og það er mikil spenna í loftinu.
**21.45 Battlestar Galactica** Framtíðarþáttaröð sem á dyggan hóp aðdáenda.
**22.35 Book of Shadows: Blair Witch 2**
**00.05 30 Days (e)**
**01.05 Kojak (e)**
**01.55 Nightmares and Dreamscapes (e)**
**02.55 Vörutorg**
**03.55 Da Vinci's Inquest (e)**
**04.45 Tvöfaldur Jay Leno (e)**

## SKJÁR SPORT

**11.45 Upphitun (e)**
▶**12.15 Liverpool - Chelsea (beint)**
**14.35 Á vellinum með Snorra Má**
**14.50 Newcastle - West Ham (beint)**
**16.50 Á vellinum með Snorra Má**
**17.05 Man. City - Blackburn (beint)**
**19.20 Ítalski boltinn (beint)**
**21.30 Aston Villa - Watford (frá í dag)**
**23.30 Reading - Sheff. Utd. (frá í dag)**
**01.30 Dagskrárlok**




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.20

**Cinderella man (Öskubuskuboxarinn)**



Sannsöguleg mynd eftir Óskarsverðlaunaleikstjórann um hnefaleikakappann Jim Braddock, sem allir töldu útbrunninn þegar hann gerði sér lítið fyrir og barðist alla leið aftur á toppinn í hnefaleikaheiminum á 4. áratug síðustu aldar. Óskarsverðlaunaleikarinn Russell Crowe fer á kostum í hlutverki Braddocks, rétt eins og Óskarsverðlaunaleikkonan Renée Zellweger sem leikur eiginkonu hans og Paul Giamatti (Sideways) sem leikur þjálfara hans. Giamatti fékk eina af þremur Óskarstilnefningum sem féllu myndinni í skaut árið 2006.

### VIÐ MÆLUM MEÐ 8MM Á STÖÐ 2 22.40

Tom Welles er einkaspæjari sem lifir heldur tilbreytingalitlu lífi þar til á fjörur hans rekur 8 millimetra filmu sem umturnar lífi hans. Hann fjarlægist fjölskyldu sína og er brátt kominn á kaf í myrkustu afkima undirheimanna. Aðalhlutverk: Nicolas Cage, Joacquin Phoenix, Peter Stormare, James Gandolfini. Leikstjóri: Joel Schumacher. 1999. Stranglega bönnuð börnum.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.05** Laugardagur til lukku **08.00** Fréttir **08.05** Músík að morgni dags **09.00** Fréttir
**09.03** Út um græna grundu
**10.00** Fréttir
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Krossgötur
**11.00** Vikulokin
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Laugardagsþátturinn
**14.00** Til allra átta
**14.40** Glæta
**15.30** Með laugardagskaffinu
**16.00** Fréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Orð skulu standa
**17.05** Fimm fjórðu
**18.00** Kvöldfréttir
**18.26** Leikhúsrottan
**19.00** Kringum kvöldið - Vínarvalsar, polkar og óperettulög.
**19.30** Stefnumót
**20.10** Hugsað heim (1:8)
**21.05** Pipar og salt
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.15** Flakk
**23.10** Danslög
**00.00** Fréttir
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

### SÝN

**08:30 Presidents Cup 2007 - Official**
**09:00 Evrópumótaröðin** Bein útsending frá þriðja degi Abu Dhabi mótsins á evrópsku mótaröðinni í golfi.
**13.00 NBA deildin** (Dallas - LA Lakers)
**14.50 Pro bull riding**
**15.45 World Supercross GP 2005-06**
**16.40 X-Games 2006 - þáttur 8**
**17.35 Football Icons**
**18.20 Spænski boltinn - upphitun**
**18.50 Spænski boltinn** Bein útsending frá leik Atletico Madrid og Osasuna.
**20.50 Box - Nicolay Valuev vs. Jaameel McCline** Bein útsending frá þriðju titilvörn Rússans Nikolays Valuevs, sem er WBA-heimsmeistari í þungavigt hnefaleika. Bardaginn fer fram í Sviss en viðlíka viðburður hefur ekki farið þar fram áður. Áskorandinn er Bandaríkjamaðurinn Jameel McCline.
**23.30 Hnefaleikar** (Kostya Tszyu - Ricky Hatton) Útsending frá viðureign Kostya Tszyus og Rickys Hattons frá því í júní á þessu ári. Ricky Hatton er ein allra skærasta stjarna Breta í boxinu.
**02.00 Box - Ricky Hatton vs.Luiis Callazo** Endursýndur bardagi.
**02.00 Box - Ricky Hatton vs. Juan Urango** Bein útsending frá bardaga um IBF-titilinn í léttveltivigt.

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar
**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

### DR 1

**6.30** Palle Gris på eventyr **6.50** Disney Sjov **7.50** Frikvarter **8.15** Barda **8.40** Dragejægerne **9.05** Troldspejlet **9.35** Lovens vogtere **10.00** Børneblæksprutten **10.15** Ungdomsprogram **10.30** Viften **11.00** TV Avisen **11.10** Andersen - historien om en digter **11.55** Krøniken **14.00** Krøniken Undervejs **14.45** Liz - historien om Elizabeth Taylor **16.10** Før søndagen **16.20** Held og Lotto **16.30** Pip og Papegøje **17.00** Mr. Bean **17.30** TV Avisen med vejret **17.55** SportNyt **18.05** Tæt på Dyrene **18.30** Max **19.00** Matador **20.15** Kriminalkommissær Barnaby **21.50** Farlig impuls **23.50** Boogie Listen

### NRK 1

**6.30** Pysjpopbaluba **6.40** Bosse **6.50** Harry med bøtta full av dinosaurer **7.00** Mikkes klubbhus **7.45** Jubalong **8.30** Kårni og Børni **9.00** NRKs sportslørdag **9.05** NM på ski 2007 **11.00** V-cup alpint **12.15** NM på ski 2007 **13.45** V-cup skiskyting **14.30** VM skøyter sprint 2007 **16.00** V-cup hopp **16.45** Sport i dag **17.00** Jubalong **17.30** Barna på Luna **18.00** Lørdagsrevyen **18.45** Lotto-trekning **18.55** Riksarkivet **19.20** Melodi Grand Prix 2007: Folkefest i Alta **20.30** Med hjartet på rette staden **21.15** Fakta på lørdag: Siste nytt **22.10** Kveldsnytt **22.25** Stikket

### SVT 1

**7.00** Bolibompa hälsar på **7.01** Meckar-Micke **7.15** Dagens visa **7.20** Zoé Kézako **7.35** I Mumindalen **8.00** Evas funkarprogram **8.15** Klister **8.50** Naturnollorna **9.20** Alpint: Världscupen Cortina **11.00** Svenska Idrottsgalan 2007 **13.30** Falkenbergsrevyn Blåsningen **14.00** Uppdrag Granskning **15.00** Antikrundan **16.00** Så ska det låta **17.00** Jack Frost **17.30** Hoppa högst **18.00** Skokartongens hemlighet **18.25** Radiohjälpen hjälper - Guatemala **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** På spåret **20.00** Försvunnen **20.45** Håll tyst, världen! **21.15** Bingo Royale **22.00** Rapport **22.05** Budskapet **1.00** Sändningar från SVT24


Treystum tengslin
norður yfir heiðar

Í dag opnum við nýja og glæsilega verslun að Baldursnesi 6, Akureyri

Frábær opnunartilboð í verslunum okkar á Akureyri og í Kópavogi



Hjá Tengi getur þú valið um alla breiddina, það glæsilegasta jafnt sem hagkvæmasta bæði í verði og útliti, fyrir eldhúsið, baðið og þvottahúsið, í meiriháttar úrvali.

Komdu, upplifðu úrvalið, skoðaðu nýjar lausnir og fáðu skemmtilegar hugmyndir.

kaffi og meðlæti milli kl. 10-15

Tilboðsdagar



**Ifö**
**handlaugar**
Ifö Sign - nýja línan frá Ifö. Auðveld í þrifum, fallegar og nettar.
tilboð:
**25% afsláttur**



**mora**
**blöndunartæki**
Þekkt fyrir gæði sem fara skínandi vel í eldhúsinu eða á baðinu.
tilboð:
**25% afsláttur**



**intra**
**eldhúsvaskar**
Framleiddir úr gæðastáli og fást í fjölbreyttum gerðum og formi.
tilboð:
**25% afsláttur**



**GEBERIT**
**innbyggt salerni**
Vegghengt salerni með innbyggðum kassa og harðri setu.
tilboð:
**34.900kr.**



**Sundance Spas**
**Heitir pottar**
Eigðu unaðsstundir í náttúrunni í ríkulega búnum potti.
**Athyglisverð tilboð!**

**Hannaðu heimilið með Tengi**

**Opið:**
Virka daga 08-18
Laugardaga 10-15

TENGI

Smiðjuvegur 76 Kópavogur Sími 414 1000 Fax 414 1001 tengi.is
Baldursnes 6 Akureyri Sími 414 1050 Fax 414 1051

H:N markaðssamskipti / SIA

## HRÓSIÐ ...



*... fær Brynja Gunnarsdóttir sem lék áhættuatriðin fyrir Elvu Ósk Ólafsdóttur í kvikmyndinni Kaldri slóð, og gerði það með miklum ágætum.*

# Gaupi með Bogdan-hattinn til Þýskalands

„Það hefur allt verið brjálað að gera hjá mér í skólanum og mér hefur ekki gefist neitt tækifæri til að undirbúa mig. Ég á meira að segja eftir að kaupa spólur til að leikina upp,“ segir Margrét Sigfúsdóttir, skólastýra Húsmæðraskólans og móðir varnartröllsins Sigfúsar Sigurðssonar sem verður í eldlínunni með íslenska landsliðinu þegar HM í handknattleik hefst í dag. „Sigfús vill nefnilega horfa á leikina þegar hann kemur heim í sumar,“ bætir hún við. Maðurinn hennar, Sigurður Petersen, verður víðs fjarri þegar lætin hefjast en hann fylgdi syni sínum og landsliðinu til Þýskalands og hyggst styðja vel við bakið á sínum mönnum. „Dóttir mín verður mér til halds og traust,“ segir Margrét.

Guðjón Guðmundsson íþróttafréttamaður var kominn langleiðina til Minden þegar Fréttablaðið hafði uppi á honum. Sonur hans, Snorri Steinn, stýrir sóknarleik íslenska landsliðsins og ætlaði fjölskyldan að styðja vel við bakið á honum í Magdeburg þar sem riðill landsliðsins verður spilaður. „Ég er rólegri en oft áður,“ svarar Guðjón aðspurður hvort ekki muni heyrast vel í honum frá stúkunni. Íþróttafréttamaðurinn er eldri en tvævetur í þessum fræðum, var lengi aðstoðamaður Bogdan Kowalczyk, landsliðsþjálfarans goðsagnakennda. Aðspurður hvort einhver hjátrú fylgdi honum frá árunum með landsliðinu sagði Guðjón að hún hefði skánað þótt vissulega væri hún enn til staðar. „Þegar við vorum á HM í Sviss 1986 keypti ég mér reyndar hatt sem gekk undir nafninu Bogdan - hatturinn,“ segir Guðjón en á því móti náði landsliðið sjötta sætinu. „Hann fékk að fylgja með til öryggis,“ viðurkennir Guðjón. - fgg



**GUÐJÓN OG SNORRI** Var kominn langleiðina til Minden og ætlaði að láta vel í sér heyra þegar keppnin hæfist.



**MARGRÉT OG SIGFÚS** Margrét lætur sér nægja að styðja strákinn heima í stofu.



**LÁRÉTT** **2** svei **6** rykkorn **8** neðan **9** fum **11** tveir eins **12** eftirsjá **14** jafna **16** grískur bókstafur **17** sjónvarpsstöð **18** keyra **20** í röð **21** tikka.

**LÓÐRÉTT** **1** vökvi **3** tveir eins **4** splunkunýr **5** forsögn **7** frekja **10** traust **13** þangað til **15** svari **16** fálm **19** frá.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2** fuss, **6** ar, **8** upp, **9** fát, **11** áá, **12** iðrun, **14** rúnna, **16** pí, **17** sýn, **18** aka, **20** rs, **21** tifa.

**LÓÐRÉTT:** **1** safi, **3** uu, **4** spánnýr, **5** spá, **7** ráðríki, **10** trú, **13** uns, **15** ansi, **16** pat, **19** af.

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



**STEINGRÍMUR OG EDDA** Edda fór að læra myndlist þegar hægðist um í stjórnmálunum hjá Steingrími og heldur sína fyrstu einkasýningu á 70. afmælisdaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

EDDA GUÐMUNDSDÓTTIR: RÁÐHERRAFRÚ HELDUR EINKASÝNINGU

# Steingrímur smíðar rammana

„Fjölskyldan var búin að hvetja mig svo lengi að halda sýningu, sérstaklega mamma sem er að vera 98 ára, og ég ákvað að bíða ekki lengur heldur láta verða af því,“ segir Edda Guðmundsdóttir, listmálari og fyrrverandi forsætisráðherrafrú, sem opnar sína fyrstu einkasýningu á sunnudag.

Svo skemmtilega vill til að opnunina ber upp á sama dag og frú Edda verður sjötug. „Það ýtti því af stað að geta sameinað þetta tvennt og ég vona að þetta verði jafn ánægjulegur afmælisdagur og þeir sem ég hef átt fram að þessu.“

Edda er gift Steingrími Hermannssyni, fyrrverandi forsætisráðherra, og hefur dundað við myndlist frá því hún var ung. „Það var hins vegar ekki fyrr en í kringum 1992, þegar hægðist um í stjórnmálunum hjá Steingrími, að mér gafst tóm til að fara í myndlistarnám. Ég byrjaði að læra hjá Myndmáli Rúnu, var svo mörg ár í Myndlistarskólanum í Reykjavík og hef tekið þátt í nokkrum samsýningum.“

Það úir og grúir af ólíkum stílum í olíumálverkum Eddu enda kveðst hún eiga bágt með að skýra hvert hún sæki innblástur. „Ég er ekki bundin á klafa hefðanna, langt því frá. Ég var aðallega í frjálsri málun og módelteikningu og er mikið fyrir að prófa eitthvað nýtt.“

Þótt Edda hafi ekki tranað verkum sínum fram hingað til segist hún hafa fengið góð viðbrögð hjá þeim sem hafa barið verkin augum. „Fjölskyldan virðist kunna að meta þau, börnin eru nær eingöngu með málverk eftir mig á veggjunum hjá sér.“ Auk þess nýtur Edda þess að hafa hagleiksmann á heimilinu, sem rekur smiðshöggið á verkin í orðsins fyllstu merkingu. „Steingrímur er svo laghentur og smíðar rammana utan um öll málverkin og hengir þau upp fyrir mig. Steingrímur hefur ákveðinn smekk á myndlist, við erum ekki alltaf sammála en hann hefur gott auga.“

Sýning Eddu er haldin að Garðatorgi 7 í Garðabæ og er opin milli klukkan 15 og 18 alla daga til 28. janúar. **bergsteinn@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Mikil spenna er í tengslum við mikla fimmtugsafmælisveislu **Ólafs Ólafssonar**, sem kenndur er við Samskip, í kvöld. Tímaritið Sirkus greindi frá því í gær að leynd hvíli yfir því hvaða erlendur skemmtikraftur muni troða upp í Ísheimum, frystivörumiðstöð Samskipa, þar sem veislan verður. En sá mun þiggja 70 milljónir fyrir að koma fram. Fréttablaðið hefur fyrir satt að þar sé um stórstjörnu úr poppheimum að ræða. Þótti því ekki tilhlýðilegt annað en tefla fram því besta sem mörlandinn hefur upp á að bjóða í samanburði og geta landsmenn kinnroðalaust horft til þess að í veislunni mun jafnframt syngja sjálfur Bó – **Björgvin Halldórsson**.



Undirbúningur fyrir vikurit hjónakornanna **Sigríðar Daggar Auðunsdóttur** og **Valdimars Birgissonar** sendur nú sem hæst og er stefnt að því að fyrsta blaðið komi út 15. febrúar. Verður þar um að ræða pakkfullt blað fréttaefnis og afþreyingar, alls áttatíu síður. Þrátt fyrir að Valdimar og Sigríður eigi djúpar rætur í Fréttablaðinu hefur verið samið við Morgunblaðið um að prenta og segir það sitt um útlit blaðsins en prentsmiðja Moggans prentar ekki glanspappír.



**Auðunn Blöndal** nýtur nú ljúfa lífsins og hugsar næstu skref eftir að Tekinn rann sitt skeið. Fyrsta verk hans var að skella sér á HM í handbolta þar sem hann tekur upp efni fyrir vefsíðu Í blíðu og stríðu, stuðningsmannaklúbbs landsliðsins. Auðunn kemur aftur til landsins á mánudag og fer þá að hugleiða hvað hann tekur sér næst fyrir hendur. - jbg/hdm



Útsala
Útsala
BOHEMIA vöruhús
20-80% afsláttur af öllum vörum
Verðdæmi:
Stækkanlegt borðstofuborð, Natur Eik eða amerísk Hnota
stærð: 160/240x100x76
verð áður: 112.970,- verð nú: 69.000,- 40%
Stofuskenkur, Natur Eik eða amerísk Hnota
stærð: 150x46x85
verð áður: 92.950,- verð nú: 59.000,- 36%
Tungusófi 6 manna, tauáklæði
verð áður: 141.570,- verð nú: 59.000,- 60%
Stofustóll, PU, svartur, hvítur eða rauður
verð áður: 24.500,- verð nú: 4900,- 80%
Baðinnrétting m/blöndunartækjum
verð áður: 70.070,- verð nú: 29.900,- 57%
Mikið úrval af Eikar- og Hnotuhúsgögnum á útsölunni
Sjón er sögu ríkari
Bohemia vöruhús - Askalind 2 - Kópavogi - Opið virka daga 10-18 og laugardaga 10-16

# Grínari verður kosningastjóri

„Þetta er miklu meiri áskorun heldur en að láta rasskella sig á bílaþvottastöð,“ segir Gunnar Sigurðsson, sem ráðinn hefur verið kosningastjóri Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi. Gunnar er fyrir löngu landsþekktur, fyrst fyrir innlegg sín í kvöldþátt Guðmundar Steingrímssonar og ekki síst strákapör sín með Strákunum á Stöð 2. „Þetta er eins og að tippa á meðan maður horfir á enska boltann, þetta starf gerir leikinn bara skemmtilegri og kosninganóttina meira spennandi,“ útskýrir hann.

Gunnar virðist hins vegar vera kominn á rétta hillu í hringiðu stjórnmálanna því hann er menntaður stjórnmála- og stjórnsýslufræðingur. „Reyndar var allt sem ég gerði með Strákunum svo þaulskipulagt og úthugsað að þetta er ekki mikil breyting,“ upplýsir hann; segir frambjóðendur flokksins vera tilbúna til að gera hvað sem er og útilokar ekki að þeir kunni að taka við áskorunum frá kjósendum eins og tíðkaðist hjá Strákunum.

Markmið Gunnars fyrir framtíðina liggja hins vegar alveg ljós fyrir. „Fyrst fór ég í sjónvarpið til að kynna mig, svo geng ég til liðs við stjórnmálaflokk og áður en fólk veit af verð ég farinn að stjórna landinu,“ segir Gunnar. - fgg



**KOSNINGASTJÓRI SAMFYLKINGARINNAR** Gunnar Sigurðsson (t.h) hefur horfið frá fíflaskap á borð við þann að klæða sig í bleikan sundbol og tekið að sér starf kosningastjóra hjá Samfylkingunni í Norðvesturkjördæmi.

# Janúartilboð



## Stafræn framköllun í janúar

aðeins **25 kr** myndin

Framkallaðu myndirnar þínar
og varðveittu minningarnar
á öruggan hátt

**25**
**kr. stk.**



## Útsalan hafin

**Allt** að **60%** afsláttur









HANS PETERSEN

Bankastræti • Fjörður • Kringlan • Laugavegur 178 • Smáralind

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
**Stórmarkaður í stofunni heima**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS




**BAKÞANKAR**
**GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR**

## *Leynibyrgið*

Alltaf er að koma betur og betur í ljós hvers lags skandall felst í málefnum Byrgisins, en það mál er um það bil að stimpla sig inn í sögubækurnar sem eitthvað sóðalegasta mál síðari ára á Íslandi. Ekki bara hefur málið sérstöðu að því leyti að limur forstöðumanns hefur verið sýndur í fréttatíma – sem er sjaldgæft – heldur er málið einnig allt hið svívirðilegasta þegar kemur að meðferð opinbers fjár og annarra.

**NAFNIÐ** Byrgið virðist hafa verið sérlega viðeigandi svona eftir á að hyggja. Hér virðist hafa verið um sannkallað neðanjarðarbyrgi að ræða, skuggalegt leynibyrgi, jafnvel dýflissu. Sem slíkt virðist Byrgið meira að segja samkvæmt fréttaflutningi hafa verið búið þó nokkrum tækjum og búnaði sem eru í anda slíkra vistarvera, s.s. handjárnum, leðurgöllum og svipum.

**ÞAÐ** er kannski í stíl við alla þá myrku leynistarfsemi sem þarna á að hafa farið fram á vegum forstöðumanns, að svartri (mjög víðeigandi orðalag) skýrslu um fjármál Byrgisins skyldi hafa verið haldið leyndri í mörg ár. Margir bentu á það við upphaf málsins að í því fælist ekki síðri skandall en meint kynlífsóreiða forstöðumanns, sem er nýtt hugtak smíðað af þessu tilefni. Fjármálaóreiðan mun ekki hafa verið síðri.

**HIÐ** ljóta við þá óreiðu er það, að svo virðist sem bæði frjáls framlög – veitt af hendi almennings í góðri trú – sem og opinbert fé hafi verið notað í alls kyns bruðl forstöðumannsins. Pólitíski skandallinn er síðan sá að flest bendir til að forstöðumaður hafi komist upp með þetta hátterni sitt þrátt fyrir að framámenn í stjórnmálum, einkum í öðrum stjórnarflokkanna, hafi vitað af hinni áðurnefndu svörtu skýrslu um fjármálin.

**HINN** almenni þingmaður, sem barðist margur fyrir því í góðri trú að Byrginu yrði haldið á floti fjárhagslega, hafði enga vitnesku um þessa skýrslu, sem var unnin af varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins á sínum tíma. Sú óreiða sem þar er lýst hefur nú verið staðfest með skýrslu Ríkisendurskoðunar, en í millitíðinni hafa tugir milljóna af opinberu fé runnið til Byrgisins, til þess eins að verða óreiðunni að bráð.

**HÉR** eiga mörg kurl eftir að koma til grafar. Af hverju þögðu þeir þingmenn um Byrgið sem vissu af fjármálaóreiðu þess? Var verið að halda verndarhendi yfir Byrginu? Þessu þarf að svara. Og annað er líka kristaltært. Núna þegar búið er að loka þessa myrka svartholi er mikilvægt að tryggja meðferðarúrræði fyrir þá sem voru vistmenn á staðnum, og þá meina ég fagleg úrræði. Þessi ábyrgð hvílir á ráðherranum nú, og reyndar ekki bara í þessu afmarkaða máli, heldur þarf að skoða meðferðarúrræði í heild sinni.

**ÞETTA** mál er eitt stórt svipuhögg á kerfið, svo notað sé viðeigandi orðalag. Og varðandi þá þingmenn sem þögðu, er von maður spyrði: Í hvers slags handjárnum voru þeir?


# ÚTSÖLUNNI lýkur á morgun

## 21. janúar

© Inter IKEA Systems B.V. 2007

IKEA®

Opið 10:00 - 20:00 virka daga | Laugardaga kl. 10:00 - 18:00 | Sunnudaga kl. 12:00 - 18:00 | www.IKEA.is